


skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk










# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
28. ágúst 2012
201. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Gríðarleg viðurkenning**
*Franski fjölmiðlarisinn Prisma gefur út Sólkross Óttars M. Norðfjörð og vill kvikmynda bókina.*
fólk 34

**Írsk veisla á Lókal**
*Sviðsverk frá Írlandi sköruðu fram úr á Lókal í ár að mati gagnrýnanda.*
menning 26



**KR tapaði stigum**
*KR gaf eftir í toppbaráttu Pepsi-deildar karla í gær.*
sport 30

**veðrið í dag**




**HVESSIR** Í dag má búast við N- og NA-áttum, víða 8-13 m/s en heldur hvassara verður við SA-ströndina. Nokkuð bjart sunnan- og vestan til en annars fremur skýjað og rigning eða skúrir.
VEÐUR 4

# Helmingur tekna Hörpunnar rennur til Reykjavíkurborgar

**Önnur hver króna af tekjum Hörpu fer í að greiða fasteignagjöld. Borgarstjóri og ráðherrar funda á næstunni um málefni Hörpu. Ekki hægt að taka eina tegund skatta út fyrir sviga, segir formaður borgarráðs.**

**STJÓRNSÝSLA** Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, eignarhaldsfélags Hörpu, segir að verði fasteignagjöldin af Hörpu ekki lækkuð sé það vandamál sem eigendurnir, ríki og Reykjavíkurborg, þurfi að glíma við.

„Við ráðum ekki við þetta. Við erum með tvær milljónir króna í tekjur á dag og borgum eina milljón í fasteignagjöld á dag. Enginn rekstur á Íslandi ræður við þetta.“

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir ljóst að ríkið hafi gert ráð fyrir mun lægri fasteignagjöldum. „Þessi upphæð hefur auðvitað komið upp í samræðum okkar við borgina, en þær umræður standa yfir.“ Spurð hvort ríkið muni gera kröfu á borgina, sem fær auknar tekjur með hærri fasteignagjöldum, um að auka hlutdeild sína í rekstrarkostnaði, segir hún: „Við munum meðal annars fara yfir þetta.“

> Þess vegna hefðu fasteignagjöldin í Hörpu ekki átt að koma neinum á óvart
>
> DAGUR B. EGGERTSSON, FORMAÐUR BORGARRÁÐS

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að forsendurnar fyrir yfirtöku hússins hafi verið að borgin yki ekki framlag sitt frekar en þegar hefði verið samþykkt. En þýða auknar tekjur með hærri fasteignagjöldum ekki í raun lægra framlag? „Nei. Fasteignagjöld eru hluti af föstum rekstrarkostnaði hvaða byggingar sem er.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru fasteignagjöld á Hörpu hærri en af 12 menningar- og íþróttahúsum samanlagt. Dagur segir það einfaldlega þýða að Harpa sé það mikið verðmætari en þau hús.

„Þess vegna hefðu fasteignagjöldin í Hörpu ekki átt að koma neinum á óvart, því ríki og borg tóku við Hörpu á ákveðnu verði. Það verð tekur mið af þeirri leigu sem ríki og borg voru búin að tryggja húsinu.“

Almennt greiða sveitarfélög fasteignagjöld af menningarhúsum sem þau reka. Það gildir til dæmis um Hof á Akureyri. Harpa er hins vegar í sameiginlegri eigu ríkis og borgar og reksturinn er í sérstöku félagi. En kemur til greina að eigendurnir greiði fasteignagjöldin?

„Það var ekki hluti af forsendunum í upphafi að taka eina tegund skatta út fyrir sviga og segja að um hana gildi sérreglur. Það var þvert á móti gert ráð fyrir því að þetta hús mundi greiða gjöld eins og önnur hús en reksturinn fengi þennan myndarlega styrk frá ríki og borg, í því formi að þau borguðu leiguna af því.“ - kóp



**TEMMA BELL** Listmálarinn Temma Bell málar Esjuna á hverjum degi í stuttri Íslandsheimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Temma Bell heimsækir landið sitt í nokkra daga og málar Esjuna sem fyrr:

# Byggt fyrir útsýnið úr íbúðinni

**FÓLK** „Ég gat málað Esjuna úr íbúðinni en nú er búið að byggja fyrir,“ segir listakonan Temma Bell, sem í gær stóð vaktina við Skúlagötu og málaði Esjuna.

Temma er dóttir hjónanna Louisu Matthíasdóttur listmálara og Lelands Bell. Hún býr í Bandaríkjunum ásamt Ingimundi Kjarval, eiginmanni sínum, en kveðst koma til Íslands eins oft og hún geti. Temma er með íbúð á Hverfisgötu og er hér í heimsókn í nokkra daga.

„Mér finnst mjög skemmtilegt og gott að mála hérna og er búin að mála á hverjum degi,“ segir Temma. Hún kveður auðsvarað hvert eftirlætismyndefnið sé. „Það er auðvitað Esjan. Hún er alltaf að breytast og maður verður aldrei leiður á því að mála hana. En eftir að byggt var fyrir þar sem ég dvel þarf ég að fara hingað niður eftir til að sjá hana alveg.“

> Það er auðvitað Esjan. Hún er alltaf að breytast og maður verður aldrei leiður á því að mála hana.
>
> TEMMA BELL LISTMÁLARI

Að sögn Temmu hefur gangandi fólki fjölgað mjög við Skúlagötuna.

„Það er svo mikið af útlendingum að hlaupa þarna um. Ég þarf að einbeita mér og reyni að horfa ekki of mikið á fólkið – þá kannski sér það mig ekki,“ segir Temma og hlær.

Eftir stutt stopp liggur leið Temmu á ný út. „Ég á að vera málari en við Ingimundur erum með bóndabæ og það er erfitt að vera lengi í burtu þegar það er svo mikið að gera heima,“ segir listakonan og heldur á vit sauðfjár, nauta, svína og hænsna. - gar

Eftirstöðvar Ólympíuleika:

# Stórtapaði á öryggisgæslu

**LONDON Til stendur að rannsaka öryggisgæslufyrirtækið G4S, en það sá um gæslu á Ólympíuleikunum í London. Gríðarlegt tap varð af því verkefni, en fyrirtækið gat aðeins útvegað 7 þúsund verði af þeim 10.400 sem samið hafði verið um. Guardian greinir frá þessu.**

**Reiknað er með að sex mánaða uppgjör sýni allt að 50 milljóna punda tap á rekstri fyrirtækisins, en það er í einkaeigu. Framkvæmdastjóri þess, Nick Buckles, hefur viðurkennt að frammistaða þess á leikunum hafi verið til skammar, en samningurinn hljóðaði upp á 284 milljónir punda.**

**G4S sér einnig um öryggisgæslu á Ólympíuleikum fatlaðra, sem hefjast á morgun. Fyrirtækið mun hins vegar ekki bjóða í gæsluna á HM í knattspyrnu sem fer fram í Brasilíu árið 2014.** - kóp


Ný bók
eftir metsöluhöfundinn
Jodi Picoult




www.forlagid.is

Skyr




Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

## SPURNING DAGSINS



*Kristlaug María, eruð þið ber í myndinni?*

„Já, þetta er mjög safarík mynd og það sést í smá appelsínuhúð.“

Kristlaug María Sigurðardóttir er höfundur og framleiðandi kvikmyndarinnar um Ávaxtakörfuna sem frumsýnd verður í vikunni.

Stofn norsk-íslenskrar síldar mælist 7,2 milljónir tonna og staðfestir neikvæða þróun síðustu fjögur ár:

# 1,5 milljónir tonna af makríl við Ísland

**SJÁVARÚTVEGUR** Um 5,1 milljón tonna af makríl mældist í sex vikna rannsóknarleiðangri Íslendinga, Færeyinga og Norðmanna í sumar og þar af 1,5 milljónir tonna innan íslenskrar efnahagslögsögu. Það er um 29% af heildarmagninu á rannsóknasvæðinu, að því er Hafrannsóknastofnun greinir frá.

Rannsóknirnar voru um borð í fjórum skipum frá Íslandi, Færeyjum og Noregi en markmið leiðangursins var að kortleggja útbreiðslu og magn makríls og annarra uppsjávarfiskistofna í Norðaustur-Atlantshafi meðan á ætisgöngum þeirra um norðurhöf stendur ásamt því að kanna ástand sjávar og átustofna á svæðinu.

Þó svo að niðurstöður þessar séu ekki enn þá lagðar til grundvallar mati á heildarstofnstærð makríls innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) staðfesta þær, líkt og leiðangrar fyrri ára, víðáttumikla útbreiðslu makrílsins. Þá sýna þær að elsti makríllinn ferðast lengst í sínum ætisgöngum í NA-Atlantshafi á sumrin.

Skörun á útbreiðslu makríls og síldar var einkum vestan til í Austurdjúpi og austur af Íslandi. Á austanverðu hafsvæðinu var lítið af síld. Bergmálsvísitala norsk-íslenskrar síldar mældist 7,2 milljónir tonna og niðurstöður leiðangursins síðustu fjögur ár sýna því svipaða neikvæða þróun stofnstærðar og mat Alþjóðahafrannsóknaráðsins er.

Yfirborðshiti sjávar í Norðaustur-Atlantshafi var að öllu jöfnu yfir langtímameðaltali. - shá



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Eitt fjögurra skipa sem tóku þátt í rannsóknaleiðangri þar sem útbreiðsla og magn makríls og annarra tegunda var kortlögð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á LJÓNAVEIÐUM** Engin ummerki fundust um ferðir meints flóttaljóns í Essex og hætti lögregla leit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikill viðbúnaður í Bretlandi:

## Hættu leit að ljóni í Essex

**BRETLAND, AP** Lögregla hætti í gær leit að ljóni sem frést hafði af í Essex-héraði í suðurhluta Bretlands á sunnudagskvöld.

Fólk sem gisti í hjólhýsum í nágrenni smábæjarins St. Osyth gerði lögreglu viðvart um ljónið meinta.

Lögregla tók enga áhættu í þessum efnum og sendi út leitarlið sem kembdi nágrennið auk þess sem tvær þyrlur með hitanema leituðu úr lofti. Þrátt fyrir það fundust engin ummerki um dýrið og því var leit hætt síðdegis. - þj

Reyndu að ræna 10-11:

## Flúðu þegar ýtt var á takkann

**LÖGREGLUMÁL Tveir átján ára piltar í annarlegu ástandi gerðu tilraun til að ræna verslun 10-11 í Arnarbakka í Breiðholti í fyrrakvöld. Piltarnir komu hettuklæddir inn í verslunina á ellefta tímanum, báðir vopnaðir hnífum, og ógnuðu öryggisverði Securitas sem annaðist afgreiðslu í búðinni.**

**Þegar starfsmaður ræsti öryggiskerfi með því að þrýsta á hnapp stukku piltarnir tveir á flótta og höfðu því ekkert upp úr krafsinu. Þeir voru handteknir síðar um kvöldið, látnir gista í fangaklefa og voru síðan yfirheyrðir síðdegis í gær.** - sh

# Til Íslands að leysa fjölskylduráðgátuna

**Sonarsonur ítalsks manns, sem stakk af frá fjölskyldunni fyrir meira en hálfri öld og gerði við klukkur í Keflavík, er á Íslandi til þess að afla upplýsinga um þennan horfna afa sinn. Í leiðinni er hulunni svipt af vel varðveittu fjölskylduleyndarmáli.**

**MANNLÍF** Ítalski verkfræðingurinn Giuseppe Massaro er staddur hér á landi til að fræðast um afdrif afa síns Salvatore Massaro en enginn veit af hverju hann tók sig til og flutti til Íslands árið 1954. Bjó hann hér á landi til dauðadags árið 1960.

Brotthvarf Salvatores Massaro olli miklu róti sem verið hefur viðvarandi í stórfjölskyldunni allar götur síðan.

„Afi var sendur til Eþíópíu í stríðinu meðan Ítalir voru með sitt hernaðarbrölt þar,“ segir Massaro. „Þá var hann tekinn til fanga og sat um árabil í breskri dýflissu. Svo þegar hann sneri aftur til Sikileyjar, þaðan sem ég er, ákvað hann að flytja á brott. Hann dvaldi um hríð í Róm en fór svo til Íslands af einhverjum ástæðum sem enginn veit.“

Frá því að Giuseppe Massaro kom til landsins hefur hann spurst fyrir um afa sinn en brotthvarf hans var slíkt hneykslismál á Sikiley að ekki var um hann talað. „Hvorki amma né pabbi minntust á hann og fóru undan í flæmingi þegar á þau var gengið,“ segir Massaro.

„Ég hef hins vegar komist að ýmsu hér á Íslandi enda hefur fólk verið afar vinsamlegt og hjálplegt. Mér þykir náttúrlega mest um það að allir bera honum vel söguna. Hann hefur greinilega verið góður maður en fólk hefur einnig sagt mér að hann hafi verið svolítið einfari og að einhver depurð hafi verið yfir honum,“ segir Massaro.

„Ég komst líka að því að hann sendi ömmu ávísun og leiðbeiningar um það hvernig pabbi, sem þá var á unglingsaldri, átti að koma sér til Íslands.“

Af þessari ferð varð þó aldrei að sögn Massaro en hann segir ömmu sína hafa sagt að bankinn hafi hafnað ávísunni. „Mig grunar þó að það hafi ekki verið ástæðan heldur hitt að amma vildi ekki sjá á eftir syni sínum til Íslands.“

Faðir Giuseppes Massaro Íslandsfara lést á síðasta ári en fjölskyldan hefur fylgst vel með framgangi mála í ferðinni.

„Mér finnst eins og það hafi náðst sátt í stórfjölskyldunni eftir að þetta allt kom í ljós. Og þegar ég sá grafreit afa míns hér á Íslandi fannst mér eins og meinið sem hlaust af brotthvarfi hans hefði horfið. Ég heyri það líka á fólkinu mínu úti að það ríkir nú loksins sátt.“

jse@frettabladid.is



**GIUSEPPE MASSARO** Veit núna að afi hans vann við vegagerð og viðgerðir á klukkum í Keflavík þau sex ár sem hann bjó hér á landi um miðja síðustu öld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Skiptafundur

**SETTIST AÐ Í KEFLAVÍK** Salvatore Massaro kom hingað til lands árið 1954 og bjó í Keflavík. Hann vann fyrstu þrjú árin við vegavinnu og hafnargerð en síðar setti hann upp verkstæði þar sem hann gerði við klukkur og heimilistæki enda var hann afar flinkur í höndunum. Hann lést árið 1960. Eftir andlátið birtist auglýsing um dánarbúið í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu.

## Gísli J. Ástþórsson látinn

Gísli J. Ástþórsson, fyrrverandi blaðamaður Morgunblaðsins, teiknari og rithöfundur, lést á laugardaginn, 89 ára að aldri.



Gísli fæddist í Reykjavík 5. apríl 1923. Hann lauk BA-prófi í blaðamennsku frá University of North-Carolina árið 1945, en hann var fyrsti Íslendingurinn með háskólapróf í því fagi. Gísli var ritstjóri fréttablaðsins Reykvíkings, Vikunnar og síðar Alþýðublaðsins. Þar birtust fyrstu ádeiluteikningar hans við upphaf þorskastríðsins árið 1958. Hann starfaði á Morgunblaðinu frá 1973 til 1993, en þar hafði hann starfað í upphafi ferils síns.

Eftir Gísla liggja átta bækur, auk sex kilja með myndasögum um Siggu Viggu og félaga. Þá hefur hann skrifað fjögur leikverk.

Eftirlifandi eiginkona Gísla er Guðný Sigurgísladóttir og eignuðust þau þrjú börn.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fékk yfir sig sjóðandi vatn

Karlmaður fékk yfir sig sjóðandi heitt vatn við vinnu sína í Reykjanesbæ um helgina. Maðurinn brenndist á höfði og höndum og var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til aðhlynningar. Hann var að skrúfa frá krana til að hleypa þrýstingi á vél þegar slysið varð.

### Bíll féll ofan á mann

Maður slapp betur en á horfðist þegar bíll féll ofan á hann í Grindavík á dögunum. Hann hafði tjakkað bílinn upp til að laga bensíntankinn þegar tjakkurinn gaf sig og bíllinn skall á bringu hans. Maðurinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en meiðsl hans voru talin minniháttar.

DKR Áheyrnarpróf



Áheyrnarpróf fyrir nýja meðlimi í Drengjakór Reykjavíkur fara fram í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 29. ágúst, kl. 17.00-18.30.
Áhugasamir 8-11 ára drengir eru velkomnir. **Upplýsingar gefur: Friðrik S. Kristinsson í síma 896-4914 eða fsk@kkor.is**

Forsætisráðherra Dana ræðir makrílmálin við Jóhönnu Sigurðardóttur:

# Styður aðildarumsókn Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Helle Torning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, segir Dani styðja umsókn Íslendinga að Evrópusambandinu. Hún var í heimsókn hér á landi í gær og ræddi Evrópumál og makríldeiluna við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

„Danmörk og Ísland eru góðir nágrannar og vinátta landanna stendur á gömlum merg. Við höfum auðvitað rætt vandann sem ríkir í Evrópu og ástandið þar. Einnig þróunina sem mun eiga sér stað í Evrópu í nánni framtíð. Við fjöllluðum um aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu og viðræðurnar um makrílveiðar hafa þá óneitanlega borið á góma. Það málefni er auðvitað ofarlega á baugi bæði í ESB og á Íslandi,“ sagði Torning-Schmidt í samtali við Stöð 2.

Danski forsætisráðherrann heimsótti Þingvelli og gekk um þjóðgarðinn með Jóhönnu og Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði. Héðan er förinni heitið til Grænlands til viðræðna við þarlenda ráðamenn, meðal annars um varnarmál.

Jóhanna segir danska forsætisráðherrann hafa talað máli Íslendinga vel í Evrópusambandinu.

„Við höfum notið góðs af því að Danir hafa verið mjög jákvæðir eins og margar aðrar þjóðir innan Evrópusambandsins og formennskan hefur verið hjá Helle núna og það hefur hjálpað okkur mikið,“ sagði Jóhanna í samtali við Stöð 2. - kóp



**LÉTT Í LUND** Danski forsætisráðherrann heimsótti Alþingi og hitti Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þingforseta. Léttara var yfir stemningunni á þingi en oft áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!
VÍS HEFUR MARKAÐ SÉR METNAÐARFULLA NÝJA STEFNU OG ÚTLIT Í TAKT VIÐ HANA
Við trúum því að góð þjónusta felist í því að sjá fyrir hvar áhættan liggur og veita viðskiptavinum okkar hugarró með forvörnum. Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar í þjónustu sinni við viðskiptavini.
Við leggjum áherslu á forvarnir í þeim tilgangi að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu í heild. Hjá okkur snúast tryggingar um fólk.
VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

## GENGIÐ 27.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,65 | 121,23 |
| Sterlingspund | 190,83 | 191,75 |
| Evra | 151,08 | 151,92 |
| Dönsk króna | 20,282 | 20,4 |
| Norsk króna | 20,739 | 20,861 |
| Sænsk króna | 18,346 | 18,454 |
| Japanskt jen | 1,5319 | 1,5409 |
| SDR | 183,18 | 184,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,4651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Der Spiegel um skoðanir Þýskalandskanslara á framtíð Evrópusambandsins:

# Merkel vill breyta sáttmála ESB

**EVRÓPA** Angela Merkel Þýskalandskanslari vill kalla leiðtoga Evrópusambandsins (ESB) saman fyrir lok árs til að ná saman um breytingu á sáttmála sambandsins. Þetta kemur fram í þýska blaðinu Spiegel og vefurinn Euobserver segir frá.

Óvíst er hvort Merkel verði að ósk sinni en hún hefur áður lýst yfir vilja til frekari pólitískrar samþættingar ESB-ríkja í skiptum fyrir frekari samruna í efnahagsmálum til að vinna gegn skuldavandanum á evrusvæðinu.



**SAMÞÆTTING** Der Spiegel segir Merkel vinna því fylgi að breytingar verði gerðar á sáttmála ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Spiegel segir Nikolaus Meyer-Landrut, ráðgjafa Merkel í Evrópumálum, róa að því öllum árum innan kerfisins í Brussel að hefja undirbúning nýs sáttmála.

Grundvallarreglur ESB eru bundnar í sáttmála og þurfa fulltrúar stjórnvalda og þjóðþings hvers lands, auk Evrópuþings og Framkvæmdastjórnar ESB að samþykkja breytingar.

Tillaga Merkels munu þó væntanlega mæta einhverri andstöðu, enda eru ekki allir á því að breytinga sé þörf. Til dæmis vinnur Hermann van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, nú að tillögum um aðgerðir til lausnar á vanda evrusvæðisins, en þær eiga að vera tilbúnar í október. - þj

Játaði sök verjandalaus:

# Fjórir mánuðir fyrir grasrækt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í gær hálfþrítugan Selfyssing í fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa haft 94 kannabisplöntur og 250 grömm af kannabislaufum í vörslu sinni. Lögregla fann fíkniefnin við húsleit í byrjun apríl síðastliðins og taldi ljóst að maðurinn hygðist selja efnin.

Maðurinn vildi ekki láta skipa sér verjanda og játaði það sem honum var gefið að sök. Hann hefur áður sætt refsingu, þar af fjórum sinnum fyrir fíkniefnabrot. - sh

Hart barist í Damaskus:

# Skjóta niður þyrlu hersins

**SÝRLAND Þyrla frá stjórnarher Sýrlands var skotin niður í Damaskus, höfuðborg landsins, í gærmorgun. Engar fregnir hafa fengist af manntjóni. Myndband sem sýnir þyrluna hrapa í ljósum logum gengur nú um netið og heyrast þar andspyrnumenn fagna atburðinum.**

**Stjórnarherinn hefur í auknum mæli beitt þyrlum og herþotum í stríðinu við uppreisnarmenn. Hart hefur verið barist í úthverfum borgarinnar í um það bil mánuð en þar að auki eru miklir bardagar í Aleppo, sem er stærsta borg landsins.** - jse

Fjórir ákærðir fyrir smygl:

# Sá eftirlýsti er enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Steinar Aubertsson, 29 ára maður sem íslensk lögregluyfirvöld lýstu eftir með aðstoð Interpol í lok júní vegna fíkniefnamáls, er enn ófundinn. Fjórir hafa verið ákærðir fyrir þátt sinn í málinu, en hann er ekki þeirra á meðal.



STEINAR AUBERTSSON

Í málinu er tvennt, karl og kona, ákært fyrir að skipuleggja innflutning á tæpu kílói af kókaíni til landsins. Rúmur helmingur þess fannst í farangri móður konunnar og manns hennar, en þau eru jafnframt ákærð fyrir að flytja efnin hingað til lands. Ákæran verður þingfest á fimmtudag. - sh

# Börn sjá hrikalegt ofbeldi

**Tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis sýnir þörfina á sérhæfðri sálgæslu fyrir börn. Börn verða vitni að hrikalegu ofbeldi, jafnvel þar sem lífi er ógnað. Áfengi og fíkniefni koma yfirleitt við sögu ofbeldismála.**

**FÉLAGSMÁL** Á því tæpa ári sem tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis hefur staðið yfir hefur sérfræðingur komið að nokkrum tilvikum þar sem konum höfðu verið veittir alvarlegir áverkar; jafnvel lífshættulegir. Fimm af 35 konum þurftu að leita sér aðstoðar á Bráðamóttöku Landspítala (LSH) fyrstu sex mánuðina sem verkefnið stóð yfir.



RAGNA B. GUÐBRANDSDÓTTIR

Verkefnið lýtur að því að veita börnum sem búa við heimilisofbeldi sérhæfða þjónustu. Sérfræðingur sinnir einungis málum barna sem verða vitni að eða eru viðstödd ofbeldi á milli foreldra á heimili sínu og lögregla er kölluð á staðinn. Aðkoman er oftar en ekki skelfileg, eins og gefur að skilja.

Ragna B. Guðbrandsdóttir, félagsráðgjafi og sérfræðingur í áfallavinnu með börn, hefur haft veg og vanda af vinnunni, en verkefnið hefur nú staðið í tæpt ár og lýkur um áramótin að óbreyttu.

„Það hefur ekki verið ákveðið hvort áframhald verður, eða í hvaða mynd það yrði. Reynslan sýnir hins vegar að full ástæða er að festa þetta starf í sessi.“

Af reynslu verkefnisins segir Ragna að endurtekið ofbeldi á heimilum þar sem börn dvelja virðist vera undantekning frekar en hitt. „Það virðist sem fólk staldri við og hugsi sinn gang. Það virðist vera að þegar fókusinn er settur á börnin sem verða vitni að svona átökum, og hvaða áhrif ofbeldið hefur á þau, að þá hugsi fólk sinn gang.“

Tölulegar upplýsingar liggja fyrir er lúta að fyrstu sex mánuðum verkefnisins og gefa glögga mynd af því sem við er að eiga. Ragna segir að í flestum tilvikum sé það eiginmaður eða sambýlismaður móður sem beitir ofbeldi eða í nær helmingi tilvika en fyrrverandi maki kom jafnframt oft við sögu.

Í þeim 36 málum sem Ragna kom að voru 68 börn á heimilunum. Þar af var 22 börnum veitt sérstök meðferð í kjölfarið, en þar af þurftu fimm börn aðeins eitt viðtal.

Misjafnt er hverjir óska eftir hjálp lögreglu í þessum málum. Oft eru það nágrannar sem hringja. Börn og konurnar kalla líka sjálf eftir hjálp. Algengt er að um andlegt ofbeldi sé að ræða auk hótana, og oft hefur mikil eyðilegging átt sér stað. Fimm konur hafa þurft að leita sér aðstoðar á Bráðamóttöku Landspítalans. Aðeins ein kona úr hópnum hefur leitað til Kvennaathvarfsins.

Algengt var að ofbeldismaðurinn væri undir áhrifum áfengis eða vímuefna eða í 67 prósent tilvika, í þrjátíu prósentum tilvika var viðkomandi ódrukkinn. svavar@frettabladid.is

## Markmið verkefnis Barnaverndarstofu

- Að veita sérhæfða þjónustu fyrir börn sem búa við þær aðstæður að ofbeldi hefur verið þáttur í heimilislífi þeirra.
- Verkefninu er ætlað að leiða í ljós líðan og sjónarmið barnanna í því skyni að treysta öryggi þeirra og velferð.
- Sérfræðingur sinnir einungis málum barna sem verða vitni að eða eru viðstödd ofbeldi á milli foreldra á heimili sínu og lögregla er kölluð á staðinn.
- Tilraunaverkefnið nær til barna 18 ára og yngri eins og barnaverndarlög nr. 80/2002 kveða á um. Ef barn er of ungt til að tjá sig fá foreldrar ráðgjöf og stuðning.
- Sérhæfður starfsmaður Barnaverndarstofu bregst við tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir kl. 16.00 virka daga og um helgar.
- Starfssvið sérfræðings er að ræða við barnið/börnin og kanna líðan þeirra, upplifun og viðhorf til þeirra atburðarásar sem leiddi til lögregluafskipta. Sérfræðingur leggur mat á þörf barnanna fyrir áfallahjálp í kjölfar lögregluafskiptanna og veitir þeim meðferðarviðtöl eins fljótt og við verður komið.
- Mál barnanna eru unnin sem hluti af barnaverndarúrræði og gerir sérfræðingur áætlun um meðferðarþörf barnanna.

*Heimild: Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu; áfangaskýrsla*



**FALINN VANDI** Lögregla var kölluð að heimili í 1.559 skipti á fimm ára tímabili þar sem ofbeldi hafði verið beitt; misalvarlegu. NORDICPHOTOS/GETTY


# Tök á tilverunni

- námskeið við athyglisbresti og kvíða

KMS

- Átt þú erfitt með að einbeita þér?
- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?

Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að einfalda lífið, draga úr frestunaráráttu, óskipulagi og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt er farið í hvernig draga má úr áhyggjum og kvíða með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

Námskeiðið hefst **13. september** og verður á fimmtudögum frá 15 – 17, sjö skipti.

*Skráning fer fram á kms@kms.is eða í síma 534-0110 en nánari upplýsingar má finna á www.kms.is*


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HAUSTLEGT** í dag og á morgun eru líkur á bjartviðri sunnan- og vestanlands en þungbúnara N- og A-til. Það lægir í kvöld og nótt, fyrst á Vestfjörðum og á morgun og fimmtudaginn verður vindur að mestu hægur. Hlýjast verður sunnan til.




**Á MORGUN** Hæg breytileg átt en hvassara NA-til.

**FIMMTUDAGUR** Suðlægar áttir, hvassast V-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 32° |
| New York | 30° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 25° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# SÍÐUSTU DAGAR SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*



30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

Heilsurúm á tilboði

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## KJÖRKASSINN



*Líst þér vel á hugmyndir um brú fyrir göngu- og hjólreiðafólk yfir Fossvoginn?*

| | |
|---|---|
| Já | 60,9 |
| Nei | 39,1 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að lækka eigi fasteignagjöld á Hörpuna?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Foreldrar Rachel Corrie hafa árum saman rekið mál fyrir ísraelskum dómstólum:

# Úrskurður í máli Rachel Corrie í dag

**ÍSRAEL, AP** Dómstóll í Ísrael mun í dag kveða upp úrskurð í máli foreldra Rachel Corrie sem beið bana á Gaza-ströndinni árið 2003 þegar hún mótmælti eyðileggingu Ísraela á palestínskum heimilum. Rachel Corrie stóð í veginum fyrir jarðýtu og kramdist til bana þegar ýtan ók yfir hana.

Dauði Rachel Corrie gerði hana að eins konar tákni meðal palestínskra aðgerðasinna um hörku Ísraela gagnvart friðsælum mótmælum fyrir botni Miðjarðarhafs.



CRAIG CORRIE

Stjórnvöld í Ísrael segja að það hafi verið á ábyrgð Rachel Corrie sjálfrar að hafa staðið í vegi fyrir jarðýtunni. Hún hafi sett sjálfa sig í mikla hættu með ólöglegum aðgerðum. Þúsundir annarra mótmælenda hafi sett sig í svipuð spor með vanhugsuðum aðgerðum.

Foreldrar Rachel krefjast aðeins eins Bandaríkjadals í skaðabætur frá Ísrael en fara þó fram á að sá kostnaður sem lögsókn þeirra hefur fylgt verði greiddur. Hjónin hafa eytt yfir 200 þúsund dölum í að fljúga með vitni til Ísrael, vera sjálf viðstödd réttarhöld og í þýðingu rúmlega þúsund blaðsíðna af prentuðum dómsskjölum.

Corrie-hjónin segja mál sitt ekki gefa rétta mynd af því hversu erfitt sé að reka mál fyrir dómstólum í Ísrael. Dómar yfir hermönnum séu mjög sjaldgæfir.

**- bþh**

Sprenging í olíuhreinsistöð:

# 48 látnir eftir sprengingu

**VENESÚELA, AP Að minnsta kosti 48 eru látnir eftir mikla sprengingu sem varð í stærstu olíuhreinsunarstöð Venesúela á laugardag. Sprengingin olli mikilli skelfingu í næsta nágrenni þar sem hús nötruðu. Eldar geisuðu enn í gær.**

**Hugo Chavez, forseti landsins, heimsótti stöðina í fyrradag, en ekkert hefur verið gefið út um orsakir sprengingarinnar. Margt bendir þó til þess að gas hafi lekið út án þess að gripið hafi verið til ráðstafana. Þykir það til marks um slælegt öryggi.**

**- þj**


Skipshöfnin á

**SIGFÚSI BERGMANN**

**frá 1964 kemur saman eftir 48 ár á Bryggjukaffi í Grindavík kl. 14. eða 15, 1. september 2012**

**Skipshöfnin var:**

| | |
|---|---|
| **Helgi Aðalgeirsson** | Skipstjóri, |
| **Sæmundur Jónsson** | Stýrimaður, |
| **Bjarni Ágústsson** | 1. Vélstjóri, |
| **Sigurður Garðarsson** | 2. Vélstjóri, |
| **Ólafur Jónsson** | 3. Vélstjóri, |
| **Jón Hógeirsson** | 1. Matsveinn. |

**Hásetar:**

Magnús Þorláksson, Gunnar Aðalgeirsson, Skúli Waldorf, Vilhjálmur Vilhjálmsson, Árni Jón Konráðsson, Sverrir Sigurður Ágústsson, Diddi Helgasson einnig Hróbjartur Jónsson, hann var messagutti á Varðskipinu Óðni þegar Elliði fórst.




UPPGANGUR UPPREISNARMANNA Talibanar og aðrir uppreisnarmenn í Afganistan hafa gerst stórtækari að undanförnu eftir því sem fækkar í herliði Bandaríkjanna og NATO í landinu. Tíu afganskir hermenn voru drepnir í fyrrinótt og tveir Bandaríkjamenn féllu fyrir hendi afgansks hermanns í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Talibanarnir myrtu sautján veislugesti

**Talibanar myrtu sautján manns í veislu á sunnudag. Ástæðan að baki grimmdarverkanna mögulega andúð á dansi og tónlist sem fólkið var að leika. það sem af er ári hafa 42 útlendir hermenn verið vegnir af afgönskum hermönnum.**

**AFGANISTAN, AP** Skæruliðar talibana í Afganistan drápu sautján manns, þar af tvær konur í árás í gleðskap á sunnudag. Líkin fundust í vegarkanti, margir höfðu verið afhöfðaðir.

Árásin átti sér stað í svokölluðum Musa Qala-hluta Helmand-héraðs þar sem talibanar hafa ráðið ríkjum. Talibanar hafa enn ekki lýst yfir ábyrgð á morðunum, en talsmaður héraðsstjórnarinnar fullyrti að þeir hefðu verið þar að verki.

Óvíst er með tilgang árásarinnar, en líkum er leitt að því að illvirkjunum hafi ofboðið tónlistin sem leikin var í teitinu og dans veislugesta. Á yfirráðasvæðum talibana eru strangar reglur um skemmtanir og tónlist var bönnuð.

Þessi árás er ein af fjölmörgum sem hafa átt sér stað undanfarna daga og vikur eftir því sem Bandaríkjamenn fækka í herliði sínu í Afganistan. Áætlað er að síðustu herdeildirnar haldi heim á leið fyrir árslok 2014.

Tíu afganskir hermenn voru drepnir í árás allt að tvö hundruð talibana á herstöð aðfaranótt mánudags og tveir bandarískir hermenn féllu fyrir hendi afgansks hermanns í Laghman-héraði í gær.

Árásum afganskra hermanna á liðsmenn NATO hefur fjölgað mikið í ár. Alls hafa 42 útlendir hermenn fallið fyrir hendi hermanna í 32 árásum það sem af er ári, þar af tólf í þessum mánuði einum saman. Í fyrra létust 35 með þessum hætti og tuttugu árið 2010.

Þrátt fyrir það stendur ekki til að minnka samvinnuna milli NATO-liðsins og afganska hersins. „Við ætlum ekki að draga úr hinu nána sambandi sem við eigum við okkar afgönsku samherja,“ sagði Günter Katz, hershöfðingi og aðaltalsmaður NATO, í Afganistan í gær.

Stefnt er að því að bandarískum hermönnum í Helmand fækki niður í 68.000 í október, en þeir voru 103.000 þegar mest var í fyrra. Þessi samdráttur og boðað brotthvarf hefur valdið áhyggjum af því að talibönum muni vaxa ásmegin á ný og þeir muni hrifsa til sín völd.

**thorgils@frettabladid.is**


Loksins fáanlegir aftur...

**...heitir pottar frá Lay-Z-Spa**



Aðeins örfá stykki til

Frábært tilboðsverð

**125.000 kr.**

Borgartún 36
105 Reykjavík
588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line


Kanadískir embættismenn sendir til Kaupmannahafnar til að rannsaka misferli:

# Vændisfólk í bílskúr sendiráðsins

**DANMÖRK** Tveir starfsmenn kanadísku stjórnarinnar hafa verið í Kaupmannahöfn til að rannsaka meint misferli í sendiráði Kanada í borginni, svo sem misnotkun á eignum sendiráðsins, kynþáttafordóma, einelti, ráðningu svarts vinnuafls og vændi í bílskúr sendiráðsins. Öryggisvörður er sagður hafa sést á myndbandsupptöku með vændisfólk í sendiráðsbíl sem lagt hafði verið í bílskúr sendiráðsins.

Nokkrir starfsmenn sendiráðsins greindu utanríkisráðherra Kanada, John Baird, frá meintu misferli og taka fyrrverandi starfsmenn sendiráðsins undir ásakanirnar, að því er kemur fram á fréttavef Ottawa Citizen. Utanríkisráðherrann sendi þegar í stað embættismenn frá Kanada til Kaupmannahafnar til að rannsaka málið.

Árið 2001 komst það í fréttir að fyrrverandi sendiherra Kanada í Danmörku hefði verið kallaður heim árið 1995 eftir að ung starfskona sendiráðsins sakaði hann um kynferðislega áreitni í jólaveislu í sendiráðinu. Í kjölfar þess máls ákvað fyrrverandi utanríkisráðherra Kanada að lögreglu yrði gert viðvart þegar kanadískir sendiráðsstarfsmenn sættu ásökunum um lögbrot.

**- ibs**



**Í KAUPMANNAHÖFN** Starfsmenn kanadíska sendiráðsins segja misferli hafa átt sér þar stað.


BYLGJAN 25 ÁRA 989



**Heimir & Kolla**

**vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar




## AURIS HYBRID

Toyota Hybrid tvinnar saman aflið frá tveimur orkugjöfum svo að útblástur koltvísýrings verður hverfandi og eldsneytið nýtist fullkomlega. Galdurinn felst í 1.8 lítra VVT-i bensínvél sem hefur sér til fulltingis tvo rafmótora sem skila þér heim í skýjunum yfir skemmtilegum akstri.

- **1.8 HSD**
- **4,0 lítrar/100 km í blönduðum akstri**
- **$CO_2$ 93 g/km**

Verð: 4.550.000 kr.

## AURIS DÍSIL ECO

Auris Dísil Eco er góður í sér. Hann býr yfir Toyota Optimal Drive vélarlínunni sem er í senn nýstárleg og vistvæn með fullkomið jafnvægi milli minni eldsneytiseyðslu, minni losunar koltvísýrings og akstursánægju.

- **1.4 D4D dísilvél**
- **4,5 lítrar/100 km í blönduðum akstri**
- **$CO_2$ 124 g/km**

Verð: 3.490.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bílarnir á myndinni kunna að vera búnir aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.




Fjórar frábærar!

Köben / London / París / Berlín frá:

14.900 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
**Ferðatímabil:** 1. september-31. október.

12 TÍMA TILBOÐ!
frá hádegi til miðnættis

FÍTON / SÍA

Iceland Express
- lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is



Breytingar á hegðun hrefnunnar



**TARFUR MEÐ FARÞEGA** Þessi hrefna sem veiddist í vikunni er með sníkjudýr eins og sjá má. Það er vísbending um að hún sé nýkomin úr heitari sjó. HREFNA.IS

# Hrefna var komin allt að Kanaríeyjum

**Örar breytingar hafa átt sér stað í hafinu þangað sem Íslendingar sækja að mestu leyti hagsæld sína. Til dæmis hefur hátterni hrefnunnar að mörgu leyti komið mönnum á óvart í sumar. Hafrannsóknastofnun undirbýr nú merkingar á hvölum og vonast til að getað komist að því hvar þeir halda til á veturna.**



**GÍSLI VÍKINGSSON TILBÚINN MEÐ MERKINGUNA** Verið er að þróa þessar merkingar og bindur Gísli vonir við að merkin vísi þeim á vetursetur skíðishvalanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aftur er krökkt af hrefnu í Faxaflóanum eftir frekar dapran júlímánuð að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna. Segir hann að svo hafi virst sem makríllinn hafi flæmt margar þeirra úr flóanum fyrr í sumar. Jafnvel þó svo að þekkt sé að hrefnan leggi sér makrílinn til munns segir hann hana fremur kjósa að halda til þar sem von kunni að vera á síli eða öðru góðgæti.

Þar fyrir utan mun makríllinn vera afar hraðsyndur fiskur, sem gerir að verkum að það kostar hrefnuna mikla orku að koma honum í vömb.

Á Magnúsi Gunnþórssyni, skipstjóra hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Eldingunni, má einnig skilja að meira sé af hrefnu nú í ágúst en verið hafi í júlí, þó svo að makríllinn sé enn á ferðinni. Skipstjórinn fagnar ekki innreið makrílsins sem sópar upp flóann en segir hafa verið bót í máli að grindhvalir hafi verið þar á svamli í sumar, ferðafólki til mikillar ánægju. „Ég hef verið hérna í fimm ár og þetta er í fyrsta sinn sem ég sé þetta,“ segir Magnús.

### Með sníkjudýr frá heitara hafi

Auk breytinga á hátterni hafa komið upp fleiri hlutir sem vekja spurningar um hvað hrefnurnar hafast að í hafinu.

„Við veiddum tvo tarfa nýlega sem enn voru með sníkjudýr á sér,“ segir Gunnar. „Það gæti stafað af því að nú séu að koma inn í íslenska lögsögu dýr, en það er nýlunda að þau komi hingað svona seint. Við erum því jafnvel að vonast eftir því að það verði þeim mun meira af þeim núna það sem eftir lifir sumars og til októberloka.“

> Það er náttúrlega ekki hægt að hengja á þá hálsól eins á mörg önnur dýr.
>
> **GÍSLI VÍKINGSSON**
> SÉRFRÆÐINGUR HJÁ HAFRANNSÓKNASTOFNUNINNI

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir tilvist sníkjudýranna í hvölunum markverða þar sem almennt sé það talið merki um að hrefnan sé nýkomin þegar hún finnst með þessi sníkjudýr. „En það er þó ekki útilokað að önnur skýring geti legið þar að baki,“ segir Gísli. „Við vitum til dæmis ekki með vissu hversu lágt hitastig þessi sníkjudýr þola, kannski eru þau farin að þrauka lengur vegna hlýnunar hér,“ bætir hann við.

### Hvert fara skíðishvalirnir?

Nú er Hafrannsóknastofnun að undirbúa merkingar á hvölum en það er torveldara verk en margir gætu haldið. „Það er náttúrlega ekki hægt að hengja á þá hálsól eins og á mörg önnur dýr,“ segir Gísli í gamansömum tón.

Skjóta þarf merkingunni í dýrið úr sérútbúinni loftbyssu sem er mun erfiðara verk þegar kemur að hrefnunni, en auðveldara með hnúfubaka og steypireyðar sem eru stærri, silalegri og yfirleitt gæfari skepnur.

Rannsóknir þessar, sem byggjast á merkingum með gervitunglasendum, hafa nú þegar varpað nýju ljósi á ýmsa þætti er tengjast viðveru og fartíma hvala við landið.

Þá hafa rannsóknirnar gefið fyrstu vísbendingar um aðsetur hrefnu að vetrarlagi. Verið er að þróa þetta rannsóknartæki og vonast Gísli til þess að þeir missi síðar sjónar á merktum hvölum en raunin hefur verið undanfarin ár.

Þó eru dæmi um að tekist hafi að rekja leið hnúfubaks til Karabíska hafsins og síðan var hrefna komin skammt frá Kanaríeyjum, undan austurströnd Afríku, þegar samband rofnaði. Þá var komið fram í desember. Vísindamenn bíða því spenntir efir því að sjá hvaðan næstu sendingar gervitunglasendanna berast.

**Jón Sigurður Eyjólfsson**
jse@frettabladid.is



# Ert þú að nýta möguleika þína?

**Endurmenntunarskóli Tækniskólans býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem auka atvinnuréttindi þín en einnig skemmtileg tómstundanámskeið við allra hæfi.**

## Hársnyrting

### Litafræði og litaleiðrétting Nýtt!
Farið í litafræði háralita, litahringinn og litaleiðréttingu. ***Haldið 6. nóvember.***

## Hönnun og handverk

### Andlit/portrett Nýtt!
Teikning og málun fyrir byrjendur. Kenndar eru ólíkar aðferðir við andlitsteikningu.
***Hefst 18. október.***

### Bókagerð/handgerðar bækur
Handgerðar bækur útbúnar sem nýtast sem gestabækur, skissubækur eða minnisbækur.
***Hefst 18. september***

### Bókband
Fyrir þá sem vilja binda inn sínar eigin bækur.
***Hefst 8. október.***

### Dreipering - grunnar Nýtt!
Farið í hvernig á að undirbúa dreiperingu og dreipera grunna. ***Hefst 9. október.***

### Ferilmöppugerð
Ferilmöppugerð – *„portfolio"* fyrir umsóknir um nám í hönnunar- og/eða listaskóla á háskólastigi. ***Hefst 29. september.***

### Gítarsmíði
Rafmagnsgítar smíðaður frá grunni.
***Hefst 17. september.***

### Grafís sniðagerðarforrit
Grunnsnið forritsins skoðuð og kannaðir möguleikar til sniða- og stærðarbreytinga.
***Hefst 1. október.***

### Harðangur og klaustur Nýtt!
Útsaumsnámskeið fyrir byrjendur þar sem kennd eru undirstöðuatriði í þessari fallegu gömlu útsaumsaðferð. ***Hefst 3. október.***

### Langar þig að prjóna lopapeysu?
Þátttakendum leiðbeint við prjón á lopapeysu og kennt að fylgja uppskrift og breyta henni ef óskað er eftir því. ***Hefst 16. október.***

### Mósaíknámskeið
Einn laugardagur, eitt flott verk!
***Haldið 6. október.***

### Olíumálun
Fyrir byrjendur og lengra komna.
***Hefst 10. september.***

### Prjónanámskeið
Fyrir byrjendur. ***Hefst 13. september.***

### Saumanámskeið
Fyrir byrjendur. Fjögur námskeið á haustönn.
***Hefst 11. sept., 12. sept., 23. okt. og 24. okt.***

### Silfursmíði
Fyrir byrjendur og lengra komna. Fjögur námskeið á haustönn. ***Hefst 3. sept., 4. sept, 5. sept. og 30. okt.***

### Skrautskrift Nýtt!
Fyrir byrjendur. Kennd er ákveðin tækni við að skrifa. Algengasta skrautskriftin er notuð, Italic Calligraphy. ***Hefst 1. október.***

### Smíðað úr innlendum við
Kynning á innlendum við, sýnikennsla og verkleg þjálfun. ***Hefst 6. nóvember.***

### Steinaslípun
Vinnustofa við steinaslípun; hugmyndavinna, mótun og sögun. ***Hefst 3. október.***

### Teikning
Fyrir byrjendur og lengra komna. Áhersla lögð á grunnþætti teikningar, form, hlutföll og skyggingu. ***Hefst 12. september.***

### Tískuteikning Nýtt!
Áhersla lögð á skissuvinnu, teikningu og litun. ***Hefst 2. október.***

### Útskurður í tré
Hentar byrjendum sem og lengra komnum.
***Hefst 29. september.***

### Vatnslitanámskeið
Áhersla lögð á að þátttakandinn öðlist öryggi til að vinna með vatnsliti, litablöndun, túlkun og tækni. ***Hefst 13. september.***

## Málmur og tré

### Húsgagnaviðgerðir
***Hefst 2. október.***

### Málmsuða
***Hefst 10. sept. og 8. okt.***

### Trésmíði fyrir konur
***Hefst 11. september.***

## Raftækni

### Leikhúslýsing fyrir áhugaleikhús
Helstu atriði kennd við hönnun og uppsetningu lýsingar fyrir leiksýningar, tónleika og ráðstefnur. ***Hefst 6. október.***

### Rafeindatækni fyrir byrjendur
Hentar öllum áhugasömum um rafmagns- og rafeindatækni. Fjarnám með tveimur staðbundnum lotum. ***Hefst 21. september.***

### Uppbygging tölvunnar og nýjungar Nýtt!
Fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu á uppbyggingu og virkni tölvunnar, snjallsíma eða spjaldtölvu. ***Hefst 17. september.***

## Skipstjórn - vélstjórn

### ARPA ratsjárnámskeið
Grunnnámskeið. ***Hefst 29. október.***
Endurnýjun. ***Hefst 31. október.***

### ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi
***Hefst 1. október.***

### Endurnýjun skipstjórnarréttinda
***Hefst 5. nóvember.***

### GMDSS ROC og GOC
Kennt skv. STCW staðli um GMDSS alþjóða neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið.
Þrjú námskeið á haustönn.
***Hefst 3. sept., 5. okt. og 26. nóv.***

### Hásetafræðsla
Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú.
***Hefst 17. september.***

### IMDG endurnýjun
***Haldið 19. október.***

### Skemmtibátanámskeið
Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf. Kennt í fjarnámi. ***Hefst 3. september.***

### Smáskipanámskeið
Áður 30rl réttindanám (pungapróf).
Kennt í staðarnámi eða fjarnámi.
***Hefst 3. september.***

### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í vélvirkjun
***Hefst 3. september.***

### Smáskipavélavörður – vélgæsla
Þrjú námskeið á haustönn.
***Hefst 10. sept., 22. okt. og 19. nóv.***

### SSO og CSO öryggisnámskeið
***Hefst í nóvember.***

## Tölvur og upplýsingatækni

### After Effects – vídeóeftirvinnsla
***Hefst 2. október.***

### App fyrir Android Nýtt!
Farið í grunnhugtök í gerð app fyrir Android. Unnið verður í Mit App Inventor frá Google. Þátttakendur læra að búa til sitt eigið app fyrir símann eða spjaldtölvuna.
Engrar forkunnáttu er krafist.
***Helgarnámskeið 6. og 7. október.***

### App fyrir iPhone/iPad Nýtt!
Farið í grunninn í gerð app fyrir iOs. Unnið í Xcode frá Apple. Þátttakendur læra að búa til sitt eigið app fyrir iPhone eða iPad.
Lágmarkskunnátta í forritun er æskileg.
***Helgarnámskeið 20. og 21. október.***

### AutoCAD
Fjarnám með fjórum staðbundnum lotum.
***Hefst 15. september.***

### BIM fyrir verktaka Nýtt!
Farið í notkun á BIM studdum forritum sem notuð eru við gerð verk- og kostnaðaráætlanir. ***Hefst 11. september.***

### Forritun í C#
Farið í grunnþætti forritunar.
***Hefst 19. september.***

### Hljóðsetning fyrir vídeó og leiki Nýtt!
Farið í helstu aðferðir við uppökur og eftirvinnslu á hljóði. ***Haldið 13. október.***

### HTML5 og CSS3
Farið í grunnatriði HTML5 og CSS3.
***Hefst 17. september.***

### iPhone/iPad grunnur
Farið í gegnum helstu stillingar, vinsælustu aðgerðirnar og kennt að hlaða inn áhugaverðum forritum sem nýtast í vinnu og daglegu lífi. ***Hefst 17. september.***

### iPhone/iPad framhald Nýtt!
Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á tækjunum sínum og hafa aðgang að App Store. Sniðug, skemmtileg og hagnýt forrit (apps) skoðuð sem nýtast við margvísleg störf.
***Hefst 23. október.***

### jQuery Nýtt!
Með jQuery nærðu flottri gagnvirkni fyrir vefinn, iPadinn og smartsímann á tiltölulega auðveldan hátt. ***Hefst 29. október.***

### Lýsing og rendering fyrir hönnuði og arkitekta
***Helgarnámskeið 22. og 23. september.***

### Margmiðlunarforritið Adobe Flash
Grunnnámskeið í þessu vinsæla margmiðlunarforriti.
***Helgarnámskeið 20. og 21. október.***

### Mudbox Nýtt!
Áhersla lögð á að nýta forritið í vinnslu með öðrum þrívíddarforritum eins og 3ds Max, Maya og Blender. ***Hefst 13. nóvember.***

### Netkerfisstjórnun Nýtt!
Undirbúningsnámskeið fyrir CCNA gráðu.
Fjarnám með staðbundnum lotum.

**CCNA Discovery 2**
Netkerfisstjórnun í meðalstórum fyrirtækjum og netveitum. ***Hefst 7. september.***

**CCNA Discovery 3**
Netkerfisstjórnun - leiðagreining og beining í fyrirtækinu. ***Hefst 3. nóvember.***

**CCNA Discovery 4**
Netkerfisstjórnun, hönnun og þjónusta við tölvunetkerfi. ***Hefst 2. febrúar 2013.***

### Revit Architecture
Grunnnámskeið. ***Hefst 17. september.***
Framhaldsnámskeið. ***Hefst 19. nóvember.***

### Revit Rendering Nýtt!
Fyrir þá sem hafa unnið með Revit en vilja stíga næsta skref og læra að rendera myndir af módelum sínum í ljósmyndagæðum.
***Hefst 12. desember.***

### SketchUp þrívíddarteikning
Fyrir margvíslegar teikningar.
***Hefst 13. september.***

### Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla
***Hefst 1. október.***

### Tölvuleikjagerð í þrívídd
*Unity 3D* forritið kynnt og fyrsti leikurinn búinn til. ***Hefst 1. október.***

### Þrívíddarhönnun
Þrívíddarvinnsla fyrir teiknimyndir, tölvuleiki og tæknibrellur. ***Hefst 16. október.***

### Þrívíddarkarakterhönnun í Maya Nýtt!
Grunnnámskeið í þrívíddarforritinu Maya.
***Hefst 30. október.***

## Umhverfi og útivist

### GPS staðsetningartæki
Fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum.
***Hefst 4. september.***

Nánari upplýsingar um skráningu og fleiri námskeið eru á **www.tskoli.is/namskeid**,
á **endurmenntun@tskoli.is**, í síma **514 9602** og á **facebook.com/endurmenntunarskolinn**

***Námskeið Endurmenntunarskólans eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.***

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**www.tskoli.is**

Allt að 60% afsláttur
Úlpur 50% afsláttur
Krakkaúlpur 50% afsláttur
Útivistarjakkar 30% til 60% afsláttur
og fleira og fleira...
Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!
Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

Skóli Ísaks Jónssonar

Getum tekið á móti nokkrum 5 ára börnum til viðbótar.

Skólinn hefst fimmtudaginn 30. ágúst.

Íslensk börn hefja fæst reglulegt nám fyrr en í sex ára bekk. Síðustu áratugi hefur nokkuð stór hópur foreldra valið að senda börn sín til náms ári fyrr í sérstaka bekkjardeild fyrir fimm ára börn sem starfrækt er við Skóla Ísaks Jónssonar.

Hafið samband í síma 553 25 90, í gegnum netfangið siganna@isaksskoli.is eða á vefnum www.isaksskoli.is til að fræðast nánar um Ísaksskóla.

Starf - Háttvísi - Þroski - Hamingja



Bólstaðarhlíð 20 | 105 Reykjavík | S: 553 2590 | isaksskoli@isaksskoli.is | www.isaksskoli.is

Lítilsháttar halli af LSH í fyrsta skipti í þrjú ár vegna aukinnar starfsemi:

# Rekstrarfé nýtt til tækjakaupa

**HEILBRIGÐISMÁL** Rekstur Landspítalans var, í fyrsta skipti síðastliðin þrjú ár, neikvæður. Þetta sýnir hálfsársuppgjör spítalans. Hallinn er 84 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins en 61 milljón sé litið til síðustu sjö mánaða.

Þetta kemur fram í skrifum Björns Zoëga á heimasíðu LSH, sem býst hins vegar við að það takist að halda spítalanum innan fjárheimilda ársins.

Björn gerir ástæður hallans að umtalsefni í pistlinum. Starfsemin hefur aukist, sjúklingar liggja lengur inni og fleira fólk leitar eftir þjónustu spítalans. „Þetta kemur ofan í það að rekstrarfé hefur verið skorið niður um 23% á síðustu árum og erum við nú á þessu ári að reka spítalann fyrir meira en níu milljarða lægri upphæð heldur en árið 2007, uppreiknað fyrir árið í ár. Önnur atriði sem einnig hafa áhrif eru að ýmis rekstrarkostnaður hefur aukist og við höfum einnig þurft að taka töluvert af rekstrarfé í kaup og endurnýjun á tækjum sem hafa verið að bila og gefa sig síðustu mánuðina,“ skrifar Björn.

Björn telur að það takist að reka spítalann áfram þannig að þjónustan verði eins hagkvæm og örugg og mögulegt er. - shá



**AÐALBYGGING LSH** Rekstrarfé hefur verið skorið niður um níu milljarða á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Of mikilla upplýsinga krafist af stjórnendum

**Persónuvernd leggur fyrir Fjármálaeftirlitið að afmarka kröfur sem gerðar eru á stjórnendur fjármálafyrirtækja um persónulegar upplýsingar til að sannreyna fjárhagslegt sjálfstæði. Stjórnarmaður taldi farið út fyrir eðlileg mörk og kærði.**

**DÓMSMÁL** Persónuvernd segir Fjármálaeftirlitið krefjast of víðtækra persónulegra upplýsinga í því skyni að ganga úr skugga um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnenda fjármálafyrirtækja.

Kona í stjórn fjármálafyrirtækis felldi sig ekki við kröfur Fjármálaeftirlitsins (FME) um hagi hennar og manns hennar og sneri sér til Persónuverndar. Henni hafði verið gert að fylla út eyðublað þar sem óskað var ýtarlegra upplýsinga um fjárhag þeirra hjóna og helstu fjölskylduaðstæður.

„Með eyðublaðinu er gert ráð fyrir að veittar séu upplýsingar um eignir, þar á meðal fasteignir, bifreiðar, innlendar og erlendar innistæður, skráð og óskráð hluta- og skuldabréf og hlutdeildarskírteini lífeyrissjóða. Einnig um skuldir, það er húsnæðislán, skammtímaskuldir, svo sem yfirdrátt og greiðslukortaskuldir, námslán og aðrar skuldir. Að auki um árstekjur eftir skatta, þar á meðal fjármagnstekjur og tekjur maka. Loks um mánaðarleg gjöld vegna húsnæðis, bílaláns, skammtímaskulda, námslána, annarra skulda, meðlags og framfærslu fjölskyldu,“ eru málavextir útskýrðir í ákvörðun Persónuverndar.

Í erindi sínu til Persónuverndar kvaðst konan telja upplýsingaöflun FME „fara langt út fyrir það sem eðlilegt gæti talist miðað við þá stjórnarsetu sem um var að ræða í hennar tilviki“, segir í ákvörðun stofnunarinnar.

Á FME hvílir sú lagaskylda að kanna hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Í bréfi stofnunarinnar til Persónuverndar er bent á að frá árinu 2010 sé fjárhagslegt sjálfstæði þessa fólks einn sá þáttur sem FME beri að kanna. Kveðst FME hafa útbúið eyðublað þar sem fram komi upplýsingar um „fjárhagslegt heilbrigði“ viðkomandi einstaklinga.

„Við mat á fjárhagslegu sjálfstæði stjórnarmanna lítur Fjármálaeftirlitið meðal annars til þess að eiginfjárstaða sé jákvæð og/eða tekjur maka standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu, að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eigna séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og annarra atriða en að framan greinir sem máli geta skipt,“ segir FME.

Persónuvernd segir að vinnsla persónuupplýsinga skuli meðal annars vera í skýrum og málefnalegum tilgangi og að persónuupplýsingar skuli vera viðeigandi og ekki umfram nauðsyn. Í eyðublaði FME séu engin takmörk eða viðmið sett, til dæmis um verulega fjármuni eða ábyrgðir eða eðli og umfang skulda. „Til dæmis virðist þurfa með sama hætti að greina FME frá óverulegum meðlagsskuldum og milljónalánum vegna hlutabréfakaupa,“ segir Persónuvernd sem kveður FME þurfa að afmarka með skýrari hætti hvaða persónuupplýsingar séu nauðsynlegar vegna mats á fjárhagslegu sjálfstæði.

Á meðan á málarekstrinum stóð breytti FME reglum þannig að nú þarf umboð maka viðkomandi til þess að upplýsingar um makann fari til FME.

gar@frettabladid.is




**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** Ekki má efast um fjárhagslegt óhæði stjórnenda fjármálafyrirtækja gagnvart lánveitendum og kröfuhöfum og tekjur þeirra verða að duga til framfærslu og afborgana á skuldum, segir Fjármálaeftirlitið.



**UNNUR GUNNARSDÓTTIR** Forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Einn vinsælasti spjallþáttur heims í dag
ellen
the ellen degeneres show
Alla virka daga klukkan 17.35
2 skemmtilegri



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



# Í PLÚS?

## Taktu stöðuna með einum smelli

## NÝJA ARION APPIÐ

Við kynnum Arion appið, nýjung í bankaviðskiptum á Íslandi.

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þín.

**Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.**

Skannaðu QR kóðann og sæktu appið í símann þinn

Arion banki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-1171

# skoðun

greinar@frettabladid.is

VG ætlar að ræða Evrópu- og alþjóðamál:

## Lýðræði, friður og hagsmunir

Vinstri hreyfingin – grænt framboð samþykkti ögn torskiljanlega ályktun um alþjóðamál á flokksráðsfundi sínum um síðustu helgi. Þar fagnar flokksráðið „þeirri umræðu sem nú fer fram um samskipti Íslands og ESB og hvetur til að henni verði haldið áfram."

Í ályktuninni segir líka að VG telji að „grundvöllur alþjóðlegs samstarfs eigi að vera lýðræðisleg vinnubrögð og barátta fyrir friði og öryggi í heiminum." Flokkurinn er sömuleiðis á því að til að Ísland geti tekið fullan þátt í alþjóðasamstarfi þurfi að fara fram umræða í samfélaginu um hvernig slíku samstarfi skuli háttað, „hvaða hagsmuni ber að verja og hvaða hagsmunir eru til þess fallnir að styrkja tengsl Íslands við alþjóðasamfélagið."

Það er fagnaðarefni að VG vilji fara í umræðu um samskipti Íslands og ESB á þessum forsendum, því að stundum virðist eins og flokkurinn sé fyrir löngu búinn að loka þeirri umræðu með einni, skýrri niðurstöðu; að hann sé alveg á móti aðild að ESB og ekki þurfi að ræða kosti hennar og galla neitt frekar.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Ætli VG hafi velt ESB-aðildinni fyrir sér út frá áherzlu sinni á frið? Að baki Evrópusamstarfsins liggur öflug friðarhugsjón fólks sem hafði upplifað hörmungar tveggja heimsstyrjalda – sem áttu upptök sín í erjum Evrópuríkjanna – og sór þess dýran eið að til slíks skyldi aldrei koma aftur. Hefur VG metið velgengni ESB sem friðarbandalags?

Evrópusambandið er líka bandalag lýðræðisríkja. Væntanlegum aðildarríkjum eru sett skýr skilyrði um lýðræðislega stjórnarhætti og virðingu fyrir mannréttindum. Bent hefur verið á „lýðræðishallann" í stjórnkerfi sambandsins sjálfs, sem felst í því að ákvarðanir eru teknar langt frá almenningi í aðildarríkjunum og flókið er að láta þá sem taka þær sæta lýðræðislegri ábyrgð. En væri VG til í að skoða einföldustu lausnina á lýðræðishallanum; að efla völd Evrópuþingsins sem er kosið beint af almenningi í aðildarríkjunum; eða teldi flokkurinn það andstætt þjóðernispólitík sinni?

Og hvað finnst VG um hinn tvöfalda lýðræðishalla sem felst í aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu? Við tökum upp óbreytta löggjöf ESB, sem sumir telja ekki hafa orðið til með nægilega lýðræðislegum hætti. Alþingi hefur engin áhrif á hana og enginn þarf að svara fyrir lagasetninguna gagnvart íslenzkum kjósendum. Finnst VG að við eigum að segja upp EES-samningnum til að rétta þennan halla?

Það er líka forvitnilegt að velta fyrir sér spurningunni um hvaða hagsmuni eigi að verja. Vill VG verja hagsmuni framleiðenda og atvinnurekenda í landbúnaði og sjávarútvegi, sem vilja alls engar breytingar sjá á rekstrarskilyrðum sínum eða samkeppnisumhverfi, eða vill flokkurinn standa með neytendum, lántakendum og nýjum og vaxandi atvinnugreinum, sem myndu njóta góðs af lægri tollum, lægri vöxtum og sameiginlegum gjaldmiðli með aðild að ESB?

Kannski meinti flokksráð VG eitthvað allt annað með tali sínu um lýðræði, frið og hagsmuni. En þetta eru samt spurningar sem flokkurinn þarf að svara í umræðunni sem er fram undan.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



TÖFRANDI

• HLAUT HIN VIRTU ORANGE-VERÐLAUN 2011

• VALIN EIN BESTA BÓK ÁRSINS 2011 AF MÖRGUM FJÖLMIÐLUM

• SAT LENGI Á METSÖLULISTA NEW YORK TIMES




*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gegn grunnstefnunni

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri græns, er, einu sinni sem oftar, ósáttur við forystumenn flokksins. Í samtali við Stöð 2 snupraði hann Steingrím J. Sigfússon formann fyrir að tala um einingu í flokknum. „Það getur enginn hælt sér af því að vera að reka stefnu sem gengur þvert á grunnstefnu flokksins og grunngildi. Evrópusambandsaðildarumsókn gengur gegn stefnu flokksins, það er alveg klárt." Hér er hátt reitt til höggs gegn forystunni.



### Samábyrgð Jóns

Jón virðist í gagnrýni sinni skauta nokkuð létt yfir þá staðreynd að hann var eitt sinn ráðherra í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Í stjórnarsáttmálanum segir að utanríkisráðherra muni leggja fram tillögu að aðildarumsókn að ESB. Vissulega er kveðið á um virðingu fyrir sérstöðu flokkanna, en það hlýtur að vera alvörumál að taka sæti í ríkisstjórn hverrar stefna gengur þvert gegn grunnstefnu eigin flokks.



### Vandlifað í henni versu

Samfylkingunni er nú legið á hálsi að hafa unnið gegn umbótastarfi eigin flokks þegar ákveðið var að leyfa opin prófkjör. Á gagnrýninni má skilja að flokkurinn hafi svikið uppgjör eftir hrun með ákvörðuninni. Í því skyni er fróðlegt að rifja upp umræðu af borgarafundi í Háskólabíói í nóvember 2008. Þar var Sjálfstæðisflokkurinn sagður andlýðræðislegur fyrir að hafa ekki opin prófkjör og Geir H. Haarde sagðist tilbúinn til að opna prófkjör flokksins. Það var lýðræðiskrafan þá.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Mótum betri samskiptaleiðir


Samfélagsmál



Toshiki Toma

prestur innflytjenda


Reykjavíkurborg heldur fjölmenningarþing í annað skipti nú í nóvember og er undirbúningur þess í gangi. Umræðuefnin sem fjölmenningarþingið á að taka fyrir virðast vera margvísleg, eins og t.d. samræmi milli stefnu sveitarfélaga og ríkis, þjónusta ríkisstofnana, upplýsingamiðlun til og meðal innflytjenda, atvinna og menntun o.fl. Það er svo auðvitað frábært að ræðuefni verða einnig valin eftir óskum innflytjenda sjálfra. En valið er ekki svo auðvelt.

Það er fyrst og fremst í höndum skipuleggjenda þingsins sem sjá um að kynna fyrir innflytjendum áætlun þingsins og biðja um þeirra skoðun á ræðuefni.

Til hverra eiga skipuleggjendur að senda erindi og á hvaða tungumáli? Síðan kemur annað mál sem er erfitt. Hvernig geta innflytjendur komið því sem þeir hafa í huga til skipuleggjenda? Það snýst ekki aðeins um atriði eins og tungumál heldur einnig þau sem lúta að innri hvötum og vilja okkar innflytjenda.

Það virðist vera meiri fjarlægð í samskiptum milli borgarstjórnar og/eða ríkisstjórnar en sem nemur raunverulegri fjarlægð innflytjenda.

Mér finnst að við – stjórn ríkis og sveitarfélaga og innflytjendur – eigum að horfast í augu við að við þurfum að móta samskiptaleiðir á milli okkar. Af reynslu minni sem prestur innflytjenda hefur þetta verið vandamál alla tíð undanfarinn áratug. Annars vegar getur meirihluti innflytjenda ekki skilið hvað stjórnvöld vilja gera fyrir innflytjendur og hins vegar geta stjórnvöld ekki vitað hvað innflytjendur hugsa og hvers þeir óska. Nú blasir það við að þetta er vandamál sem við komumst ekki yfir án sérstaks átaks. Þá er bara spurningin hvenær og hvernig eigum við að finna betri leiðir fyrir samskiptin?

Mér finnst það vera áríðandi á verkefnaskrá innflytjendamála að stofna fasta leið til þess að samskiptin séu nægileg, sérstaklega fyrir innflytjendur. Ég trúi því raunar að mörg vandamál sem myndast stundum í kringum innflytjendur myndu leysast með því að tryggja samskiptin á milli stjórnar og innflytjenda.

Ég get því miður ekki komið með góða tillögu um hvernig við eigum að móta netkerfið en það hlýtur að vera samvinnuverkefni. Eitt sem er ómissandi í verkefninu er að virkja innflytjendur og stöðuga þátttöku okkar innflytjenda sjálfra enda varðar þetta okkur sjálf.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Heilsa skólabarna

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Nú þegar börnin eru að hefja skólagöngu sína aftur þetta haustið og sum þeirra að ganga inn fyrir dyr skólans fyrsta sinni er ágætt að velta vöngum stuttlega yfir heilsu og líðan þeirra. Þarna er auðvitað af mörgu að taka og mjög breitt aldursbil en engu að síður eru nokkrir hlutir sem skipta verulegu máli strax frá byrjun og til lengri tíma litið.

Skólataska barna fylgir þeim í um 180 daga á ári og það í sennilega ein tíu ár að minnsta kosti og lengur ef þau stunda einhvers konar framhaldsnám eftir grunnskóla. Því er mikilvægt að huga að því að taskan passi barninu hverju sinni. Sýnt hefur verið fram á tengsl milli stoðkerfisvanda og þyngdar skólatösku en mikilvægast af öllu er að taskan passi stærð barnsins auk þess að þyngd hennar fari ekki yfir fimmtán prósent af eigin þyngd þess.

Þá ætti taska ekki að vera breiðari en svo að barnið geti sveiflað höndum og hún ætti ekki að ná lengra en tíu sentímetra niður fyrir mitti. Það er því hvorki sama hvernig taskan er né hvað er í henni, foreldrar ættu að hafa það í huga. Tískusveiflur og hangandi töskur sem eru bornar yfir aðra öxlina hjá unglingnum geta auðveldlega valdið vöðvabólgu og höfuðverkjum með tilheyrandi einbeitingarskorti svo það er að mörgu að hyggja í þessu efni án þess að ég hlutist til um strauma líðandi stundar.

Andleg líðan barna okkar er mjög mikilvæg fyrir árangur í skóla og samhengið milli þess er augljóst fyrir þá sem að málum koma, en oft getur verið erfitt að átta sig á vanlíðan þeirra. Umræðan hefur verið sterk og má segja að vakning hafi orðið á undanförnum árum, en það verður að bæta um betur þegar rætt er um einelti, virðingu og félagsleg samskipti einstaklinga sem eru að mótast. Þetta eru atriði sem við foreldrar og skólastjórnendur berum ábyrgð á að séu stöðugt í huga barna okkar og að ekki sé gefinn neinn afsláttur á virðingu og kærleika fyrir náunganum, sama hver hann er, hvað þá heldur hvaðan hann kemur. Sameiginlega byggjum við sterkari einstaklinga og samfélag með þessum hætti.

Næring og hreyfing hefur einnig verið umtalsefni undanfarinna ára, við sjáum ofþyngd og hreyfingarleysi haldast í hendur. Börn þurfa mikla næringu á meðan þau eru að vaxa úr grasi, en það þarf að gæta þess að hún sé í jafnvægi. Mikilvægt er að huga að því að kjarngóður morgunverður sé hluti af því að byrja daginn. Streita, álag og tímaskortur foreldra getur ekki verið afsökun fyrir því að börn fái ekki tíma til að borða áður en þau fara af stað að morgni. Þá er öllum hollt að ganga eða hjóla í skólann svo lengi sem veður leyfir. Það styrkir einstaklinginn að öllu jöfnu, ýtir undir að hann vakni vel og hafi komið gangverki líkamans af stað auk þess sem hann hefur fengið súrefni sem undirbúning í að takast á við krefjandi verkefni dagsins.

Þá er ekki síður mikilvægt að börnin fái gott nesti og aukinheldur hádegismat sem að öllu jöfnu er í skólanum. Við heilbrigðisstarfsfólk treystum því að þeir aðilar sem leggja sig fram um að gefa börnum að borða kappkosti að maturinn sé fjölbreyttur og hollur svo hann henti sem flestum innan veggja skólanna. Það hefur orðið mikil bragarbót á þessu frá því reglulegir matmálstímar voru settir á í skólum og hefur almennt gengið prýðilega. Það má þó aldrei slaka á kröfunum og verða skólastjórnendur og þeir sem bera ábyrgð á því fæði sem framreitt er að vera móttækilegir fyrir uppbyggilegri gagnrýni komi hún fram og bregðast við henni. Samstarf skóla og foreldra er þarna mjög mikilvægt.

Skóli er ekki geymslustaður eins og sumir virðast halda, heldur mætti líkja honum við krefjandi vinnustað þar sem einstaklingurinn er stöðugt að bæta þekkingu sína og færni auk þess að vera í raun í samkeppni ef nota má það orð með tilliti til framtíðarmöguleika. Nemandinn verður stöðugt að mæta nýjum áskorunum á sama tíma og hann er að mótast líkamlega og félagslega. Ég veit ekki um neinn vinnustað eða verkefni í framtíðinni sem krefst viðlíka. Það má því með sanni segja að á þessum tíma í lífi hvers einstaklings skilum við miklu og flóknu verki og er öllum ljóst að til þess að ná árangri verða undirstöðuatriði að vera á hreinu. Heilsan í víðasta samhengi er stærsti hluti þess að okkur takist það.

# AAA – með a.m.k. tíu plúsum

Menntamál
Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Íslenska grunnskólakerfið er sagt vera eitt hið dýrasta í heimi. Það sjöunda dýrasta ef ég man rétt. Samt segja upplýsingar frá OECD að árangurinn sé ekki í samræmi við útgjöldin. Sama segja þær samanburðarrannsóknir, sem gerðar hafa verið á þekkingu grunnskólanema með aðild Íslendinga. Sérhver grunnskólanemandi mun kosta skattborgara þrettán milljónir króna. Samt kann fjórði hver drengur og tíunda hver stúlka ekki að lesa sér til gagns þegar útskrift fer fram eftir tíu ára nám.

Framhaldsskólar landsins hafa í auknum mæli reynt að bregðast við slökum árangri grunnskólakerfisins með því að láta þá grunnskólanemendur, sem sækja um inntöku í skólana, gangast undir inntökupróf. Framhaldskólarnir telja sig sem sé ekki geta treyst grunnskólakerfinu betur en þetta. Nú lesum við í blöðum, að menntamálayfirvöld ætli sér að bregðast við þessu vandamáli. Hvernig? Með því að skoða hvað það sé, sem miður fer í grunnskólakerfinu? Nei – ekki aldeilis. Heldur með því að breyta einkunnagjöf nemenda við burtfararpróf. Hætta að gefa unglingunum einkunnir í tölustöfum – frá 1 og upp í 10 – en fara þess í stað að gefa þeim einkunnir í bókstöfum – frá A til D. Slík „einkunnagjöf“ minnir einna helst á einkunnagjöf hinna alþjóðlegu matsfyrirtækja. Þau nota nefnilega bókstafi en ekki tölustafi við einkunnagjöf og gáfu – ef mig minnir rétt – íslensku útrásarbönkunum þrefalt A rétt í þann mund, sem þeir voru að falla.

Nú þurfum við ekki að fara nema svo sem þrjá áratugi aftur í tímann. Þá komust menntamálayfirvöld nefnilega að því, að ekki mætti flokka nemendur í grunnskólum eftir getu í A, B, C og D bekki. Bönnuðu það stranglega. Sögðu m.a. sem svo, að skólakerfið mætti ekki gera svo upp á milli fólks, að sumt fólk væri látið vera A-fólk, annað B-fólk, það þriðja C-fólk og það allra sísta D-fólk. Ljótara athæfi fannst þá ekki í íslenskum skólum.

En nú á lausn grunnskólavandans sem sé að vera sú, að við útskrift úr grunnskóla skuli sumir unglinganna verða A-börn, önnur B-börn, þriðju C-börn og þau fjórðu D-börn. Þannig ætla yfirvöld að leysa vandamál kerfisins. Nema hvað!?!

Ómenntuðu fólki eins og mér ásamt veðurfræðingum hefur vinsamlega verið bent á það af menntunarfræðingum að við eigum ekki að vera að tjá skoðanir á menntunarmálum. Það geri ég að sjálfsögðu ekki. Lýsi miklu þjóðarstolti með okkar menntunarfræðinga. Tel þá vera þá langbestu í heimi. Um þá segi ég bara: „You ain't seen nothing yet“. Á mælikvarða matsfyrirtækjanna fá þeir örugglega einkunnina AAA – með a.m.k. tíu plúsum.

SIMPLY CLEVER
ŠKODA




**ŠKODA Yeti 2.0 TDI, 4x4** kostar aðeins frá kr:
**4.490.000,-**

Í **ŠKODA Yeti** er sérhver ökuferð einstök. Yeti er sterkur en samt nettur og tekst auðveldlega á við allar aðstæður.
Undir vélarhlífinni er Yeti með aflmikla og sparneytna 2.0TDI dísilvél sem eyðir aðeins frá 6 lítrum á 100km.

**Umboðsmenn**
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði
**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 60434 08/12



# BÆTTU SMÁ PARÍS Í LÍF ÞITT

## Verð frá 20.800 kr.

**Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.**




**Melatorg er bara brot af heiminum**

Þér þykir kannski vænt um Vesturbæinn. En þér á eftir að þykja ógleymanlegt að rölta um torgin í París, setjast þar niður með bolla af hnausþykku súkkulaði og horfa á mannlífið. París er seiðandi og fjörug og rómantíkin blómstrar ekki síður á Signubökkum en í sólarlaginu vestur á Nesi.



+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

# Misskilningur leiðréttur

Mannréttindi



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Merkilegt hve miklum misskilningi var hægt að koma fyrir í örlitlu plássi í þættinum Frá degi til dags á leiðarasíðu Fréttablaðsins í byrjun síðustu viku. Þar er sagt að á mínu borði „liggi álit frá Mannréttindadómstól Evrópu sem taldi að brotið hefði verið á tveimur sjómönnum sem tóku sig til og veiddu án kvóta. Ögmundur … mætti gera þó ekki væri nema eitthvað.“

Hér er væntanlega vísað til þess þegar tveir sjómenn voru á sínum tíma dæmdir í Hæstarétti fyrir að veiða án heimilda og leituðu til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna vegna niðurstöðu dómstólsins. Nefndin komst í framhaldinu að þeirri niðurstöðu árið 2007 að þættir í íslenska kvótakerfinu stæðust ekki jafnræðisákvæði samnings SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en mannréttindanefndin starfar á grundvelli þess samnings.

Grundvallarmunur er á niðurstöðum Mannréttindadómstóls Evrópu og mannréttindanefndar SÞ, enda er dómstóllinn dómstóll og nefndin er nefnd en ekki dómstóll.

Niðurstöður mannréttindanefndar SÞ eru ekki bindandi eins og niðurstöður dómstóls heldur eru tiltekin álitamál borin undir nefndina sem síðan leggur mat á þau með hliðsjón af ákvæðum samningsins. Réttaráhrif álita nefndarinnar eru önnur en dóma, en mín skoðun er sú að niðurstöður mannréttindanefndar SÞ beri að sjálfsögðu að taka alvarlega. Íslensk stjórnvöld hafa og sýnt vilja til að koma til móts við sjónarmið nefndarinnar eins og hún hefur staðfest: Mannréttindanefnd SÞ hefur gefið út tilkynningu þess efnis að íslensk stjórnvöld hafi gripið til fullnægjandi aðgerða vegna þessa máls og í framhaldinu lokað því fyrir sitt leyti.

Þetta var ítrekað síðast í júlí, þegar Ísland var tekið fyrir hjá mannréttindanefndinni í Genf vegna framkvæmdar á umræddum mannréttindasamningi. Menn geta haft sína skoðun á því hvort fiskveiðistjórnunarkerfinu hvort og þá hverjar heimildir ég hefði til þess að semja við sjómennina um fjárbætur en annar tveggja þátta álits nefndarinnar laut að því að þeim skyldu greiddar bætur vegna málsins. Í niðurlagi bréfs sem ég ritaði embætti Ríkislögmanns segir:

„Vilji minn stendur til þess að ganga eins og langt og unnt er til sátta við þá einstaklinga sem hlut eiga að máli, en innan þeirra marka sem lög og regluverk leyfa og með hliðsjón af þeim fordæmum sem kynnu að skapast. Þess vegna leyfi ég mér að fara þess á leit við Ríkislögmann að hann yfirfari málið og gefi á því álit

> Ég átti fundi með viðkomandi einstaklingum og lögmanni þeirra og hafði skilning á þeirra málstað. Í kjölfarið tók ég málið inn í ríkisstjórn og skýrði frá því að ég hefði í hyggju að kanna hvort og þá hverjar heimildir ég hefði til þess að semja við sjómennina um fjárbætur en annar tveggja þátta álits nefndarinnar laut að því að þeim skyldu greiddar bætur vegna málsins.

hafi verið breytt sem skyldi eða áformin sem uppi eru nú gangi nógu langt en það er önnur saga. Þetta var, með réttu eða röngu, niðurstaða mannréttindanefndar SÞ.

Það er því bæði rangt að álitsgerð hafi komið frá Mannréttindadómstól Evrópu og að málið hafi legið óhreyft á mínu borði.

Ég átti fundi með viðkomandi einstaklingum og lögmanni þeirra og hafði skilning á þeirra málstað. Í kjölfarið tók ég málið inn í ríkisstjórn og skýrði frá því að ég hefði í hyggju að kanna hversu langt er hægt að ganga í þeirri viðleitni að ná fram sáttum.“

Þann 6. desember sl. barst mjög afdráttarlaust svar frá embætti Ríkislögmanns þar sem staðhæft var að ég hefði ekki lagalegar heimildir til þess að koma að þessu máli með fjárstuðningi.

Mér er kunnugt um að sjómennirnir hafi á síðari stigum leitað til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna málsins, en ekkert liggur fyrir um hvort dómstóllinn taki málið til efnislegrar meðferðar.




# Minni þjónusta

Menntun



Guðrún Ragnarsdóttir
lýðheilsufræðingur og doktorsnemi

Hversu langt er hægt að ganga í niðurskurði í framhaldsskólum á sama tíma og þess er krafist að skólarnir innleiði nýja aðalnámskrá sem ætlað er að auka gæði náms og kennslu, bæta þjónustu við nemendur og stuðla að fjölbreyttara skólastarfi?

Í framhaldsskólum landsins hefur átt sér stað mikill niðurskurður sem ekki sér fyrir endann á eins og fram hefur komið í viðtölum við skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Kvennaskólans í Reykjavík. Undirrituð hefur á tveggja ára fresti frá 2008 rannsakað meðal framhaldsskólakennara málefni er varða starfsumhverfi þeirra og eru niðurstöður þeirra rannsókna í samræmi við lýsingar skólameistara á áhrifum niðurskurðarins á skólastarfið.

Í stuttu máli sagt bitnar niðurskurðurinn bæði á nemendum og framhaldsskólakennurum. Með fjölmennari námshópum minnkar þjónusta við nemendur og álag á framhaldsskólakennara eykst. Rannsóknargögnin sýna minni starfsánægju og aukna streitu meðal framhaldsskólakennara sem vinna sífellt lengri vinnudag þrátt fyrir að dregið hafi úr yfirvinnugreiðslum.

Annar hver framhaldsskólakennari í fullu starfi vann daglega tíu klst. á vorönn 2011. Árið 2012 fundu sex af hverjum tíu fyrir streitu í starfi samanborið við fjóra árið 2010. Aðeins þriðji hver hafði svigrúm til að sinna nemendum með sérþarfir árið 2012 samanborið við fjórða hvern árið 2008. Árið 2012 fann áttundi hver framhaldsskólakennari fyrir vandamálum tengdum fjölda nemenda í námshópum samanborið við sjötta hvern 2008. Enn fremur hafði þriðji hver framhaldsskólakennari svigrúm til að sinna nemendum með sérþarfir árið 2012 samanborið við fjórða hvern árið 2008.

Þeim framhaldsskólakennurum sem fundu fyrir vandamálum tengdum fjölda nemenda í námshópum fannst jafnframt kennarastarfið erfiðara andlega en þeim sem ekki finna fyrir slíkum vandamálum, fundu frekar fyrir streitu í starfi og töldu sig hafa minna svigrúm til að sinna nemendum með sérþarfir og nota fjölbreytta kennsluhætti og námsmat.

Niðurstöðurnar eru mikið áhyggjuefni og ljóst að framhaldsskólakennarar ná ekki að uppfylla markmið nýrrar aðalnámsskrár og koma til móts við þann fjölbreytta nemendahóp sem sækir framhaldsskóla landsins. Líklegt er að brottfall aukist vegna stærri nemendahópa sem gengur þvert á fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í Sóknaráætluninni 2020 um hærra menntunarstig þjóðarinnar og minna brottfall úr framhaldsskólum landsins. Huga þarf einnig að auknu álagi framhaldsskólakennara en rannsóknir sýna að streita og álag leiða til kulnunar, heilsubrests og flótta úr starfi.

Mikilvægt er að stjórnvöld horfist í augu við þennan vanda og geri framhaldsskólunum raunverulega kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum með velferð og vellíðan nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

# Endurhæfing heyrnarskertra

Heilbrigðismál



Kristbjörg Gunnarsdóttir
heyrnarfræðingur á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Samkvæmt könnun frá 2011, sem lögð var fyrir heyrnarfræðinga í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi, bendir margt til þess að íslenskir heyrnarfræðingar séu fastari í tæknihugsun en kollegar þeirra í Svíþjóð og Noregi. Ástæða þess getur verið margþætt en helst ber að nefna óskýrt lagaumhverfi í þessum málaflokki. Bæði í Svíþjóð og í Noregi er regluverk mun skýrara hvað varðar endurhæfingu heyrnarskertra en á Íslandi. Í Svíþjóð hafa hagsmunasamtök heyrnarlausra og heyrnarskertra til að mynda lagt fram skýra hugmynd um alla þá þætti sem mikilvægir eru við endurhæfinguna (Sjá www.hrf.se). Samkvæmt þeirri hugmynd er mikilvægt að endurhæfingin byggist á ýmsum öðrum þáttum en notkun heyrnartækja.

Heyrnarskerðing sem á rætur að rekja til innra eyrans flokkast undir krónískan (ólæknanlegan) sjúkdóm. Í innra eyranu eru tugir þúsunda af litlum hárfrumum sem gegna því hlutverki að breyta hljóðbylgjum í rafboð sem síðan berast með heyrnartauginni upp í heila. Þegar hárfrumurnar deyja hætta þær að geta sent þessi rafboð.

Krónískir sjúkdómar eiga það sameiginlegt að breyta lífsgæðum og lífsformi einstaklinga og þá oft til frambúðar. Endurhæfing heyrnarskertra á að fela í sér margþættar aðgerðir sem allar eiga að bæta stöðu hins heyrnarskerta í samfélaginu og stuðla að því að hann læri að lifa með heyrnarskerðingunni. Aðgerðirnar eiga að vera einstaklingsmiðaðar og leiða til þess að einstaklingurinn verði sjálfstæður og virkur þátttakandi í samfélaginu. Í gegnum tíðina hefur endurhæfing heyrnarskertra einstaklinga, bæði hér á landi og erlendis, í meginatriðum falist í notkun á heyrnartækjum og öðrum hjálpartækjum. Sú hugsun er að breytast hratt og áherslan á heildræna endurhæfingu er að ryðja sér til rúms á mörgum stöðum.

Í sænskum lögum stendur til að mynda að sjúklingar eigi rétt á endurhæfingu sem byggð sé á heildstæðri sýn. Einstaklingsmiðuð endurhæfing sem samanstendur af félagslegum, sálfræðilegum, læknisfræðilegum og tæknilegum inngripum, þar sem sjúklingurinn tekur virkan þátt í endurhæfingu, er bundin í lög. Þegar heyrnarskertur einstaklingur leitar sér aðstoðar á samkvæmt lögum að gera endurhæfingaráætlun fyrir hann þar sem heyrnarfræðingurinn og hinn heyrnarskerti setja í sameiningu niður raunhæf markmið. Norsk viðtalsrannsókn, sem var gerð í 15 sveitarfélögum árið 2006, sýnir að einstaklingum sem unnið var með í einstaklingsbundinni endurhæfingaráætlun fannst að þeir hefðu meiri stjórn á lífi sínu.

Í íslenskri löggjöf er ekki skýrt kveðið á um einstaklingsbundna endurhæfingaráætlun fyrir þá sem búa við heyrnarskerðingu. Umfjöllun um endurhæfingu heyrnarskertra og mikilvægi hennar er af skornum skammti. Á Íslandi hefur fyrst og fremst verið lagt upp úr notkun heyrnartækja sem er vissulega mikilvægur þáttur í endurhæfingunni en getur ekki staðið einn og sér. Það að láta einstakling fá heyrnartæki án frekari endurhæfingar og stuðnings er eins og að láta einstakling fá gervifót án þess að þjálfa hann í að nota hann. Heyrnartæki gefa einstaklingum með heyrnarskerðingu ekki eðlilega heyrn og það tekur oft langan tíma að aðlagast þeim. Því er nauðsynlegt að grípa til annarra skipulagðra aðgerða samhliða því að nota heyrnartæki.

# 3,7 L/100 KM

*M.V. LANGKEYRSLU

# SJÁLFSKIPTUR

## VERÐ 3.690 ÞÚS. KR. DÍSIL

STAÐALBÚNAÐUR M.A. ÞRÁÐLAUS SÍMABÚNAÐUR(BLUETOOTH) - 16” ÁLFELGUR ASR SPÓLVÖRN - HRAÐASTILLIR - LEÐURKLÆTT AÐGERÐASTÝRI - LOFTKÆLING OG MARGT, MARGT FLEIRA.




Aukabúnaður á mynd: Dynamic pakki og 18” álfelgur.

**A** MENGUNARFLOKKUR

$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 110 G/KM

er með því lægsta sem þekkist í bílum í þessum stærðarflokki.

**1428 km***

*Miðað við blandaðan akstur

Nýr Renault Megane með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra sjálfskiptingunni er með sparneytnustu bílum sem völ er á. Hann getur ferðast 1428 km á einum tanki.

## RENAULT MEGANE SPORT TOURER

VERÐ **3.690 ÞÚS. KR., SJÁLFSKIPTUR DÍSIL**

Græn Ergo fjármögnun (ekkert lántökugjald)
50% útborgun 1.845 þús. kr.
Greiðsla á mánuði í 84 mán. 30.773 kr.

P FRÍTT Í STÆÐI!

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



## KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

B|L

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur. Þú þiggur kaffi og lætur sölumenn okkar aðstoða þig við að reikna út hvernig þú getur eignast nýjan sparneytinn Renault. Eftir að hafa reynsluekið Renault kemst þú að því hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

www.facebook.com/renault.is

www.renault.is

RENAULT

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

BL Sævarhöfða 2, 525 8000

# Staðreyndir um samsæri

Fjármálaeftirlitið

Halldór Halldórsson
fjölmiðlafræðingur og blaðamaður



Ritstjóri Fréttablaðsins spyr í forystugrein í blaði sínu miðvikudaginn 22. ágúst vegna málefna fv. forstjóra Fjármálaeftirlitsins: Hvað varð um samsærið? Svolítið sérkennileg spurning, því ritstjóra fréttablaðs á að vera kunnugt um, að samsærið „gekk upp“ eftir mikla þrautagöngu stjórnar FME í tvö ár. Forstjórinn var rekinn vegna „huglægs mats“ lögfræðings og endurskoðanda, sem í þriðja lögfræðiáliti málsins komust að því sama og hin fyrri tvö, að engin lagaleg rök stæðu til þess að reka forstjórann!

Í máli sínu ruglar ritstjórinn saman samsærinu um að losna við Gunnar Andersen úr starfi forstjóra FME og óbirtri ákæru á hendur honum um meint upplýsingalekabrot, ákæru sem var lekið í Fréttablaðið. Þetta eru tvö óskyld mál. Gunnar var látinn víkja úr starfi vegna ásakana um að hafa leynt upplýsingum frá því 2001 um aflandsfélög Landsbankans, þegar hann var einn af framkvæmdastjórum gamla bankans. Þá fékk hann þá ráðgjöf frá FME og raunar víðar, að honum bæri ekki að blanda upplýsingum um þessi tvö félög við annað í umbeðnu bréfi til eftirlitsins.

Hvar er samsærið? spyrð þú. Svarið er einfalt: Það tókst. Það fólst í því að þjóna hagsmunum valdsmanna, nokkurra stjórnmálamanna allra flokka, embættismanna og svo náttúrlega svindlaranna í bönkunum, sem settu Ísland á hausinn. Þeir vildu fyrir alla muni losna við kraftmikinn mann hjá FME, sem laut ekki boðvaldi þeirra og neitaði margoft að ganga erinda þeirra í starfi. Hann var búinn, ásamt góðum starfsmönnum FME, ónefndum fórnarlömbum þessa gráa gamans, að ryðja yfir 80 málum til sérstaks saksóknara og annarra réttargæzluembætta þannig að mörgum guðjónum og guðjónssonum í hópi svindlara og lögmanna þeirra auk annarra ónefndra þiggjenda bóluáranna, var hætt að lítast á blikuna.

### Gunnar ekki vanhæfur – þrjú samdóma lögfræðiálit

Fljótlega eftir að Gunnar var ráðinn settust menn niður og lögðu á ráðin um samsæri gegn forstjóranum. Eftir þrotlausar tilraunir samsærismanna tókst loks að búa til brottrekstrarsök. Margir Íslendingar halda að samsæri séu óþekkt fyrirbæri á Íslandi. Samsæriskenningar eru gjarnan bölvuð della, en það þýðir ekki, að samsæriskenningin um brottrekstur Gunnars Þ. Andersen sé della. Hún er augljós og liggur raunar fyrir skjalfest í skýrslum, bréfum, fréttatilkynningum, fréttum og ýmsum öðrum upplýsingum þessa ævintýralega máls, sem á sér ekki líka í íslenzkri samtímasögu, og er þá mikið sagt.

Upphaf máls var, að háttsettir og valdamiklir samsærismenn fóru af stað til að losna við OF duglegan rannsakanda hjá FME:

1. Fyrst var leitað til heiðarlegs lögmanns, Andra Árnasonar, sem komst að þeirri niðurstöðu í sérstakri könnun (1. skýrsla) á málinu fyrir FME, að Gunnar hefði ekki brotið lög og engin rök stæðu til að reka hann. Samsærismenn voru óánægðir og báðu Andra að fara aftur yfir málið. Niðurstaða skýrslu númer 2 var sú sama.

2. Nú leið Valdimar Leifssyni, form. stjórnar FME illa og bað hann þá um nýjan lögmann samkvæmt „áætlun“ (MBL), „ferli“ (RÚV) FME. Morgunblaðið spurði undrandi hvers vegna væri allt í einu beðið um nýtt lögfræðiálit á tveimur fyrirliggjandi lögfræðiálitum og hefur eftir stjórnarformanni, að „… niðurstaða Andra hafi verið mjög skýr“. Gunnar væri ekki vanhæfur.

En þrátt fyrir „skýra“ niðurstöðu var Ástráður Haraldsson lögmaður samt fenginn til að endurtaka verkið og í þriðju skýrslu um meint vanhæfi Gunnars komst hann að sömu niðurstöðu og Andri. Gunnar hefði lagalega hreinan skjöld og væri hæfur.

### Stæk skítalykt samsæris – Stjórn FME tók löglausa ákvörðun

Núna ættu lesendur að vera farnir að finna skítalykt af samsæri. En ef ekki, skal ég bæta um betur:

3. Daginn áður, en þriðju skýrslu (Ástráður) var skilað inn, þ. 15. feb. 2012, neyddist Valdimar stjórnarformaður til að segja: „… engin ástæða til að reka Gunnar.“

Næsta dag skilaði Ástráður lögfræðiáliti sínu (16. feb.). Þar leynist kafli með prívathugleiðingum lögmannsins og samkvæmt stórkostlegri „huglægri niðurstöðu“ segir hann að í ljósi þess að Gunnar telji sig ekki hafa gert neitt rangt (e.o. Andri og Ástráður eru sammála Gunnari um) vakni efasemdir um „óhæði“ embættisins! Auk þess nefnir Ástráður, að umræða um embættið, sem samsærismenn komu reyndar sjálfir á stað, hafi kannski áhrif á þetta „óhæði“! Þetta er nýtt innlegg og einhver ævintýralegasta vitleysa, sem ég hef séð og það í svokölluðu „lögfræðiáliti“.

En meginniðurstaða Ástráðs er þó þessi: „Við tökum undir þá niðurstöðu Andra Árnasonar að gögn málsins beri ekki með sér neitt sem bendi til þess, að Gunnar Þ. Andersen hafi brotið lög með aðkomu sinni að skipulagningu aflandsstarfsemi Landsbankans og stjórnarsetu í NBI Holdings Ltd. og LB Holding Ltd. … Einnig er það mat okkar að ekki séu forsendur til þess … að víkja forstjóranum frá störfum, hvorki tímabundið né varanlega.“

4. Þessi þriðja samhljóða niðurstaða jafnmargra lögfræðiálita um hæfi Gunnars dugði ekki! Daginn eftir, að Ástráður og Ásbjörn Björnsson endurskoðandi skrifa undir álit sitt, sendir stjórn FME samt bréf til forstjórans dags. 17. feb. 2012 og segist ætla að segja honum upp vegna þess, að hann hafi „átt þátt í aðgerðum sem voru til þess fallnar að villa um fyrir stofnuninni við eftirlit hennar með málefnum bankans“.

Þann 1. marz 2012 var Gunnar svo rekinn vegna „villandi upplýsingagjafar“ árið 2001 og einnig vegna þess, að Gunnar teldi sig ekki hafa gert neitt rangt fyrir 11 árum! Lögmennirnir töldu ástæður FME ekki gild vanhæfisrök. Þannig er niðurstaðan beinlínis óskiljanleg nema kannski vegna þess, að við vitum, að niðurstaðan átti að vera brottrekstur, hvað sem það kostaði. Þetta er samsærið, sem Fréttablaðið spyr um!

Skráð 22. ágúst.

# Þegar niðurlæging og ofbeldi er fyndið og flott

Samfélagsmál

Kristín Linda Jónsdóttir
ritstjóri Húsfreyjunnar



Hvernig getum við bætt samfélagið okkar? Hvernig getum við hvert og eitt lagt okkar lóð á vogarskálarnar til að samfélagið okkar temji sér siði, venjur, viðhorf og samskipti sem endurspegla ætíð jákvæð gildi? Gildi sem við erum öll sammála um á hátíðarstundum en virðast hreinlega afskrifuð við ákveðnar aðstæður eða atburði eins og þau eigi ekki við þar og þá sé bara eðlilegt og sjálfsagt að vaða fram með öðrum hætti.

Þannig var það til dæmis þegar ungur drengur fór með föður sínum á sjóinn og komst þar að því að menn sem voru með þeim feðgum um borð töldu sjálfsagt og eðlilegt, já, bara fyndið og flott, að beita hann andlegu og líkamlegu ofbeldi. Þarna í bátnum væri í lagi að kasta gildum fyrir borð og sýna þeim yngsta, nýliðanum, framkomu sem annars er dæmd algjörlega óásættanleg og þessir menn hefðu ekki sýnt í götunni heima. Sagan segir frá ýmiss konar sviðsmyndum þar sem fólk er beitt ofbeldi og niðurlægingu, af því að það er sett í ákveðin hlutverk eða ákveðnar aðstæður eru settar upp, oft í skjóli einhvers konar hefða eða ómenningar. Svo er þetta líka allt svo sniðugt og fyndið og á eftir eru allir vinir, ja, nema kannski Sigga sem lenti á slysó og Gunni sem fór víst heim í ofsakvíðakasti og þjáist enn af alvarlegri fælni æ, þau gleymdu sér aðeins og héldu honum of lengi. Það tekur aðeins nokkrar sekúndur að finna frásagnir af busavígslum sem hafa farið úr böndunum hér á landi á síðustu árum, ofbeldis-, viðbjóðs- og niðurlægingarmyndir á veraldarvefnum þar sem börnin okkar eru fórnarlömbin.

Einmitt núna er þetta skipulagða ferli niðurlægingar og jafnvel ofbeldis fram undan hér á landinu okkar. Settar eru upp aðstæður þar sem börn eru í besta falli útilokuð frá ákveðnum svæðum á eigin vinnustað, flokkuð óæðri, látin lúta höfði fyrir böðlum sínum, þjóna þeim og sýna þeim undirgefni, ganga innan þröngrar línu, skríða, ganga í bandi eða þau gerð að aðhlátursefni. Í versta falli er þeim misboðið með beinu ofbeldi, þvinguð til innbyrðingar, bundin saman eða við staur, ötuð ógeði, hífð upp í kös með krana í fiskineti og bleytt með háþrýstidælu, neydd ofan í kar með slori, kaffærð. Já, þetta hefur allt gerst síðustu ár á busatímabilum og í busavígslum hér á landi.

Ofbeldi er bannað á Íslandi. Það er ólöglegt og siðlaust að leggja hendur á börn. Samt finnst enn mörgum sjálfsagt, fyndið og gaman að fullorðið fólk í efri bekkjum framhaldsskóla gangi fram í hlutverki böðla gegn 16 ára börnum sem eru nýliðar á nýjum vinnustað í skólanum sínum. Fyrirslátturinn er hefðir, ómenning og sú neikvæða siðvenja að til að verða fullgildur í hópi skuli einstaklingur niðurlægður til hlýðni og ótta við þá sem fyrir eru. Að ekki sé talað um rökleysuna að þetta hafi alltaf verið svona og að þeir sem hafi eitt sinn verið niðurlægðir sem busar hafi rétt á að vera böðlar og niðulægja aðra. Hvaða bull er þetta?

> Það tekur aðeins nokkrar sekúndur að finna frásagnir af busavígslum sem hafa farið úr böndunum hér á landi …

Það jákvæða er að í samfélaginu okkar hefur stigið fram fólk sem hefur kjark og kraft til að stöðva neikvæða siði, hafna þeim og bjóða upp á jákvæða siði í staðinn. Við erum samfélagið, það er okkar að móta það á jákvæðan og ákjósanlega hátt á hverri einustu stundu, ekki að sitja þegjandi hjá þegar við vitum betur. Ekki að láta ferli sem hafa sannarlega valdið börnunum okkar sálrænum og líkamlegum skaða halda áfram af því að það er svo fyndið. Ekki að stökkva í varnarstöðu vegna fortíðar og hafna breytingum til batnaðar.

Því betur hafa margir skólar leitast við að breyta busavígslum en það er einfaldlega ekki nóg að niðurlægja börn minna en áður. Það á einfaldlega ekki að sýna börnum annars flokks framkomu á neinn hátt, hvort sem þau eru nýnemar eða ekki. Það á aldrei að samþykkja veiðileyfi eins hóps á annan, neikvæð samskipti byggð á flokkun og merkingum, að einn hópur líti niður á annan, þvingi, hræði, sýni hroka eða ofbeldi. Því verðum við að hafna busavígslum og busadögum alfarið í samfélaginu okkar, það eru ótal aðrir valkostir til til að skapa tilbreytingu og viðburði. Í Verkmenntaskólanum á Akureyri er ekki busavígsla heldur nýnemahátíð og við setningu Framhaldsskóla Suðurlands nú í ágúst skýrði skólameistari frá því að ekki yrði busavígsla heldur tónleikar og veitingar fyrir nemendur. Stjórnendur þessara skóla og annarra sem hafa haft kjark og kraft til að hafna alfarið neikvæðri siðvenju sem ber í sér ofbeldi, niðurlægingu og skaða, eiga hrós, virðingu og þökk skilið. Þeir hafa lagt sín lóð á vogarskálarnar til að bæta samfélagið okkar. Aðrir hafa breytt til betri vegar en eiga enn eftir að stíga skrefið til fulls og leggja allt sem tengist busavígslum, böðum og busum af því að það er hvorki fyndið né flott að vera böðull eða busi.



**LJÚFFENGT BLÓMKÁLS-TEMPURA**
**Blómkál er holl fæða. Hægt er að matreiða það á ýmsan hátt, til dæmis djúpsteikja í tempura-deigi að hætti Japana. Hrærið ísköldu sódavatni saman við tvo bolla af hveiti og 1 tsk. lyftiduft. Hlutið kálhausinn niður, setjið í deigið og djúpsteikið í smá stund. Afar ljúffengt.**



Útsala
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

Mjög fallegur!

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
teg 8115 - létt fóðraður og styður vel í B, C skálum á kr. 5.500,- buxur í stíl á kr. 1.995,-
Vertu vinur

Eirberg

Nuddrúlla
–mýkir upp stífa vöðva
Verð: 5.470 kr.
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi
Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.

Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu
Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kíkið á praxis.is
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–18. Lokað Laug.




MYND/STEFÁN

# SYKURSKERT GOS ER EKKI BETRA

**DRYKKIR** *Neysla á sykurlausum gosdrykkjum hefur aukist undanfarin ár. Vafi leikur á því hvort sykurskertu drykkirnir séu betri en þeir sykruðu.*

Neysla á sykruðum gosdrykkjum hefur minnkað umtalsvert undanfarin ár hér á landi en meira er drukkið af sykurlausum gosdrykkjum en áður. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á sykurlausum drykkjum en niðurstöður þeirra benda til að sykurlausu drykkirnir séu ekkert hollari en þeir sykruðu.

„Rannsóknir sem hafa verið gerðar á dýrum og í tilraunaglösum benda til að þessi efni hafi áhrif á seddustjórnun og séu lystaukandi,“ segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent í næringarfræði á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Anna Sigríður segir erfitt að yfirfæra niðurstöður þessara rannsókna yfir á mannfólk. „Það virðist vera að fólk sem drekkur sykurskerta drykki sé aðeins þyngra, en er það vegna drykkjanna eða er það vegna þess að það er þyngra fyrir og telur sykurskertu drykkina vera lausn við ofþyngdinni? Hegðun fólks getur spilað stórt hlutverk. Það er líka spurning í hvaða samhengi við drekkum gos og hvað við leyfum okkur. Margir hugsa dæmið þannig að ef þeir drekka sykurskertan drykk sé í lagi að kaupa stærra súkkulaði á móti. Neyslumynstur í kringum gosdrykkjaneyslu almennt er óhollara en hjá þeim sem drekka minna eða ekkert gos. Því er erfitt að sjá orsakasamhengi.“

Ljóst er þó að sykurskertir drykkir eru ekki hollustuvara og ekki megrunarvara sem slík. „Þó að fólk breyti yfir í gervisætuefni í stað sykraðra gosdrykkja þá er það ekki að breyta neysluhegðun sinni. Sætan er enn til staðar og hún kallar oft á að meira sé borðað. Fólk sparar ef til vill kaloríur á gosinu sjálfu en samt ekki í heildina því kaloríurnar sem sparast eru sóttar eitthvert annað í staðinn. Heilbrigt líferni snýst um að læra að horfa á heildarmyndina og vera meðvitaður neytandi í öllu mynstrinu. Ekki lifa meinlætalífi og það er allt í lagi að leyfa sér stundum það sem er gott. Þá er líka allt í lagi að leyfa sér það gos sem manni finnst best, til dæmis einu sinni í viku, en ekki drekka það sykurlausa í trú um að það sé hollara. Það á að drekka gos í það litlu magni að tegundin skipti ekki máli,“ segir Anna.

■ lilja.bjork@365

**EKKI HOLLT** Anna Sigríður segir sykurskerta gosdrykki ekki vera hollustuvöru og alls ekki megrunarvöru sem slíka.





iittala
Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

## NAUÐSYN AÐ ÞJÁLFA HEILANN

**HEILALEIKFIMI** Það er nauðsynlegt að þjálfa heilann eins og aðra hluta líkamans. Ýmis ráð eru til þess, bæði er varða mataræði og hugsun. Stundum er talað um heilaleikfimi og víst er hún nauðsynleg. Omega-ríkur matur eins og fiskur ætti að vera oft á borðum en einnig bláber en nóg er til af þeim um þessar mundir. Hnetur og möndlur eru auk þess gott heilafóður. Tölvuleikir margs konar geta eflt heilann og einnig annars konar spil og þrautir. Reynið að muna símanúmer í stað þess að hafa þau í minni símans.






**Nýi tónlistarskólinn**

Getum bætt við okkur nokkrum nemendum á píanó og þverflautu.

Nýi tónlistarskólinn • Grensásvegi 3 • sími 553-9210
postur@nyitonlistarskolinn.is • www.nyitonlistarskolinn.is

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hverning standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

**Umsögn:**
*„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni".*



*Martha Jensdóttir kennari.*

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




# HUGLEITT Á FÉSINU

**40 DAGAR** *Langar þig að fylgja innsæi þínu og lifa vel af draumastarfinu? Þá skaltu gefa sjálfum þér ellefu mínútur á dag til að hugleiða óskirnar til þín.*

Allt sem við sáum í huga okkar og vitund mótar veruleika okkar. Því er mikilvægt að vera meðvitaður um góðar hugsanir og gott að taka frá tíma til að setja fram óskir um það sem við viljum í stað þess að lifa í ótta og skorti."

Þetta segir Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari sem næstkomandi mánudag hrindir af stað fjörutíu daga hugleiðslu á Facebook.

„Ég ólst upp í sveit og þekki vel hversu erfitt er að mæta á ákveðnum tíma og í annan stað til að rækta líkama og sál. Hugleiðsluiðkun í fjörutíu daga eða lengur er vinsæl víða um heim til að njóta fyrirsjáanlegra áhrifa hugleiðslunnar. Á Facebook er hugleiðsla skemmtilega aðgengileg um leið og hún er þjónusta við þá sem vilja læra jóga en skortir stuðning og utanumhald. Það krefst nefnilega mikils sjálfsaga að iðka hugleiðslu samfleytt í fjörutíu daga," segir Arnbjörg.

Hugleiðslan kemur úr kundalini jóga eftir forskrift Yogi Bhajan. Iðkendur getur stundað hana hvar sem þeir er staddir í tilverunni; það eina sem þarf eru ellefu mínútur á dag í fjörutíu daga.

„Sagt er að það taki fjörutíu daga að breyta mynstri huga og vitundar og búa til grundvöll fyrir nýjan vana en þúsund daga að ná algjörum tökum á nýja vananum. Í heila okkar eru ákveðnar rásir sem verða virkar við vanabundna hugsun en með hugleiðslu og því að nota aðrar rásir getum við kallað nýjar og betri upplifanir inn í líf okkar," útskýrir Arnbjörg.

Á meðan á hugleiðslunni stendur mun Arnbjörg setja inn daglegan fróðleik og hvatningu fyrir iðkendur. Hægt verður að spyrja hana spjörunum úr og öðlast þannig betri skilning á iðkun hugleiðslu.

„Þema hugleiðslunnar er að finna arðbæra leið til að lifa af og fylgja sál og innri sannfæringu á sama tíma. Flestir eiga sér draumastarf og búa yfir einstökum hæfileikum en finna ekki leið til að hafa af þeim tekjur. Þessi hugleiðsla er sérstaklega ætluð til að sameina starf og áhugamál á þann hátt að einstaklingurinn lifi sinn sannleika," segir Arnbjörg.

Hugleiðsla á Facebook er ókeypis og er öllum velkomin, bæði byrjendum og lengra komnum.

*Nánari upplýsingar á www.graenilotusinn.is. Græni lótusinn er einnig á Facebook.*

thordis@365.is

**Í LÓTUSSTELLINGU** Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir er kundalinijógakennari og jógískur ráðgjafi. Hún segir iðkendur jóga geta stundað hugleiðslu heima, úti í náttúrunni eða hvar sem þeir eru staddir í tilverunni.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



ICELANDIC FOR FOREIGNERS

10 weeks courses – 60 class hours
Courses start on 18th of Sept.

ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV

Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10

Price: 25.000 kr.
Registrations and information:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
Tel: 564 1507

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

10 vikna námskeið – 60 kennslustundir
Kennslan hefst 18. september

ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV

þriðjudag og fimmtudag 19:00 – 21:10
Verð: 25.000 kr.
Innritun og upplýsingar á vef skólans
http://kvoldskoli.kopavogur.is

KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO DLA OBCOKRAJOWCOW

Kurs 10-tygodniowy-60 godzin lekcyjnych
Zajecia rozpoczynaja sie18. Wrzesnia

ISLANDZKI I
ISLANDZKI II
ISLANDZKI III
ISLANDZKI IV

wtorki i czwartki 19:00 – 21:10

Cena: 25.000 kr.
Zapisy i informacje na stronie szkoly:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
pod nr telefonu: 564 1507

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

http:// kvoldskoli.kopavogur.is

# BLINDIR FÁ SÝN

**TÆKNIFRAMFÖR** *Ný tækni byggð á ígræðslu rafeindaskauts í auga gerir það að verkum að alblindir einstaklingar hafa fengið takmarkaða sjón á ný. Einar Stefánsson augnlæknir segir stutt í að tæknin verði í boði fyrir Íslendinga.*

Undanfarin þrjátíu ár hafa menn reynt að búa til einhvers konar gerviauga til að lækna blindu. Fyrirtækið Second sight er komið hvað lengst í þeirri tækni að þróa rafeindaauga sem gerir fólki sem hefur verið blint árum saman vegna sjónhimnu- og taugaskemmda kleift að sjá á ný. Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við augndeild Landspítalans, starfaði um tíma með Mark Humayan sem er einn af upphafsmönnum Second sight-tækninnar.

„Tæknin er komin á það stig núna að fólk sem hefur verið alblint getur til dæmis séð glugga og dyr og komist leiðar sinnar utandyra. Það getur þó aðeins séð stóra hluti en ekki greint andlit, lesið eða annað slíkt. Vonast er til að slík framför náist á næstu tveimur til fimm árum. Þessi tækni er til dæmis notuð á einstaklinga með RP-sjúkdóminn. Um hundrað manns eru með þann sjúkdóm hér á landi,“ segir Einar. RP-sjúkdómurinn er næstalgengasta orsök blindu og sjónskerðingar hér á landi.

Tækni Second sight kallast Argus II. Hún byggir á gleraugum með lítilli myndavél. Myndavélin sendir mynd í tæki sem viðkomandi ber á sér. Tækið vinnur úr upplýsingunum og sendir aftur til gleraugnanna í gegnum kapal. Þaðan eru þær sendar úr þráðlausum sendi í gleraugunum í þráðlausan móttakara á auganu sem flytur þær í net rafskauta sem komið hefur verið fyrir ofan á sjónhimnunni. Boðin mynda rafpúlsa á netinu sem örva sjónhimnuna og þær frumur sem enn eru í lagi senda boð til sjóntaugarinnar og til heilans. Þannig sér sjúklingurinn ljósmynstur sem hann lærir að lesa úr og nær þannig að þekkja umhverfi sitt.

„Tæknin er töluvert langt á veg komin, enda verið lengi í þróun, og hillir undir að hún verði í boði hérlendis. Það gætu verið fimm ár í það, kannski minna. Þetta er samt ekki eina leiðin sem verið er að rannsaka. Til dæmis er verið að vinna í stofnfrumurannsóknum, sjónhimnuflutningum og lyfjaþróun auk þess sem fleiri útfærslur af þessari tækni eru í þróun.“

vidir@365.is



**RAFPÚLSAR OG LJÓSMYNSTUR** Einar segir að rafpúlsar myndi ljósmynstur á rafskauti sem komið er fyrir í auganu. Þannig sér sjúklingurinn ljósmynstur sem hann lærir að lesa úr.

## HÝÐI FYRIR ÞRÝSTINGINN

**EPLAHÝÐI KEMUR Í VEG FYRIR HÁAN BLÓÐÞRÝSTING**



**Kanadískir vísindamenn segja nú að þeir sem borða epli með hýðinu séu með því að sporna við of háum blóðþrýstingi. Hýðið var rannsakað sérstaklega og leiddu þær rannsóknir í ljós að hýðið hamlaði mjög hækkun ensíms sem kallast ACE, en það er þekkt fyrir að hækka blóðþrýsting. Grænt te og bláber hafa einnig sýnt forvarnareiginleika en þau blikna í samanburði við eplahýðið.**

BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur
og frábær tónlist
alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00



NÝ SENDING
AF DRÖGTUM OG BUXUM!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

RÝMINGARSALA Á ÚTSÖLUNNI

90% afsláttur af öllum útsöluvörum*
Flott föt fyrir flottar konur
st. 40 – 58
*90% afsláttur frá upphaflegu verði - reiknast af á kassa
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

SJÁÐU
ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR **FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**
ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR


STÖÐ 2 **BÍÓ**
STÖÐ 2 **GULL**
STÖÐ2 **KRAKKAR**
POPP **TÍVÍ**
MARGFALT
FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**


28 DAGA **FRELSI**
KVIK**MYNDIR**
FRÆÐSLU**EFNI**
KLASSÍSKT **ÍSLENSKT**
BARNA**EFNI**


Nú fylgja þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 bíó. Þjónusta við áskrifendur hefur einnig margfaldast með stórauknu framboði af efni á Netfrelsi Stöðvar 2. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina og bíómyndirnar af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni stöðvar 2, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.
ALLT ÞETTA FYRIR
**254 KR.** Á DAG
**MARGFALT SKEMMTILEGRI**

Þarfnastu meiri orku til daglegra starfa?


**Orkulausnir**, henta einstaklingum sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda, svo sem einstaklingum með vefjagigt og þeim sem þurfa þjálfun eftir veikindi af ýmsum toga.
- **Orkulausnir hefjast 4. september.**
- Þjálfun 2x í viku: Þri og fim kl. 15:00.
- Fræðsla og einstaklingsviðtal við hjúkrunarfræðing
- 8 vikna námskeið.
- Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkraþjálfari.
- Verð kr. 16.900 pr. mán. í tvo mán. þ.e. 33.800 fyrir 8 vikur.

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## BÍLAR & FARATÆKI

bifreiðasalan



SUBARU FORESTER 7-1998 EK. 223Þ. SKOÐAÐUR ÞOKKALEGUR BÍLL V-290 RAÐNÚMER,250219.



HYUNDAI TERRACAN GLX DISEL 4-2005 5GÍRA EK,144Þ FALLEGUR BÍLL SKOÐA SKIPTI V-1790 RAÐNÚMER.250215.



NISSAN TERRANO SPORT 8-2004 EK. 115Þ. 5GÍRA 7MANNA DÍSEL V-1690 RAÐNÚMER.250212.



VW BORA 1,6 SJÁLFSSK 1-2000 EK 172Þ NÝ TÍMAREIM OG VATNSDÆLA,,RAFGEYMIR V-390 RAÐNÚMER.250250



OPEL ASTRA-G 1,6 EK 137Þ NÝ TÍMAREIM OG VATNSDÆLA V-490Þ RAÐNÚMER.250221

**Bifreiðasalan**
**Stórhöfði 15, 110 Rvk**
**Sími: 577 4400**
**www.bifreidasalan.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanlegir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélasalan
577 4777



SAAB 9-7x arc. Árgerð 2007, ekinn 78 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.940.000. Rnr.129293.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

STÓRA BÍLASALAN



NÝR BÍLL - Toyota Yaris Hybrid Sol Sjálfskiptur, bakkmyndavél, loftkæling, 15" álfelgur o.m.fl.. 5 ÁRA ÁBYRGÐ! Verð aðeins 3.190.000kr. Raðn. 132536. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bilar.is bílasala



Land Rover Range Rover Supercharged Vouge, Árg 6/2007, ek 68Þ.KM, Umboðsbíll með öllu, litur út sem nýr, Ásett verð 8.900þ.kr, Tilboðsverð 7.900þkr Rnr.117183. Er í salnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Volvo S40 2,4 árg.'08, ek. 83 þ. V. 2790 þ. Sjálfsk, álfelgur og leðuráklæði S. 698-4828



Vel með farin Toyota Corolla 3ja dyra, árg'98 ekinn aðeins 95þús.km. Sjálfskiptur, tilboð óskast. S: 8925045



**Volvo S40 árg 2006, 220 hestöfl**
VOLVO S40 2,5I T5 221 hö - Beinskiptur 6 gírar - Ekinn 54. Þús. Verð 2.700.000 áhvílandi 2.000.000. Sími 8257228.



Til S. Honda Cr-v 2008. Ek. 95.xxx V.3.5M Sk. á Ód. S. 898-4804.



**Ódýrir góðir ný sk !!**
Opel vectra '99 ssk. ný tímar. pakkdósir, allar bremsur, púst ofl. Ek. 200Þ. V 250Þ. Grand cherokee limited 96' V. 200Þ. S. 821-9887.



M.BENZ A140 árg. 2002 1,4 5gír, sko '13, raf í rúð, ek.125 þús ný dekk ný yfirfarinn. Verð 990 þús. fæst á 850 stgr. S. 847 7663.



VOLVO DIESEL S80 ssk.diesel, árg. '02, ek. 430 þús. leður, mikið endurnýjaður og í góðu standi fæst á 595 þús. stgr . s. 8477663.



Audi V6, samskipt 44, B turbo. Allt rafdrifið. Árg. '01 des. Ek. 170 km. S. 616 2597.

Citroen Berlingo árg. '05 ný kúpling, tímareim og fl. Ek. 120þús. Verð 430þús Uppl. í s. 861 1508.

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 360 ÞÚS!**
MAZDA 323 1,5 árg. 2001 ek.180 þús., beinskiptur, skoðaður 2013, finn bíll sem eyðir litlu, ásett verð 550 þús. TILBOÐ 360 ÞÚS. s.841 8955.



**Toyota Avensis 280þús**
Toyota avensis 1.6 árg '99, ekinn 250þús, beinskiptur, dráttarkrókur, 5dyra, álfelgur, skoðaður 2013, góður í akstri, Tilboðsverð aðeins 280þús, uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**Kaupi bilaða bíla**
Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar á ca. 30 - 300 þús. S. 896 6744.

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL !!!**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## Sendibílar



KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar

VAKA



Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Bílapartasalan
Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is



Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

## Viðgerðir

**Bílfix**
Bílaviðgerði á betra verði. Bílfix Smiðjuvegi 10, rauð gata. S. 778 3911. www.bilfix.is

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**ÓDÝR ÞRIF**
fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**Hreingerningarþjónusta -Gerum verðtilboð-**
Öll almenn þrif, veggjahreinsun, flutningsþrif, gólfbónun, teppa og steinteppahreinsun. S. 842 6522

## Garðyrkja

Sælugarðar.is
→ Garðsláttur
→ Skjólveggjasmíði
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
▶ Trjáklippingar
▶ Trjáfellingar
▶ Beðahreinsun
▶ Stubbatæting
▶ Garðsláttur
Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Gardlist.is

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Meindýraeyðing

**Drepum geitungana**
Geitungasíminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is



Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Rafvirkjun


**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is


## Stífluþjónusta


**Stíflulagna þjónusta**

**Stíflulosun - myndun lagna - endurnýjum frárennsli og drenlagnir - setning rotþróa - malbiksögun - smágröfur vinna og leiga - vörubíll. Stíflu- og Lagnaþjónsutan S. 697 3933**


## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




Lay-Z-Spa uppblásnu heitu pottarnir eru komnir aftur Premium series línan var að koma og fæst á 125 þús. 900 lítra pottar með hitara og dælu. Auðveld uppsetning Og þægilegir í notkun. VDO Borgartún 36 S: 5889747 www.vdo.is



**Gróðurhús rýmingarsala**

6 fm með hertu gleri 190þ. 9 fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552 3300.


VERSLUNARTÆKNI

Flugnabani fyrir 180-375m²



18.900.- +VSK

www.verslun.is

Pöntunarsími: 5351300



Slökkvitækja-þjónusta



oryggi.is

Sími 570 2400

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN


## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**

Nýjar peysur komnar í bláu og svörtu. Útsala, 50% afsláttur af völdum vörum. Kjólar frá EIK design Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679.


ZUMBA SKÓR

Vinsælu dans og Zumba skórnir komnir.

Litir: svartur svartur/bleikur svartur/grár



ÁSTUND

Háaleitisbraut 68

Sími 568 4240

Facebook: Ástund dance



FLESHLIGHT STELPURNAR



múffan.is


Nánari upplýsingar í s. 849 0698.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl. í síma 8916447.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Sér hæð til leigu í einbýlishúsi á besta stað í bænum með búslóð. Uppl. í s. 820 7061.

Til leigu rúmlega 90 m2 3herb. Íbúð í 104 Rvík. Íbúðin er snyrtileg á jarðhæð í 3ja íbúða húsi. Leiguverð er kr.145.000 pr. mán. Eingöngu snyrtilegir og skilvísir leigendur koma til greina. Uppl. í s. 897 2025.

75fm 3herb íbúð í Gnoðavogi 104 rvk, Verð 150þús með hússjóð og hita. Laus strax uppl. í 8589012.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**

Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**

Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

Óska eftir 50-150fm Atvinnuhúsnæði fyrir léttan iðnað. Uppl. í s. 8230527 Ingvar.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012 , solbakki.311@gmail.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakari / Kaffihús í Skipholti**

**Óskar eftir starfskrafti fyrir og eftir hádegi. Ekki yngri en 25 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 820 7370 Ragga sveinsbakari@sveinsbakari.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**Fullt starf - Reykjavík**

**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir ýmist fyrir eða eftir hádegi. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/ umsokn.asp**

**Járniðnaðarmenn**

**Vantar duglegan og áhugasaman mann í smíðar og viðgerðir á vélbúnaði. Mest við skip. Góð laun í boði. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

Bakarameistarinn

**Kaffihús, Bakarí**

**Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf virka daga í Austurver, vinnutími 10-19 mán-fimmtd. og 8-16 á föstud. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

Óskum eftir að ráða spræka aðstoðramenn og nema í blikksmiðí Verða að vera stundvísir og áræðanlegir . www.blikk.is Upplýsingar á staðnum eða í síma 824 7750

Óskum eftir að ráða Blikksmiði eða menn vana blikksmíði . Verða að geta vaknað á morgnana og unnið sjáfstætt . www.blikk.is Upplýsingar á staðnum eða í síma 824 7750

Vanan háseta vantar á beitningavélabát sem rær frá vestfjörðum. Uppl. í síma. 8617655.

Kaffi Sólon óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Upplýsingar fást á staðnum.

**Þakvinna**

Verktakafyrirtæki óskar eftir aðstoðarmönnum sem fyrst. Góð laun í boði. Hörður. S. 892 5085.

## Atvinna óskast

Óska eftir framtíðarstarfi á höfuðborgarsvæðinu. Hef starfað mest við skrifstofustörf T.d. við Opus-Alt, Navision og Dk- bókhaldskerfi. Einnig við verslunar- og umsjónarstörf. joanna.hronn@gmail.com

## Atvinna

**TAKK!**

**Við erum himinlifandi með þær frábæru móttökur sem við höfum fengið í Austurstræti 7! Það er greinilegt að fólk er að fíla muffins í miðbænum svo ekki sé minnst á girnilega matseðilinn sem er í gangi allan daginn!**

**Þetta eru spennandi og skemmtilegir tímar og þar sem að allt starfsfólkið okkar hefur meira en nóg að gera viljum við endilega bæta við nokkrum vel völdum einstaklingum í þennan skemmtilega hóp. Við leitum að einstaklingum í full störf bæði í eldhús og sal. Vilt þú vera með ?**

***Hafðu þá samband á atvinna@muffinbakery.is eða sendu umsókn í gegnum www.atvinna.is***

THE MUFFIN BAKERY coffeehouse & restaurant

NPA MIÐSTÖÐIN

### Ertu að leita að fjölbreyttu starfi í vetur?

Ég er ung kona með hreyfihömlun í leit að aðstoðarkonu sem er til í fjölbreytta vinnu í vetur. Ég er bæði í fullu starfi og stunda framhaldsnám, bý í eigin íbúð og ferðast mikið vegna vinnu minnar, innanlands og utan. Ég þarf aðstoð við að framkvæma athafnir daglegs lífs, m.a. við hreinlæti, klæðnað, keyrslu, tiltekt, vinnu, o.fl. Nú þegar starfa hjá mér fimm aðstoðarkonur og er þörf á að bæta í hópinn.

Umsækjendur þurfa að vera á aldrinum 20-30 ára, reyklausir og með bílpróf sem er skilyrði. Jákvæðni, virðing, metnaður, sveigjanleiki og samvinna er lykill að farsæld í starfi sem þessu því með þinni aðstoð hef ég tækifæri til að lifa sjálfstæðu lífi.

Umsækjendur þurfa að geta unnið dag-, kvöld- og næturvaktir. Um er að ræða mjög heppilegt starf með námi eða öðrum verkefnum.

Reynsla af starfi með fötluðu fólki er **ekki** nauðsynleg!

**Umsóknarfrestur er 3. september 2012.**

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár sendist á freyja@npa.is.

Vinsamlegast tilgreinið 2-3 meðmælendur í ferilskrá.


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

Félag Fasteignasala



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

## TIL LEIGU – Dugguvogur 8 – Reykjavík



Til leigu húsnæði, 910 fm., sérinnréttað fyrir matvælaiðnað við Dugguvog 8 í Reykjavík, þar sem Esja var áður til húsa.

**TIL LEIGU – Askalind 2 – Kópavogur**
Til leigu gott 215 fm. skrifstofuhúsnæði með innkeyrsluhurð við Askalind 2 í Kópavogi. Tilvalið fyrir heildsölur.

**TIL LEIGU – Skógarhlíð 12 – Reykjavík**
Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða jarð hæðina sem er skipt niður í ca. 150 til 300 fm. einingar.

**TIL LEIGU – Vegmúli 2 – Reykjavík – 2. hæð**
Til leigu 280 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Vegmúla 2 í Reykjavík. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt.
Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.

BYGG



Stakfell
:: 535_1000
Grétar Haraldsson
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

# Til sölu

## Góður rekstur „Einstakt tækifæri“ Góð afkoma

- Vorum að fá í einkasölu lítið smásölufyrirtæki sem er með sitt eigið “vörumerki”
- Eigin framleiðsla, miklir vaxtamöguleikar.
- Öll tæki og búnaður af bestu gerð.
- Einkaleyfi á Íslandi.
- Fyrirtækið er einungis 2 ára og hefur verið rekið með góðum hagnaði frá upphafi.
- Fyrirtækið er mjög skuldlítið og er því ekki um yfirtöku á neinum áhvílandi lánum að ræða.

Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá Arnari Sölva í síma 896-3601 eða með tölvupósti í arnar.solva@gmail.com eða hjá Hannesi Sigurgeirssyni í síma 840-6801 eða með tölvupósti í hannes@stakfell.is
Bókið tíma og fáið allar nánari upplýsingar um félagið.

Stakfell.is :: 535_1000





Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

## JÖTNABORGIR 9

**OPIÐ HÚS KL. 17-17.30 Í DAG, ÞRIÐJUDAG.**
**Fasteignasali verður á staðnum. Verið velkomin!**




**SELJENDUR SKOÐA SKIPTI Á ÓDÝRARI EIGN! Ath óverðtryggð lán.**
Virkilega fallegt parhús með skjólgóðum og fallegum garði á afar góðum útsýnisstað við Jötnaborgir. Húsið sem er á tveimur hæðum og alls 211,5 fm er með innbyggðum 28,3 fm bílskúr. Hægt er að nýta hluta neðri hæðar fyrir studíó íbúð með sér inngangi eða stórt herbergi. Gólfefni eru parket og flísar. Upptekin loft eru á efri hæð. Útsýni er einstakt. **V. 44.9 millj.**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is



## Hólmaþing 7
203 Kópavogur
Útsýnislóð við Elliðavatn.

**Stærð: 805,0 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Fasteignamat: 9.510.000**

RE/MAX Lind



**Verð: 19.900.000**





Remax Lind kynnir: Ótrúleg staðsetning!

Hólmaþing 7 er 805 fm lóð á gullfallegum útsýnisstað við Elliðavatn.
Án efa með fallegri byggingalóðum sem í boði eru í dag.
Á lóðinni er gert ráð fyrir 2ja hæða húsi.
Hámarksbyggingamagn án sérstakrar umsóknar er 340 fm.

70% gatnagerðagjalda eru innifalin í lóðaverði.

Á lóðinni er ekki skilaréttur.



Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is



Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið



BYLGJAN 989

## Heimir & Kolla
## vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar







Láttu fagmann sjá um fasteignamálin.
HRINGDU NÚNA 896-2312

Sigurður Rúnar Samúelsson
Löggiltur fasteignasali

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Magnús Einarsson löggiltur fasteignasali


## Atvinna


# Óskum eftir

**kvöld- og helgarvinnufólki í sal.**




Einnig vantar framreiðslunema (þjónanema).
Upplýsingar gefur Jón Tryggvi Jónsson í síma 695 9588 eða jon@laekjarbrekka.is


Seltjarnarnesbær

## Menningarfulltrúi!

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf menningarfulltrúa. Menningarfulltrúi er yfirmaður Bókasafns Seltjarnarness og annarra málefna er tengjast menningarmálum. Á Seltjarnarnesi er rekin fjölbreytt menningartengd starfsemi sem hefur mikla möguleika á að eflast.

**Almennt ábyrgðar- og starfssvið:**

- Samræmir og hefur með höndum umsjón og ábyrgð með menningarviðburðum
- Sérfræðistörf við almannatengsl, útgáfu kynningarefnis auk þess að sjá um textagerð á heimasíðu bæjarins
- Umsjón með rekstri Bókasafns Seltjarnarness
- Umsjón Fræðaseturs í Gróttu, félagsheimilis og safna bæjarins
- Umsjón og eftirlit með gerð fjárhags- og starfsáætlana á því sviði sem heyra undir viðkomandi sem og kostnaðareftirlit
- Umsjón með áætlanagerð verkefna sem heyra undir viðkomandi
- Umsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir er heyra undir menningarsvið
- Annast samskipti við fjölmiðla
- Skipuleggur viðburði á vegum bæjarins, hefur umsjón með vinabæjarsamskiptum, samskiptum við félagasamtök og sjálfstæðar stofnanir á sviði menningarmála

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á menningarmálum
- Haldbær reynsla af áætlanagerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu
- Hugmyndaauðgi og skýr framtíðarsýn
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum

*Menningarfulltrúi er hluti af stjórnendateymi Seltjarnarnesbæjar. Starfsmenn á sviðinu eru u.þ.b. 10. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Um launakjör fer eftir ákvörðun fjárhags- og launanefndar um stjórnendakjör Seltjarnarnesbæjar. Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, í síma 5959 100. Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.*

**Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en föstudaginn 14. september 2012.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.


vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


VALIN BESTA NORRÆNA GLÆPASAGAN
ÞESSI MAGNAÐA SAGA HLAUT GLERLYKILINN 2010 SEM BESTA NORRÆNA GLÆPASAGAN.
NÝTT!
FLÖSKUSKEYTI FRÁ P
JUSSI ADLER OLSEN
Berlingske Tidende
Jydske Vestkysten
Jyllands-Posten
Ekstra Bladet
Nordjyske Stiftstidende
Fyens Stiftstidende
Tilboð
kr. 2.299
Áður kr. ~~2.699~~
JUSSI ADLER-OLSEN HEIMSÆKIR ÍSLAND
Höfundarkvöld
í Norræna húsinu
fimmtudaginn
30. ágúst kl. 20.00
ALLIR VELKOMNIR!
ADLER OLSEN
KONAN Í BÚRINU
ADLER OLSEN
VEIÐIMENNIRNIR
Konan í búrinu og Veiðimennirnir, fyrri bækur höfundar, nutu mikilla vinsælda hér á landi og voru í efstu sætum Metsölulista Eymundsson.
Tilboð gildir til og með 29.08.12
VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOHANN WOLFGANG VON GOETHE** skáld (1749-1832) fæddist þennan dag
*„Listinni nægir hið besta.“*

---

†



Elskuleg systir okkar og frænka,

**SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR**

lést 9. ágúst sl. Útför hennar hefur farið fram.
Innilegar þakkir til allra sem önnuðust hana.

**Aðstandendur.**

---

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem heiðruðu minningu konu minnar,

**GUÐRÚNAR LILJU MAGNÚSDÓTTUR**
**fyrrverandi ljósmóður,**

með nærveru sinni við útförina, minningargjöfum og blómum.
Guð blessi ykkur öll og gefi góða daga.

**Björn Björnsson og fjölskylda**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GRÉTAR SIGURÐSSON**
**bókbindari,**
**Hvassaleiti 109,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 25. ágúst.

**Ingveldur Fr. Sigmundsdóttir**
**Sigmundur Þ. Grétarsson** **Eirný Valsdóttir**
**Ómar Grétarsson**
**Rúnar Grétarsson** **Jóna Grétarsdóttir**
**Guðrún Erla Grétarsdóttir** **Anton Brink Hansen**
**og barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**ANNA MARGRÉT VESTMANN EINARSDÓTTIR**

sem andaðist 23. ágúst, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 30. ágúst kl. 13.00.

**Guðríður Vestmann Guðjónsdóttir**
**Hallgerður Ásta Guðjónsdóttir** **Björgvin Martin Hjelvik Snorrason**
**Magnea Thor Guðjónsdóttir**
**Elín Guðjónsdóttir** **Óli Þór Valgeirsson**
**Anna Jóna Guðjónsdóttir** **Þorbjörn Daníelsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

†



Ástkær eiginkona, móðir, amma og langamma,

**HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Stekkjargötu 9, Reykjanesbæ,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 25. ágúst. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 30. ágúst kl. 14.00.

**Steinn Erlingsson**
**Einar Ólafur Steinsson** **Sigríður Dagbjört Jónsdóttir**
**Dagný Alda Steinsdóttir** **Guðmundur Már Ástþórsson**
**Una Steinsdóttir** **Reynir Valbergsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

---

†



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, sonur og bróðir,

**VILHJÁLMUR FREYR JÓNSSON**
**véltæknifræðingur**
**Grundargerði 22, Reykjavík**

sem lést af slysförum aðfaranótt mánudagsins 20. ágúst, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

**Kristjana Harðardóttir**
**Steinunn Snædís Vilhjálmsdóttir**
**Jón Snævar Vilhjálmsson**
**Inga Sóley Kristjönudóttir**
**Carolina Castillo** **Davíð G. Waage**
**Steinunn Gísladóttir** **Jón M. Vilhelmsson**
**Gísli Jónsson**
**barnabörn og ástvinir.**

---

## JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON: ÚR FARARSTJÓRN Í VEITINGAREKSTUR Í VOGUM

# Sýnir skopmyndir af týpunum sínum í Gamla pósthúsinu

Jörundur Guðmundsson, fyrrverandi skemmtikraftur, rakari, fararstjóri en nú veitingamaður, er að taka upp úr hirslum sínum skopteikningar sem Árni heitinn Elfar, tónlistarmaður og teiknari, gaf honum. Verða þær síðan til sýnis á veitingastaðnum Gamla pósthúsinu í Vogum sem Jörundur rekur ásamt eiginkonu sinni Guðrúnu Kolbeinsdóttur.

„Ég er nú að leita að góðum römmum fyrir þær, ég er því í hálfgerðri rammaáætlun núna,“ segir Jörundur og hlær við. Myndirnar voru áður á rakarastofu Jörundar meðan hann rak Hárhornið. Síðan héngu þær á veggjum heima hjá honum en svo voru þær í hirslum meðan Jörundur dvaldi erlendis.

Árni teiknaði myndir af átta mönnum sem Jörundur hermdi eftir en hann var meðal ástsælustu skemmtikrafta landsins á áttunda og níunda áratugnum. „Svo hætti ég í bransanum um 1991 en þegar ég var fararstjóri á La Gomera á Spáni, frá 2006 til 2009, þá var ég alltaf með prógramm í rútunni,“ segir hann. Jörundur segir að það sé ekki um jafn auðugan garð að gresja fyrir eftirhermur í dag. „Nei, þetta er svolítið litlaust lið í pólitíkinni núna. Svo eru flestir af stjórnmálamönnunum svo illa máli farnir að það yrði að byrja á því að leiðrétta þá og kenna þeim framsögu áður en ég færi að gera þeim einhver skil. En jú, jú, það eru einstaka menn þarna sem sýna lit, það mætti eflaust herma eftir Þór Saari.“

> En jú, jú, það eru einstaka menn þarna sem sýna lit, það mætti eflaust herma eftir Þór Saari.



**JÖRUNDUR MEÐ TEIKNINGARNAR ÁTTA** Það var gaman að vera eftirherma þegar þessi góðu menn voru upp á sitt besta segir Jörundur. Á myndunum má sjá þá Geir Hallgrímsson, Guðmund Jónsson Halldór Laxness, Lúðvík Jósepsson, Ólaf Jóhannesson, Steingrím Hermannsson, og Örnólf Thorlacius auk þess sem mynd er af Jörundi sjálfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auk teikninganna átta ætlar Jörundur að setja upp skyssur eftir Árna og svo eru þar fyrir fjórar myndir eftir teiknarann. „Árni Elfar var með okkur í Þórskabarett þegar við gerðum víðreist um landið og spilaði í hljómsveitinni,“ rifjar Jörundur upp. „Þá var fyrst skemmtidagskrá og svo dansleikur á eftir. Á þessum ferðum átti hann það til að taka upp teikniblokkina, hann teiknaði til dæmis okkur uppi á sviði, það þyrfti að setja þá mynd upp líka.“ Árni Elfar var sjálfmenntaður píanó- og básúnuleikari. Hann kenndi líka básúnuleik og var Jörundur einmitt einn af nemendum hans.

jse@frettabladid.is

---

**ÞETTA GERÐIST** 28. ÁGÚST 1971

## *Hróarskelduhátíð í fyrsta sinn*

Hróarskelduhátíðin var haldin þennan dag í fyrsta sinni fyrir 41 ári. Tónlistarhátíðin, sem er ein sú stærsta í Evrópu, var sett á laggirnar af menntaskólanemunum Mogens Sandfær og Jesper Switzer Møller og kynningarstjóranum Carl Fischer. Innblástur þeirra að hátíðinni var Woodstock-tónlistarhátíðin sem haldin var 1969 í Bandaríkjunum. Danir tóku Hróarskelduhátíðinni opnum örmum og fjölmennti en eigi að síður var mikið tap á þessari fyrstu hátíð. Reksturinn var svo endurskipulagður ári síðar og frá árinu 1973 hefur Hróarskeldusjóðurinn (Roskildefonden) séð um rekstur hátíðarinnar.

Þetta fyrsta ár var eitt svið og gestir á bilinu 10.000 til 30.000. Síðan þá hefur sviðum, tónlistarmönnum og hátíðargestum fjölgað verulega. Mestur fjöldi mun hafa verið á Hróarskeldu á tíunda áratug síðustu aldar eða um 100.000 manns.



Gestir hátíðarinnar eru flestir frá Danmörku og öðrum Norðurlöndum þó þeir komi einnig víðar að rétt eins og tónlistarmennirnir sem á henni leika.

---

## Merkisatburðir

**1818** Landsbókasafn Íslands er stofnað undir heitinu Íslands stiftis bókasafn.

**1927** Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar tekur við völdum og situr í tæp fimm ár.

**1967** Tólf manna áhöfn Stíganda frá Ólafsfirði er bjargað eftir rúmlega fjögurra sólarhringa hrakninga í björgunarbát. Stígandi sökk á síldarmiðunum 700 mílur norður í höfum og varð þetta slys til þess að Tilkynningaskyldunni var komið á laggirnar.

**1986** Útvarpsstöðin Bylgjan hefur útsendingar, fyrsta stöðin eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn.

**1988** Skriðuföll verða á Ólafsfirði eftir miklar rigningar og urðu tvö hundruð manns að rýma hús sín.

**1996 Karl Bretaprins og Díana prinsessa skilja.**



**2002** Baugsmálið: Húsleit gerð í höfuðstöðvum Baugs af efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra.

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og dóttir,

**GUÐRÚN BJARNADÓTTIR**
**Grundarási 12, Reykjavík,**
**er látin.**

Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

**Hörður Gíslason**
**Helga Harðardóttir** **Haraldur Skarphéðinsson**
**Gunnar Harðarson**
**Emil Dagsson** **Álfrún Haraldsdóttir**
**Ásta Árnadóttir**

---

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI J. ÁSTÞÓRSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 25. ágúst síðastliðinn.

**Guðný Sigurgísladóttir**
**Ástþór Gíslason** **Erla Gunnarsdóttir**
**Hrafnkell S. Gíslason** **Ragnheiður D. Gísladóttir**
**Hólmfríður Gísladóttir** **Kristín Erla Boland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILÝSING

**Við Fellsmúla** - Reykjavík

### INNFELLD **LED** LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT

9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni

8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni

### NIÐURGRAFIN LJÓS, **LED** OG 12V

12V 6.995

LED 7.795

### ÚTIKASTARAR, **LED** OG 12V

LED 5.995

12V 3.590

12V 2.995

### INNFELLD **LED** LJÓS Í VEGGI OG PALLA

8.995 7.995

7.995

### ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR

5.995 5.995

### ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR

5.995 5.995

## ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR

4.795 4.995 4.995 5.995

G9 25W

### INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT

2.995

### ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt

4.495
með sparperu 28W

3.795
með sparperu 16W

4.295
með sparperu 28W

3.395
með sparperu 16W

### ÚTILJÓS

995

### ÚTILJÓS

3.295

3.295

### ÚTILJÓS

995

995

995

### ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

1.995 1.995

1.995 1.995

### ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

### ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595

### ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595


**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:
Mán. til fös. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. bauti, 6. tveir eins, 8. fornafn, 9. pili, 11. leita að, 12. þyrping, 14. urga, 16. tveir eins, 17. bókstafur, 18. eyrir, 20. tveir eins, 21. treysta.

**LÓÐRÉTT**
1. starf, 3. kringum, 4. græðgi, 5. af, 7. endalaus, 10. raus, 13. atvikast, 15. sálar, 16. flík, 19. óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. ee, 8. mér, 9. rim, 11. gá, 12. klasi, 14. iskra, 16. ff, 17. enn, 18. aur, 20. dd, 21. trúa.

**LÓÐRÉTT:** 1. verk, 3. um, 4. fégirnd, 5. frá, 7. eilífur, 10. mas, 13. ske, 15. anda, 16. fat, 19. rú.


# PHILIPS UPPLÝSINGA SKJÁIR

BJARTARI EN ÁÐUR HEFUR ÞEKKST



Frábær myndgæði jafnvel við erfiðar bjartar aðstæður. PHILIPS 46" sunlight readable skjárinn er bjartasti skjárinn frá PHILIPS og því tilvalinn þar sem birta er mikil.

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


# Geðveikir endurfundir

**BAKÞANKAR** Erlu Hlynsdóttur



Árum saman velti ég fyrir mér hvað varð eiginlega um hann, manninn sem hélt að ég væri eiginkona hans þegar ég var að vinna á Kleppi. Ég velti því svo mikið fyrir mér að ég skrifaði pistil um hann í DV þegar ég vann þar. Um daginn fékk ég síðan óvænt skilaboð frá manninum á Facebook. Hann hafði lesið Bakþanka sem ég skrifaði, og fundið mig.

**ÉG** var rúmlega tvítug þegar ég byrjaði að vinna á Kleppi. Þá var ég í sálfræðinámi og fannst starf á geðdeild það eina rétta. Einn skjólstæðinganna, indæll maður á sextugsaldri, átti það til að missa þannig tengsl við veruleikann að hann var sannfærður um að ég væri eiginkona hans. Stundum þurftum við að færa honum matinn inn á herbergi því hann var of illa áttaður til að vera innan um aðra sjúklinga. Iðulega reyndi hann að gefa mér af matnum sínum. Konan hans mátti ekki verða svöng. Það þurfti ekki einu sinni að vera kalt úti til að hann reyndi að breiða yfir mig teppi. Konunni hans mátti ekki verða kalt. Hann þakkaði „mér" líka oft og innilega fyrir að nenna að heimsækja sig nánast daglega á geðdeildina. Bróðir hans heimsótti hann líka. Annars enginn.

**INN** á milli, þegar hann var betur áttaður, bað hann mig iðulega afsökunar á hegðun sinni. Ég sagði honum að hann hefði ekkert gert af sér. Hann hefði aðeins sýnt af sér hlýju og manngæsku. Ég hlakkaði alltaf til að hitta hann þegar ég mætti á vaktina, og á mestu lúsarlaunum heimsins hvatti mig áfram löngunin til að láta hann brosa.

**LOKS** kom að því að ég lét af störfum. Skömmu áður leitaði hann til deildarstjórans og vildi fá að nota eitthvað af peningunum sínum. Deildarstjórinn taldi hann jafnvel í manísku ástandi en í ljós kom að hann vildi bara kaupa handa mér blóm. Blómin keypti hann, plastblóm í gervimold og minnti mig á að vökva þau alltaf, alltaf. Enn þann dag í dag eru þau uppi á stofuskápnum mínum.

**ÉG** hef alltaf lagt mikið upp úr fagmennsku í hverju starfi og mér fannst ekki fagmannlegt að leita uppi fyrrverandi skjólstæðing á sjúkrahúsi til að spjalla. Árin liðu, ég hugsaði til hans en vissi ekkert um afdrif hans. Eftir að hann sendi mér skilaboð á Facebok veit ég að hann er í góðu yfirlæti á hjúkrunarheimili úti á landsbyggðinni. Ég sendi honum svar og sagðist ætla að koma í heimsókn sem fyrst.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*Myllu heilkornabollur*

# LÍFSKORN

*Heilt hveitikorn & rúgur*




Brauðið er fullt af trefjum og heilkorni, án viðbætts sykurs, með lágt fituhlutfall og inniheldur lítið af salti.

VELDU HEILKORN




*Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörunum í sínum flokki.*

# Fáðu orku fyrir annríki dagsins

## Prófaðu Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni

Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni eru trefjaríkar og innihalda hátt hlutfall heilkorns. Fáðu þér bragðgóðar heilkorna-bollur sem eru frábærar með rjúkandi morgunkaffinu eða sem síðdegishressing. Hafðu það einfalt og þægilegt, fáðu þér Lífskorn heilkornabollur.

Með heilkornabollum Myllunnar seturðu hollustuna í forgang. Bollurnar eru ríkar af B-vítamínum, próteini og steinefnum sem eru líkamanum nauðsynleg. Mundu eftir Heilkornabollum Myllunnar sem eru hollar og bragðgóðar og veita þér kraft til að takast á við verkefni dagsins.

*Skoðaðu Lífskornabollur á* **myllan.is**

*Kynntu þér* **heilsustefnu Myllunnar**

*Taktu þátt í umræðunni á* **Facebook**

trefjaríkt ★★★★★




MYLLAN
ALLTAF NÝBAKAÐ

# menning

menning@frettabladid.is



**VILBORG VERÐLAUNUÐ** Vilborg Dagbjartsdóttir hlaut Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar sem veitt voru á samkomu í Snorrastofu í Reykholti á laugardag. Við sama tækifæri voru Borgfirsk menningarverðlaun veitt og runnu þau til Samtaka aldraðra í Borgarfjarðardölum.



**TÓMAS R. EINARSSON** Gaf út diskinn Laxness í vor og leikur lög af honum á Jazzhátíð í kvöld.

## Tómas leikur lög af Laxness

Tómas R. Einarsson og hljómsveit flytja tónlist tengda Halldóri Laxness á tónleikum á Jazzhátíð Reykjavíkur í Iðnó í kvöld.

Á efnisskrá eru lög af geisladisknum Laxness sem kom út í vor og hefur að geyma tónlist Tómasar við heimildarmyndina Anti-American Wins Nobel Prize eftir Halldór Þorgeirsson. Auk þess eru á disknum tvö eldri lög sem Tómas gerði við ljóð Halldórs Laxness, S.S. Montclare sem Ragnhildur Gísladóttir syngur og Hjarta mitt í flutningi Ragnheiðar Gröndal en þær koma einmitt fram á tónleikunum í kvöld.

Hljómsveit Tómasar skipa auk forkólfsins þeir Davíð Þór Jónsson á píanó og básúnu, Ómar Guðjónsson á gítar, túbu og banjó og Matthías M. D. Hemstock á trommur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.



**KAMELJÓN** Sýning Álfrúnar Örnólfsdóttur um hina leitandi en áhrifagjörnu sál var bæði heillandi og fyndin að mati gagnrýnanda. MYND/HULDA SIF ÁSMUNDSDÓTTIR

# Ég verð að vera einhvers staðar

Leiklist

**Lókal – alþjóðlega leiklistarhátíðin í Reykjavík**

Ýmsir listamenn

**Reykjavík**

Leiklistarhátíðinni Lokal 2012 er nú lokið. Um helgina gaf að líta ýmislegt skemmtilegt og nýstárlegt innan sviðslistarinnar í Reykjavík. Að þessu sinni voru það Berlín og Dublin sem léku með á hátíðinni, sem er orðin árleg sviðslistarveisla sem margir hlakka til. Tvær sýningar á hátíðinni standa vafalítið upp úr hjá áhorfendum en það eru verkin frá Írum. Tvær nýstárlegar danssýningar, Variations on Closer og What They are Instead of, verða líklega einnig í minnum hafðar. Á seinni sýningunni stynja og rymja tveir ofurfimir dansarar, Angela Schubot og Jared Gardinger, í meira en klukkutíma í öllum þeim stellingum sem hugsast getur að tvær persónur nálgist. Stundum breyttust þau í járnbrautarlest eða byssukjafta en í það heila var þetta of langt og eintóna. Hin sýningin fjallaði um einbeitingu og var engu líkara en að enn væri verið að æfa sig.

**Vændiskringlan**

Sýning íslenska hópsins Kviss Búmm Bang, Downtown, þar sem unnið er með tækni útvarpsleikhússins en áhorfandinn settur í umhverfi Kringlunnar og leiddur þar milli staða í eins konar ratleik meðan íslenskar vændiskonur segja frá lífi sínu, var frumleg. Leikkonur ljá þeim raddir sínar og þó svo að frásagnir þeirra hafi verið skuggalegar var nokkuð erfitt að ná tengslum við stúlkurnar og þar með samúð þar sem framsetningin var svo skellibjölluleg, það er töffaraskapurinn í tali þeirra var of ýktur. Vitaskuld þarf að vera töffari til þess að koma sér í gegnum líferni af þessu tagi en það vantaði einhvern viðkvæman streng í frásagnir þeirra.

Hugmyndin er fantagóð og voru áhorfendur eða hlustendur yfirleitt mjög hrifnir. Að ganga með Ipod í eyrum og hlusta á óhugnanlegar örlagasögur sem hefðu getað gerst beint fyrir augum manns í þessu kæruleysislega umhverfi ofurneyslunnar er flott leikhús.

**Sjálfsleit og blokkarmenning**

Álfrún Örnólfsdóttir leitaði að sjálfri sér í hugljúfri og magnaðri sýningu sem hún vann ásamt systur sinni Margréti. Verkið ber nafnið Kameljón og byggist það á því að henni finnst í leitinni eins og hún sé að leika aðra eða sé til fyrir aðra eða eins og aðrir vilja. Leikur Álfrúnar og dans bak við og inni í glerstandaleikmynd var heillandi og á köflum nokkuð fyndinn. Hér er tekist á við allar þær klisjur sem konur af hennar kynslóð þurfa að burðast með í sínu daglega amstri í þessu guðsvolaða lífi. Þessi sýning verður sýnd áfram.

Háaleitisbraut er mikil og löng gata. Flest okkar bruna hana á leiðinni til einhverra annarra staða. Að þar búi fjöldi manns, bara eins og í meðalstóru þorpi gerði Friðgeir Einarsson að yrkisefni sínu í fantagóðri heimasýningu þar sem áhorfendur mættu í stofu og hlýddu á rannsóknarverkefnið um Háaleitisbrautina. Verkið kallar hann Blokkina og fjallar um reglur og líf í venjulegri blokk. Tengsl manna eru engin önnur en þau að rekast á hvert annað á stigaganginum eða bílastæðum. Friðgeir lýsir vel sambandsleysinu og einnig hvernig fólk heldur sér á sínu svæði.



**BLUE BOY** Írsku sýningarnar tvær voru það sem stóð upp úr á Lókal í ár.

Örlitlu grasfletirnir fyrir framan þessar blokkir sem allar virðast nákvæmlega eins drógu til sín athyglina þegar Friðgeir lýsti grillveislu sem hann bauð til, en enginn kom nema Ragnar vinur hans. Ragnar vinur hans var einnig meðleikari og tæknimaður í sýningunni. Uppákoman tók rúman klukkutíma og fengu áhorfendur að leika með á húsfundi. Friðgeir hefur kómíska áru og skemmtilega nálgun í frásögnum sínum. Sýningin var á ensku enda margir erlendir gestir og þó að ekkert vantaði upp á að hún væri fyndin hefði líklega verið enn skemmtilegra að heyra hana alla á íslensku.

**Frábær verk frá Írlandi**

Frá Írlandi mættu tveir leikhópar til hátíðarinnar að þessu sinni.

Annar þeirra var með sýningu sína í Listasafninu á Tryggvagötu í sal sem hefði mátt vera stærri því færri komust á þessa sýningu en vildu. Alice býr með Alice og Alice heitir verkið. Tvær fullorðnar konur hafa búið saman í áraraðir. Ást þeirra er skilyrðislaus en þær eru svo ofurvenjulegar í sínum peysusettum með dempaðar raddir til þess að styggja ekki hvor aðra og umhverfi sitt. Önnur leikkvennanna Amy Conroy skrifar verkið eftir að leikhúsmaður kom að máli við hana og vildi gera einhvers konar verk um þær, en hún hugsaði bara með sér að það væri best að hún gerði það bara sjálf. Þetta er unnið með tækni heimildarleikhússins en þar sem þær eru flinkar og flottar leikkonur verður verkið eins og fágað stofudrama burtséð frá aðferðinni eða hvað er verið að segja.

Báðar heita Alice og báðar elska Alice en eru þó eins ólíkar og nótt og dagur. Frásagnir þeirra af daglega lífinu, þeirra samskiptum og í raun og veru þeirri einangrun sem þær lifa við, var hrífandi. Þær léku upp fyrir sig í aldri en líkamsbeiting og umgjörðin öll, þeirra venjulega stofa með myndir úr utanlandsferðum á veggjum leiddu okkur inn í angist tveggja elskandi einstaklinga sem óttast þann dag þegar annar fellur frá.

Blue Boy hét hitt framlag Íra á hátíðinni. Sagt er frá heimavistarskóla kaþólsku kirkjunnar þar sem líf barna var síður en svo dans á rósum. Leikstjórinn Gary Keegan tengir sjálfan sig við efnið með því að hefja frásögnina á því að sýna okkur leikfangið sitt úr bernsku, nefnilega tommustokk afans sem hann gat breytt í hljóðfæri, dýr, byssur og sjónvarp. Að leika sér með þennan tommustokk var nánast guðlast því afi hans, sem var líkkistusmiður, notaði hann til þess að mæla lengd hinna dánu áður en hann smíðaði utan um þá.

Leikið var fyrir innan örþunnt tjald, sem jafnframt var hvíta tjaldið með sýningum á myndum úr írskum veruleika og framgang kaþólsku kirkjunnar. Blái drengurinn mun hafa verið barinn í hel í skólanum og gengið aftur. Þetta var stílfærð sýning þar sem leikarar dönsuðu og börðust um með ópersónulegar grímur og leikstjórinn ásamt hljóðfæraleikara sagði söguna. Mögnuð sýning.

**Nýtt heimskort**

Jón Atli og Jón Páll Eyjólfsson fengu áhorfendur til þess að teikna nýtt heimskort í sýningu sinni Map of the World. Minnti gjörningurinn svolítið á hlutverkaspilin og leikina sem tröllriðu öllu á níunda áratugnum. Í fyrra var það leitin að guði sem einkenndi verkin á hátíðinni og nú má segja að það hafi verið þörfin fyrir að staðsetja sig í ákveðnu umhverfi sem hafi verið einkennandi. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Í það heila mjög vel samsett dagskrá fagfólks í listinni með eftirtektarverðum hugmyndum.





Við bjóðum 20% af bíómiðanum og meira popp og gos




Þegar þú greiðir með Stúdentakorti Íslandsbanka í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri færðu stórt gos og popp á verði miðstærðar og 20% afslátt af bíómiðanum – alla daga.

*Sjáðu nánari upplýsingar um námsvild á islandsbanki.is*

*www.facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn*

*Afslátturinn gildir hvorki með öðrum tilboðum né á sýningar í lúxussölum.

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki

# ÓDÝRUSTU BLEYJURNAR Í BÓNUS




BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

# Sprúðlandi spilamennska

Tónleikar ★★★★☆

**Jack Magnet Quintet, Paul Brown, Friðrik Karlsson og Moses Hightower**

Jazzhátíð í Reykjavík
Silfurbergi/Hörpu

Jakob Frímann Magnússon er maður ekki einhamur, það hefur löngum verið vitað. Um feril hans þarf ekki að fara mörgum orðum – og þó. Sólóplötur hans hafa ekki farið mjög hátt á síðustu árum, enda löngu uppseldar og fáar, ef nokkrar, til á geisladiskum. Það stendur hins vegar til bóta. Eitt af sjálfum Jakobs er Jack Magnet, en undir því heiti lék hann djassbræðing í borg englanna, Los Angeles, á árunum fyrir og um 1980. Jack þessi steig á stokk í Hörpu á laugardagskvöldið, en tónleikarnir voru hluti af Jazzhátíð Reykjavíkur.

Í Bandaríkjunum kynntist Jakob gítarleikaranum og upptökustjóranum Paul Brown. Það var því við hæfi að fá hann til landsins að hita upp fyrir Jack Magnet. Það gerði Paul með sóma, fór hamförum á gítarinn ásamt Friðriki Karlssyni. Undir lék Moses Hightower og sló ekki feilnótu. Sérstaklega var magnað að hlusta á trommarann Magnús Tryggvason Eliassen. Samleikur þeirra Pauls og Friðriks stóð þó upp úr. Sá síðarnefndi upplýsti að þeir hefðu fyrst hist fyrr um daginn og sannar það enn einu sinni að tónlistin er alheimstungumál. Þeir léku við hvern sinn fingur, sóluðu sig saman gegnum lögin og fléttuðu tónunum saman. Minntu helst á smástráka með nýja dótið sitt, slík var spilagleðin og hún smitaði út frá sér.

Eftir hlé steig sjálfur Jack Magnet á svið og ekki minnkaði spilagleðin við það nema síður væri. Hann hóf leik sinn á rólegu píanólagi með aðstoð söngsveitar. Rólega farið af stað, en á kynningum Jakobs, sem hann mælti af munni fram með sinni mögnuðu orðkynngi, mátti ljóst vera að von var á meiri hita. Og hann kom.

Kvintettinn steig fram og bræðingurinn hófst. Það var hrein unun að fylgjast með Jakobi á sviðinu. Hann sneri sér í allar áttir og lék á það hljómborð sem við átti hverju sinni og flygilinn þegar svo bar undir. Fílingurinn leyndi sér ekki og Korgurinn hristist eins og nafni hans í upphrærðu pressukönnukaffi.

Það gleymist stundum hve ofboðslega flinkur hljóðfæraleikari Jakob Frímann Magnússon er. Á sviði bræðingsins er hann á heimavelli, listilega fléttaðar línur á hljómborðinu kölluðust á við hin hljóðfærin, en þar var valinn maður í hverju rúmi, taktskiptingar, sóló og umfram allt; sprúðlandi spilagleði sem reif salinn með sér.

Frábærir tónleikar og Jack Magnet mætti halda meira af þeim. Eini gallinn – og hann var nokkuð stór – var hve grátlega stuttir þeir voru. Með uppklappslögum entist dagskrá Jakobs ekki í fjörutíu mínútur, sem var synd, því góð var hún.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Niðurstaða: Frábærir, en of stuttir, tónleikar þar sem spilagleðin réði ríkjum. Meira takk, herra Magnet.



**BRÆÐINGUR** Jakob Frímann vakti lukku í Hörpu á laugardagskvöldið.
MYND/BENT MARINÓSSON



**SHIA LABEOUF** Leikarinn segist ekki vera haldinn sýniþörf.

# Ekki alltaf nakinn

Leikarinn Shia LaBeouf segist ekki vera haldinn sýniþörf þrátt fyrir að hafa komið nakinn fram í myndbandi Sigur Rósar, Fjögur píanó, og þrátt fyrir að vera tilbúinn til að stunda alvöru kynlíf í nýjustu mynd Lars Von Trier, The Nymphomaniac.

Hinn 26 ára leikari segist í samtali við AP-fréttastofuna „ekki vera búinn að ákveða að vera ávallt nakinn“ og að hann „hafi ekki byrjað að leika til að verða klámmyndaleikari“. „Við vorum bara að leika ákveðnar persónur,“ sagði hann um hlutverk sitt í myndbandi Sigur Rósar. Hann segist hafa fengið góð viðbrögð við því og þess vegna er hann enn sannfærðari en áður um að hann hafi staðið sig vel.

# Framtíðarbíó í Laugardal

Ævintýramyndin Back to the Future, eða Aftur til framtíðar, verður sýnd í sundbíói Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF.

Sundbíóið er orðið ein af sérgreinum RIFF og einn vinsælasti viðburður hátíðarinnar ár eftir ár. Ungir gestir sem aldnir skella sér í sund og njóta þess að svamla um leið og þeir horfa á perlu úr kvikmyndasögunni.

Sýningin verður í Laugardalslaug 29. september og má finna miða á heimasíðu hátíðarinnar, Riff.is. Skreytingarnar í Laugardalslaug verða í stíl við skólaballið í Back to the Future og andi og tónlist ársins 1955 svífa yfir vötnum.



**BACK TO THE FUTURE** Ævintýramyndin verður sýnd á RIFF-hátíðinni.


SAMBÍÓIN SAMbio.is



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENS TAL | KL. 8 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT LUXUS VIP | KL. 6 - 10 | VIP | VIP |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| STEP UP ÓTEXTUÐ | KL. 10:30 | 3D | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ENS TAL | KL. 11:10 | 2D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT | KL. 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP | KL. 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| BATMAN | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 10:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BABYMAKERS | KL. 5:50-8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 / 2D ÍSL.TAL KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÉG ER EKKI NÓGU GOTT LANDSLAG | KL. 6 | L |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%



ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 6, 8, 10.10(P) | 16 |
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4, 6 - ISL TAL | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | 4 - ISL TAL | L |
| INTOUCHABLES | 3.50, 5.50, 8, 10.20 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas



BÍÓ ★ PARADÍS

ÞRIÐJUDAGUR: ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 20:00, 22:00 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

31. ÁGÚST: EN KONGELIG AFFÆRE (KÓNGAGLENNA)

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

# Zoe á niðurleið

**Stílistinn Rachel Zoe er áhyggjufull því veldi hennar stendur völtum fótum. Sjónvarpsþætti hennar og fatalínu hefur ekki verið vel tekið.**

Fatalínu sem Zoe hannaði í samstarfi við kínverska tískumerkið Li & Fung hefur ekki verið vel tekið og selst illa. Línan er fáanleg í verslunum á borð við Neiman Marcus, Bloomingdale's og Nordstrom og mun áhugi kaupenda á merkinu vera lítill. Raunveruleikaþátturinn The Rachel Zoe Project sem sýndur er á sjónvarpsstöðinni Bravo hefur að auki misst nokkuð áhorf og veldur þetta Zoe töluverðum áhyggjum.

Zoe varð þekkt fyrir starf sitt sem stílisti og var samstarf hennar og Nicole Richie sérstaklega umtalað, en þær komu boho-chic stílnum á kortið. Zoe sinnir fjölda annarra Hollywood-stjarna, meðal annars Demi Moore, Evu Mendez, Anne Hathaway og fleiri.



**NICOLE RICHIE** Nicole Richie leitaði til Zoe þegar hún ákvað að taka útlit sitt og sjálfa sig í gegn í kringum árið 2005.



**LIV TYLER** Leikkonan Liv Tyler er einn af viðskiptavinum Zoe.



**KATE HUDSON** Hudson hefur einnig tileinkað sér boho-stílinn.



**STÍLISTINN SJÁLFUR** Zoe hefur gert boho-chic stílinn að sínu kennimerki.

### AÐRIR VIÐSKIPTAVINIR RACHEL ZOE

- Molly Sims
- Debra Messing
- Jennifer Garner
- Cameron Diaz
- Demi Moore
- Eva Mendes
- Paula Patton
- Backstreet Boys
- Lindsay Lohan
- Keira Knightley

# Tekur upp þráðinn

Leikkonan Kat Dennings snýr aftur sem Darcy Lewis í framhaldsmyndinni um þrumuguðinn Þór, Thor: The Dark World. Dennings er mörgum kunn fyrir leik sinn í gamanþáttunum Two Broke Girls.

Chris Hemsworth fer á ný með hlutverk þrumuguðsins og Natalie Portman bregður sér aftur í hlutverk Jane Foster. Söguþræði myndarinnar er haldið leyndum, líkt og venja er með stórmyndir sem þessa, og því óvíst hversu stórt hlutverk Dennings fer með.



**FÆR MEÐLAG** Katie Holmes fær um fjórar milljónir króna í meðlag á mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

# *Fær meðlag*

Katie Holmes fær 48.388.000 krónur á ári í meðlag frá fyrrverandi eiginmanni sínum, leikaranum Tom Cruise.

Holmes skrifaði undir kaupmála áður en hún gekk að eiga Cruise árið 2006 og á því ekki rétt á að fá hluta af eignum hans, en leikarinn er metinn upp á 30 milljarða króna. Cruise ber þó skylda til að borga meðlag með dóttur þeirra, Suri Cruise, þar til hún nær 18 ára aldri. Holmes fær um fjórar milljónir í meðlag á mánuði næstu árin.

Cruise á tvö önnur börn, Isabellu og Connor.



# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐJÓN BALDVINSSON** og Kristinn Steindórsson skoruðu báðir í 3-0 sigri Halmstad á Brommapojkarna í mikilvægum leik í sænsku B-deildinni í gær. Halmstad er í þriðja sæti deildarinnar, einu stigi á eftir Brommapojkarna. Guðjón er markahæsti leikmaður deildarinnar með fjórtán mörk.

## KR 1-1 Fram

KR-völlur, áhorf.: 1.379 Magnús Þórisson (8)

**0-1 Kristinn Ingi Halldórsson (35.), 1-1 Kjartan Henry Finnbogason, víti (84.).**

**Skot (á mark):** 12-18 (7-7)
**Varin skot:** Hannes Þór 6 - Ögmundur 6

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 8 – Haukur Heiðar Hauksson 3 (78., Magnús Már Lúðvíksson -), Grétar Sigfinnur Sigurðarson 5, Aron Bjarki Jósepsson 4, Guðmundur Reynir Gunnarsson 3 – Bjarni Guðjónsson 3, Jónas Guðni Sævarsson 3 (23., Atli Sigurjónsson 6), Baldur Sigurðsson 3 – Emil Atlason 2 (59., Kjartan Henry Finnbogason 6), Óskar Örn Hauksson 3, Gary Martin 6.

**FRAM (4-3-3): *Ögmundur Kristinsson 8** – Daði Guðmundsson 7 (79., Sveinbjörn Jónasson -), Kristján Hauksson 7, Hlynur Atli Magnússon 7, Alan Lowing 7 – Halldór Hermann Jónsson 7, Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 7 , Samuel Hewson 5 – Almarr Ormarsson 7 (90., Jón Gunnar Eysteinsson -), Sam Tillen 7, Kristinn Ingi Halldórsson 8.

## Keflavík 0-4 Valur

Nettó-völlurinn, áhorf.: 850 Þóroddur Hjaltalín (5)

**0-1 Kolbeinn Kárason (14.), 0-2 Kolbeinn Kárason (83.), 0-3 Indriði Áki Þorláksson (88.), 0-4 Indriði Áki Þorláksson (90+3.).**

**Skot (á mark):** 4-22 (2-10)
**Varin skot:** Ómar 6 - Sindri Snær 2

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 6 – Hilmar Geir Eiðsson 4, Rafn Vilbergsson 4, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Jóhann Ragnar Benediktsson 4 – Magnús Sverrir Þorsteinsson 4, Bojan Stefán Ljubicic 5, Sigurbergur Elísson 5 (84. Daníel Gylfason -), Magnús Þór Magnússon 3, Jóhann B.Guðmundsson 4 – Guðmundur Steinarsson 4.

**VALUR (4-3-3):** Sindri Snær Jensson 6 – Jónas Næs 6, Atli Sveinn Þórarinsson 7, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Úlfar Hrafn Pálsson 7, – Haukur Páll Sigurðsson 7, Guðjón Pétur Lýðsson 7, Rúnar Már Sigurjónsson 8 – Matthías Guðmundsson 6 (84., Ásgeir Þór Ingólfsson -), ***Kolbeinn Kárason 8** (85., Indriði Áki Þorláksson -), Kristinn Freyr Sigurðsson 6 (56., Þórir Guðjónsson 7).

## ÚRSLIT

### STAÐAN Í PEPSI DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **16** | **11** | **2** | **3** | **38-17** | **35** |
| KR | 17 | 9 | 4 | 4 | 32-22 | 31 |
| **ÍBV** | **16** | **8** | **3** | **5** | **28-14** | **27** |
| ÍA | 17 | 8 | 3 | 6 | 27-31 | 27 |
| **Stjarnan** | **17** | **6** | **8** | **3** | **35-31** | **26** |
| Valur | 17 | 8 | 0 | 9 | 28-25 | 24 |
| **Keflavík** | **17** | **7** | **3** | **7** | **27-27** | **24** |
| Breiðablik | 17 | 6 | 5 | 6 | 18-22 | 23 |
| **Fylkir** | **17** | **6** | **5** | **6** | **22-03** | **23** |
| Fram | 17 | 5 | 2 | 10 | 23-29 | 17 |
| **Selfoss** | **17** | **4** | **3** | **10** | **24-34** | **15** |
| Grindavík | 17 | 2 | 4 | 11 | 23-43 | 10 |

### Undankeppni EM

**Ísland - Eistland 67-86 (27-38)**
Stig Íslands: Jón Arnór Stefánsson 19, Helgi Már Magnússon 16, Hlynur Bæringsson 11 (8frák.), Haukur Pálsson 6, Jakob Sigurðarson 4, Brynjar Björnsson 3, Pavel Ermolinskij 3 (6 frák.), Ægir Steinarsson 3, Sigurður Þorsteinsson 2.

# Dýrkeypt jafntefli andlausra KR-inga

**FH á nú greiða leið að Íslandsmeistaratitlinum eftir 1-1 jafntefli KR og Fram í gær. „Mótið er búið fyrir okkur," sagði Baldur Sigurðsson, leikmaður KR. Valsmenn gerðu góða ferð til Keflavíkur og unnu 4-0.**

**FÓTBOLTI** FH hefur nú fjögurra stiga forystu á toppi Pepsi-deildar karla eftir jafntefli KR og Fram í gær, auk þess að eiga leik til góða gegn ÍBV á fimmtudaginn. Valsmenn komust upp í sjötta sæti deildarinnar með stórsigri á Keflavík í Bítlabænum.

Þeir ellefu KR-ingar sem leiddu FH til slátrunar í síðustu umferð Pepsi-deildar mættu ekki til leiks gegn Fram í leik liðanna á KR-velli í gærkvöldi. Nýju leikmennirnir báru sömu nöfn, litu eins út en virtust ekki hafa fengið kennslu í grunnatriðum knattspyrnunnar.

Framarar voru mun sterkari aðilinn í áttatíu mínútur á KR-vellinum. Bláklæddir Safamýrarpiltar léku án nokkurs vafa sinn besta leik á tímabilinu og hreint ótrúlegt að liðið sé í fallbaráttu. Það eina sem minnti á stöðu þeirra í deildinni voru tilburðir þeirra í námunda við mark KR-inga þar sem þeir klúðruðu hverju dauðafærinu á fætur öðru.



**BIÐIN LENGIST ENN** Fram vann síðast sigur á KR árið 2000 í leik í efstu deild karla. Lengi vel leit út fyrir að bið Framara myndi enda í gær en annað kom á daginn. Hér fagnar Kristinn Ingi Halldórsson marki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Fallegt skot Kristins Inga

Kristinn Ingi Halldórsson, sem var jafnbesti leikmaður Fram í leiknum, kom gestunum sanngjarnt yfir með fallegu skoti utan teigs í fyrri hálfleik. KR-ingar áttu ekki skot á mark í hálfleiknum og gátu þakkað fyrir að vera aðeins marki undir í hálfleik.

Framarar börðust af krafti um hvern einasta bolta á meðan KR-ingar voru taktlausir. Sendingar hittu ekki á samherja og Gary Martin ásamt markverðinum Hannesi Þór Halldórssyni virtust vera þeir einu sem höfðu áhuga á að berjast fyrir stigunum sem í boði voru.

Eftir því sem Framarar klúðruðu hverju færinu á fætur öðru í síðari hálfleik jukust líkurnar á að það kæmi í bakið á þeim. Og viti menn. Sex mínútum fyrir leikslok braut Sam Hewson klaufalega á varamanninum Atla Sigurjónssyni og annar varamaður, Kjartan Henry Finnbogason, skoraði af öryggi úr spyrnunni.

Í hönd fóru einhverjar ótrúlegustu mínútur sem undirritaður hefur orðið vitni að. Bæði lið fengu dauðafæri til að klára leikinn, ekki síst KR-ingar, en Ögmundur Kristinsson var sem betur fer á tánum og bjargaði stigi fyrir Framara.

### Mótið búið fyrir okkur

„Það er þungt að koma í viðtal núna. Mótið er búið fyrir okkur og ekkert annað að gera en að spila fyrir stoltið," sagði Baldur Sigurðsson sem kunni enga skýringu á dapurri frammistöðu KR-inga. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, hrósaði Frömurum og sagði sína menn geta þakkað fyrir stigið.

> Annað liðið mætti hingað til að spila fótbolta en hitt til að meiða. Það fékk til þess leyfi frá dómurunum. Þetta Valslið er það lélegasta sem ég hef mætt á ferlinum.
>
> **GUÐMUNDUR STEINARSSON**
> FYRIRLIÐI KEFLVÍKINGA

Framarar gátu í leikslok þakkað fyrir stigið sem var skrýtið í ljósi yfirburða liðsins á vellinum fram að marki KR-inga.

„Við ætluðum að koma hingað að vinna og mér fannst við sýna það. Við höfum unnið þá nokkrum sinnum í ár og ætluðum að gera það aftur," sagði Kristinn Ingi.

Draumur KR-inga um að verja Íslandsmeistaratitil sinn er að litlu orðinn. Framarar styrktu stöðu sína í botnbaráttunni lítillega en misstu af enn einu tækifærinu til að skilja Selfyssinga eftir í rykinu.

### Stórsigur Vals suður með sjó

Valur sigraði Keflavík, 0-4, og var sigurinn síst of stór. Gestirnir höfðu töluverða yfirburði, ekki síst eftir að Keflvíkingar misstu Hilmar Geir Eiðsson af velli með rautt spjald um miðjan fyrri hálfleik. Valsmenn spiluðu þennan leik af festu og leikmenn liðsins voru gríðarlega hreyfanlegir og tilbúnir í verkefnið en Keflvíkingar voru einfaldlega daprir og hugmyndasnauðir.

Indriði Þorláksson, sautján ára leikmaður úr 2. flokki Vals, átti frábæra innkomu og skoraði tvö mörk. „Ég spilaði heilan leik með 2. flokki í gær og bjóst ekki við að fá að spila en fyrst að Kristján setti mig inn á og var ekkert annað í stöðunni en að standa sig. Ég hefði pottþétt sett þrennu ef leikurinn hefði verið tveimur mínútum lengri," sagði hann en þess má geta að Indriði Áki skoraði einnig tvö mörk með 2. flokki Vals í gær.

Guðmundur Steinarsson var ekki sáttur eftir leik og var ómyrkur í máli. „Annað liðið mætti hingað til að spila fótbolta en hitt til að meiða. Það fékk til þess leyfi frá dómurunum. Þetta Valslið er það lélegasta sem ég hef mætt á ferlinum. Fótboltinn tapaði hér í kvöld," sagði fyrirliði Keflvíkinga eftir tapið í gær. **- ktd, bg, esá**


FERÐAFÉLAG BARNANNA

**Sveppir og ber**

**Á morgun, miðvikudag 28. ágúst, kl. 17:00**

Ferðafélag barnanna heldur í leiðangur inn í Heiðmörk á morgun, miðvikudag, til að tína sveppi og ber. Hvaða sveppi má borða og hverjir eru baneitraðir? Hvað getum við fundið margar tegundir af berjum og má borða þær allar? Sveppafræðingur er með í för til að greina sveppina og gefa góð ráð. Takið með sveppahandbók, ef þið eigið hana til, ílát til að tína í og gott nesti.

Mæting á bílastæðinu við Rauðhóla í Heiðmörk kl. 17:00, þaðan sem ekið er í halarófu áfram inn í Heiðmörkina. Gert er ráð fyrir að ferðin taki um 2 klst.



FÍ

**Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir**


Ísland tapaði fyrir Eistlandi í undankeppni EM í gær, 86-67:

# Eistaflug í Laugardalshöllinni

**KÖRFUBOLTI** Ísland átti aldrei möguleika gegn Eistlandi og lék sinn slakasta leik til þessa í undankeppni Evrópumeistaramótsins. Strákarnir töpuðu með 19 stiga mun, 86-67, í Laugardalshöllinni í gær.

Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur í íslenska liðinu með nítján stig en aðeins þrír leikmenn skoruðu meira en tíu stig fyrir Ísland.

Eistland tók hreðjatak á leiknum strax í fyrsta leikhluta og átti Ísland í raun aldrei möguleika í leiknum þó aðeins hafi munað ellefu stigum í hálfleik.

„Þetta fór mjög fljótt frá okkur. Ellefu stig er ekki svo slæmt og ef við byrjum seinni hálfleik vel þá kæmi taugatitringur í þeirra leik en við náðum bara ekki að nýta okkur það. Mér fannst við vera þungir, þungir á löppunum og við þurfum að gleyma þessu," sagði Hlynur Bæringsson eftir leikinn.

Varnarleikur Íslands var ekki góður og var sóknarleikurinn líka slakur. Ekki hjálpaði til að Ísland fór illa með mörg opin skot, jafnt fyrir utan og undir körfunni.

„Við getum talað um allt þetta andlega og sjálfstraust og bla, bla, bla. Auðvitað helst það í hendur en þegar það er búið að kryfja leikinn niður þá snýst þetta um að setja boltann ofan í körfuna. Það þarf bara að hitta og nýta það sem þú færð. Kannski er það sem vantar þegar öllu er á botninn hvolft. Þetta er ekki flókið, þetta eru skot sem menn fá á æfingum og alla okkar tíð," sagði Hlynur. **- gmi**



**AFMÆLISBARNIÐ** Helgi Már Magnússon hélt upp á þrítugsafmæli sitt í gær. Hann skoraði sextán stig gegn Eistlandi í gær og var næststigahæstur í íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KÁRI** Spilaði allan leikinn með íslenska landsliðinu gegn Færeyjum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjóri Rotherham:

## Kári eftirsóttur

**FÓTBOLTI** **Steve Evans, stjóri enska D-deildarliðsins Rotherham, segir að félaginu hafi borist fyrirspurnir vegna Kára Árnasonar áður en keppnistímabilið hófst.**

**Kári kom til liðsins í sumar frá Aberdeen í Skotlandi og vakti athygli fyrir góða frammistöðu á undirbúningstímabilinu.**

**„Kári hefur verið hreint frábær á undirbúningstímabilinu og þess vegna fengum við símtöl vegna hans. En ég efast um að nokkur sé á leið frá félaginu – ekki nema það henti okkur,“ sagði Evans.**

**„Áhuginn mun aukast. Honum stóð til boða að semja við sex félög í Skotlandi og tvö í ensku B-deildinni. En hann ákvað að koma hingað og vonandi getur hann farið með okkur upp.“**

**- esá**



**21 ÁRS** Þrátt fyrir ungan aldur verður hollenska félagið það fimmta hjá Guðlaugi á sex árum. NORDICPHOTOS/GETTY

Guðlaugur til Hollands:

## Enn ein vistaskipti Guðlaugs

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson verður í láni hjá NEC Nijmegen út leiktíðina. Guðlaugur, sem er samningsbundinn bandaríska liðinu New York Red Bulls, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Forráðamenn félagsins sáu mig með U21-landsliðinu í leiknum gegn Noregi í júní. Þeir höfðu samband eftir það og vildu kaupa mig en New York vildi ekki selja,“ segir Guðlaugur Victor sem reiknar með að verða í hlutverki varnarsinnaðs miðjumanns hjá NEC Mijmegen.

„Eftir að við keyptum Tim Cahill fór mínútunum að fækka svo umboðsmaðurinn minn og ég spurðum hvort það væri ekki sniðugt að ég færi á láni,“ segir Guðlaugur sem mun gangast undir læknisskoðun hjá hollenska liðinu í dag.

**- ktd**

Aron Jóhannsson skoraði fernu fyrir AGF í gær, þar af þrennu á tæpum fjórum mínútum, og bætti tvö met:

# Aron sló markamet Ebbe Sand í Danmörku

**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson skráði nafn sitt í sögubækurnar í gær þegar hann skoraði öll fjögur mörk sinna manna í AGF í 4-1 útisigri á Horsens í dönsku úrvalsdeildinni í gær.

Fyrstu þrjú mörkin skoraði hann á þremur mínútum og 50 sekúndum og bætti hann þar með fimmtán ára gamalt met Ebbe Sand sem hafði skorað þrennu á fjórum mínútum og tveimur sekúndum í úrvalsdeildarleik árið 1997.

En Aron var þar með ekki hættur. Hann bætti fjórða markinu við úr vítaspyrnu í upphafi síðari hálfleiks. Það kom sextán mínútum eftir fyrsta markið og er það einnig met í sögu dönsku deildarinnar.

„Þetta var ekki amalegt,“ sagði Aron í léttum dúr við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. „Ef ég á reyndar að segja alveg satt þá fattaði ég ekki að þessi þrjú mörk komu með svona skömmu millibili. Ég hélt að þetta hefði komið á 10-15 mínútna kafla. Ég fékk svo að vita þetta eftir leikinn og var ég auðvitað glaður við að heyra það,“ bætti hann við.

Hann var svo tekinn af velli á 68. mínútu og neitar Aron því ekki að það hefði verið gaman að fá að klára leikinn. „Sigurinn var svo gott sem tryggður og þjálfarinn vildi greinilega hvíla leikmenn,“ sagði Aron, sem hefur verið í byrjunarliði AGF í öllum leikjum tímabilsins. „Ég hef fundið fyrir miklu trausti frá þjálfaranum sem er mjög gott fyrir mig.“

Þetta var annar sigur AGF á tímabilinu og er liðið með átta stig að loknum sjö leikjum.

„Við vissum fyrir leikinn að við þyrftum á sjö stigum að halda. Við spiluðum vel strax frá fyrstu mínútu og fengum þrjú stig. Ég gæti ekki verið ánægðari. Við sýndum í dag að við getum spilað góðan fótbolta.“

**- esá**



**ARON** Vakti mikla athygli í Danmörku í gær.





Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki. Og sigurgangan heldur áfram. Í maí lenti vélin einnig í 1. sæti hjá danska neytendablaðinu Tænk.

**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# dagskrá

## > Popptíví kl. 20.15
### The Secret Circle



***Unglingaþáttaröðin The Secret Circle er á dagskrá Popptíví í kvöld. Hún fjallar um unglingsstúlkuna Cassie Blake sem flutti til ömmu sinnar í smábæ í Washington eftir að hafa misst móður sína. Hún komst fljótt að því að hún er í raun norn og var tekin inn í leynifélag með nokkrum bekkjarfélögum sínum sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.***

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ VILL MIÐSTÝRINGU

# *Löggildum morgunleikfimina*



Þegar ég var lítill gat ég aldrei verið kyrr. Það hefur reyndar ekkert breyst, en svo rammt kvað að því í æsku minni að reglulega braust ég út af leikskólanum á Dalvík. Flóttatilraunir mínar gáfu amerískum stórmyndum ekkert eftir, því út skyldi ég hvað sem tautaði og raulaði.

Fyrstu tilraunina til að beina þessari hreyfiþörf á gagnlegar brautir átti amma mín. Saman hlustuðum við á morgunleikfimina í útvarpinu. Þar kvað við ljúfa píanótóna og Valdimar Örnólfsson leiðbeindi hlustendum um undur líkamlegar hreyfingar. Ekki skildi ég endilega öll þau orð sem brúkuð voru, en æfingarnar stundaði ég af móð, sitjandi sem standandi.

Og enn er morgunleikfimin í gangi. Nú er það Halldóra Björnsdóttir sem liðkar hlustendur til fyrir dagsins önn. Píanóið er á sínum stað.

Stundum sér maður myndir af kínverskum starfsmönnum fyrirtækis eða stofnunar sem saman gera æfingar í upphafi dags. Ég vil að leitt verði í lög að allir skuli gera morgunleikfimina með Gufunni. Samfélagið mundi stöðvast í tíu mínútur og þættinum útvarpað í stórum hátölurum yfir landslýð. Ó, þú miðstýrði draumur!

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bankað upp á **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tríó **19.40** Náttúrupistlar **20.00** Leynifélagið **20.30** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **21.10** Íslendingasögur **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Að apa og skapa **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (6:13) (Army Wives)
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.53 Kafað í djúpin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Í stríð við fitupúkann** (3:8) (Fedt, fup og flæskesteg) Við fylgjum Thomasi Breinholt og vini hans, bílstjóranum Kurt, á ferðalagi þeirra um danska matlandið.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kryddleiðin – Vanilla og saffran** (3:3) (The Spice Trail) Í þessum þætti fræðir Kate Humble áhorfendur um vanillu og saffran.
**20.35 Litbrigði lífsins** (9:10) (Lark Rise to Candleford) Myndaflokkur frá BBC sem segir frá lífinu í sveitaþorpunum Lark Rise og Candleford í Oxfordskíri upp úr 1880.
**21.30 Golfið** Í þættinum kynnumst við golfíþróttinni betur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Brúin** (2:10) (Broen) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Popppunktur** (8:8) (Úrslitaþátturinn) (e)
**00.30 Líf vina vorra** (7:10) (Våra vänners liv) (e)
**01.30 Fréttir og dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.25 The Abyss**
**09.10 Mad Money**
**11.00 When Harry Met Sally**
**12.35 Azur og Asmar**
**14.10 Mad Money**
**16.00 When Harry Met Sally**
**18.00 Azur og Asmar**
**20.00 The Abyss**
**22.45 Scott Pilgrim vs. The World**
**00.35 Hot Tub Time Machine**
**02.15 Tyson**
**04.05 Scott Pilgrim vs. The World**
**06.00 Bourne Supremacy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (132:175)
**10.20 The Wonder Years** (15:24)
**10.50 The Big Bang Theory** (1:23)
**11.20 How I Met Your Mother** (4:24)
**11.45 The Amazing Race** (11:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So you think You Can Dance** (7:23) (8:23)
**15.15 Sjáðu**
**15.45 iCarly** (12:45)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (10:22)
**19.45 Modern Family** (11:24)
**20.05 The Big Bang Theory** (18:24)
**20.30 Mike & Molly** (3:23)
**20.50 How I Met Your Mother** (21:24)
**21.15 Bones** (9:13) Fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan, réttarmeinafræðings.
**22.00 Veep** (2:8) Vandaður bandarískir þættir frá HBO.
**22.30 Weeds** (6:13)
**23.00 2 Broke Girls** (16:24)
**23.25 Up All Night** (4:24)
**23.50 Drop Dead Diva** (12:13)
**00.35 True Blood** (5:12)
**01.30 The Listener** (4:13)
**02.10 Love Bites** (8:8)
**02.50 Hung** (9:10)
**03.20 Bones** (9:13)
**04.05 The Big Bang Theory** (18:24)
**04.25 Mike & Molly** (3:23)
**04.55 How I Met Your Mother** (21:24)
**05.15 Malcolm in the Middle** (10:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**
**14.30 Spænsku mörkin**
**15.00 Pepsi-deild kk: Stjarnan - ÍBV**
**16.50 Pepsi-mörkin**
**18.05 Meistaradeildin: fréttaþáttur**
**18.35 Meistaradeild Evrópu: Panathinaikos - Malaga** BEINT
**20.40 Meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.
**21.00 Tvöfaldur skolli**
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Panathinaikos - Malaga**
**23.30 Meistaramörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 Norwich - QPR**
**16.15 Swansea - West Ham**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Stoke - Arsenal**
**20.50 Liverpool - Man. City**
**22.40 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næst efstu deild enska boltans.
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 Man. Utd. - Fulham**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.05 UKI**
**09.10 Lína langsokkur**
**09.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.00 Elías**
**10.15 Könnuðurinn Dóra**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.30 iCarly** (9:25)
**17.55 Tricky TV** (9:23)

## POPP TÍVÍ

**17:00 Simpson-fjölskyldan**
**17:45 Íslenski listinn**
**18:10 The Middle** (17:24)
**18:30 Glee** (9:22)
**19:15 Evrópski draumurinn** (3:6) Hörkuspennandi og skemmtilegur þáttur um tvö lið sem þeysast um Evrópu þvera og endilanga í kapphlaupi við tímann og freista þess að leysa þrautir og safna stigum. Liðin eru mönnuð þeim Audda og Steinda annars vegar og Sveppa og Pétri Jóhanni hins vegar.
**19:55 Fly Girls** (2:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin Flugfélaginu.
**20:15 The Secret Circle** (2:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20:55 The Vampire Diaries** (2:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21:40 Evrópski draumurinn** (3:6)
**22:15 Fly Girls** (2:8)
**22:35 The Secret Circle** (2:22)
**23:20 The Vampire Diaries** (2:22)
**00:05 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (13:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (7:11)
**20.35 Steindinn okkar** (7:8)
**21.20 Spaugstofan**
**21.45 Louis Theroux: Gambling in Las Vegas** Heimildarmynd þar sem Louie Theroux ferðast til Las Vegas og kynnist fjárhættuspilurum sem leggja allt sitt undir í spilavítum borgarinnar og þeim sem reka slíka staði.
**22.45 Ellen**
**23.30 Spurningabomban** (7:11)
**00.15 Steindinn okkar** (7:8)
**00.40 Doctors** (13:175)
**01.25 Spaugstofan**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Pan Am** (12:14) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Rules of Engagement** (6:15) (e)
**18.40 30 Rock** (1:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (4:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (22:24) (e)
**19.55 Will & Grace** (4:24)
**20.20 America's Next Top Model** (1:13) Fjórtán stúlkur fá tækifæri til að sýna og sanna að þær séu eigi erindi í keppnina hjá Tyru. Kelly Osbourne er gestadómari þáttarins.
**21.10 Design Star** (9:9) Tveir frambærilegir hönnuðir berjast nú um sigurinn og lokaverkefni þeirra er krefjandi.
**22.00 Unforgettable** (19:22)
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 Crash & Burn** (5:13)
**00.15 CSI** (17:22) (e)
**01.05 Teen Wolf** (12:12) (e)
**01.55 Unforgettable** (19:22) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.15** The Barclays - PGA Tour 2012 (1:4) **12.15** Golfing World **13.05** Golfing World **13.55** The Barclays - PGA Tour 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (31:45) **19.45** AT&T National - PGA Tour 2012 (4:4) **00.45** Golfing World **01.35** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Vilt þú læra á listskauta?

**SKAUTAFÉLAGIÐ BJÖRNINN LISTHLAUPADEILD**
er með 14 vikna listskautanámskeið
**1. september – 8. desember 2012**

Skemmtilegar listskautaæfingar fyrir hressar stelpur og káta stráka.
Sér hópur er fyrir unglinga. Frábær æfingaaðstaða í EGILSHÖLL.
Æfingar 2 í viku, á miðvikudögum og laugardögum.

**Skráning á www.bjorninn.com** – Listskautar
eða á staðnum þann 1. september frá kl. 10-14.

**FRÍR PRUFUTÍMI**







Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing

# FORD **FOCUS** Trend **frá 3.450.000 kr.**
# FORD **FOCUS** Titanium **frá 3.740.000 kr.**

Kauptu nýjan Ford Focus Trend eða Titanium í dag. Ford Focus er ríkulega útbúinn og fæst bæði bensín og dísil. Beinskiptur og sjálfskiptur. Lipur og sparneytinn. Með 1,0 lítra 125 hestafla EcoBoost vélinni færðu nýjustu spartækni Ford. Falleg hönnun. Fáanlegur sem skutbíll. Frábær í endursölu. Góð kaup. Kauptu Ford Focus frá 3.450.000 kr. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FOCUS** TREND

FRÁ

**25.848 kr./mán.***

* Ford Focus Trend 5 dyra 1,0 EcoBoost bensín, 125 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.900.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,46%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

## MORGUNMATURINN



*„Það er praktískast að klára það sem ekki kláraðist í kvöldmatnum daginn áður. Það sparar uppvaskið. Svo er flott að fá sér eins og einn Gæðing með. Ég mæli þó ekki með þessu fyrir börnin, þau eiga að fá sér lýsi og hafragraut og helst slátur, best ef það er súrt.“*

Árni Hafstað bjórbóndi.

# Í fótspor Kevin Bacon og Benicio del Toro

„Ég er ótrúlega heppin með hvað ég á mikið af góðum vinum sem eru tilbúnir til að koma og hjálpa mér. Sérstaklega er heppilegt hvað ég á mikið af hæfileikaríkum vinum,“ segir Ólöf Jara Skagfjörð sem heldur kveðjutónleika í kvöld þar sem fjöldi þekktra listamanna kemur fram.

Ólöf Jara flytur til New York í næstu viku þar sem hún hefur leiklistarnám í Circle in the Square Theatre School. Þar fetar hún í fótspor ekki ómerkari manna en Kevins Bacon, Philips Seymour Hoffman og Benicio del Toro, en þeir gengu í þennan sama skóla sem hefur verið starfandi frá árinu 1963 og er í beinu sambandi við leikhús á Broadway. „Þetta er tveggja ára nám og planið er að klára það og sjá svo hvað gerist. Kannski komum við svo bara aftur heim en við höldum öllu opnu,“ segir Ólöf Jara.

Kærastinn hennar, Þórður Gunnar Þorvaldsson, fer einnig í skóla úti og ætlar að læra upptökustjórn og hljóðverkfræði.

Þau Ólöf Jara og Þórður Gunnar ætla að kveðja landann á Gamla Gauknum í kvöld og verður dagskráin ekki af verri endanum. Meðal þeirra sem þenja raddböndin verða þau Heiða Ólafs, Magni, Pétur Örn og Matti Matt og Ævar Þór Benediktsson sér um að kynna liðið til leiks. „Svo verða mamma og pabbi þarna auk þess sem við Gunnar flytjum nokkur lög og hljómsveitin okkar Fönix,“ segir Ólöf Jara en eins og flestir vita er hún dóttir Valgeirs Skagfjörð og Guðrúnar Gunnarsdóttur. „Svo verður bara létt og þægileg stemning þarna og öllum velkomið að koma upp á svið og syngja,“ segir hún og hvetur alla til að kíkja inn, en aðgangseyririnn er litlar 1.000 krónur. **- trs**



**Í FÓTSPOR FRÆGRA** Ólöf Jara hefur leiklistarnám í Circle in the Square Theatre School í New York í næstu viku. Þar fetar hún meðal annars í fótspor Kevins Bacon. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR






**ÁNÆGÐUR** Prisma Media hefur tryggt sér útgáfuréttinn á bók Óttars M. Norðfjörð, Sólkross. MYND/ELO VÁZQUES

**ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ:** GRÍÐARLEG VIÐURKENNING FYRIR MIG

# Frakkar gefa út Sólkross og vilja kvikmynda bókina

„Prisma er risastórt í Frakklandi og þar að auki í eigu Bertelsmann, eins stærsta útgáfurisa heims, svo þetta er gríðarleg viðurkenning fyrir mig og býður upp á mikil tækifæri fyrir bókina, sem og aðrar bækur, en Prisma hefur nú þegar augastað á öðrum titlum eftir mig,“ segir rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð.

Franski fjölmiðlarisinn Prisma Media hefur keypt útgáfuréttinn á Sólkrossi eftir Óttar og fyrirhugar að gefa hana út í marslok á næsta ári, á sama tíma og bókmenntahátíðin í París stendur yfir. Sólkross, sem kom út á Íslandi árið 2008, er sagnfræðileg spennusaga sem sækir í víkingafortíð Íslendinga og er hún fyrsta bók Óttars sem kemur út í Frakklandi. „Ég er þess vegna mjög glaður og spenntur yfir að eignast loksins franska lesendur. Hún kemur út í tengslum við stærstu bókmenntahátíð Frakklands svo það væri draumur að komast þangað.“

### SÓLKROSS Á HVÍTA TJALDIÐ Í FRAKKLANDI

Umræður um að færa Sólkross á hvíta tjaldið í Frakklandi eru hafnar. „Það er einhver áhugi á því. En slíkt er auðvitað mjög flókið og krefst fjármagns. Það leggst auðvitað mjög vel í mig. Það sem heillar Frakkana einkum við bókina er víkingasagnfræðin og að hún gerist að miklu leyti í íslenskri náttúru,“ segir Óttar.

Prisma er næststærsta útgáfufyrirtæki Frakklands á sviði tímarita en annast einnig bókaútgáfu. Í fyrra seldi það 220 milljónir eintaka af tímaritum sínum í Frakklandi. Prisma er í eigu alþjóðlega fjölmiðlaveldisins Bertelsmann. Fyrirtækið ætlar að fara af stað með glæpasagnaseríuna Prisma Noir þar sem kynntar verða fyrir lesendum bækur sem gerast á fjarlægum slóðum og var Sólkross valin til kynningar á Íslandi. Prisma Media hyggst jafnframt búa til sjónvarpsauglýsingu byggða á bókinni þar sem íslensk náttúra fær að njóta sín.

Sólkross hefur komið út í yfir tuttugu löndum. Bókin hefur selst í yfir tíu þúsund eintökum í Þýskalandi, Sviss og Austurríki en hér heima hefur hún selst í nokkur þúsund eintökum.

Í haust er væntanleg ný bók eftir Óttar, draugasagan Spor skugganna, hjá Sögum útgáfu. „Spor skugganna dansar á mörkum spennusögu og draugasögu,“ segir Óttar, spurður út í bókina. „Hún fjallar um unga konu sem hefur misst son sinn en hún neitar að trúa því að hann sé látinn. Þegar hún fer að leita drengsins taka undarlegir hlutir að koma fyrir hana.“

**freyr@frettabladid.is**

# Dansinn of vinsæll til að sleppa



**VINSÆLT EFNI** Dans Dans Dans er aftur á dagskrá Sjónvarpsins.

„Dans Dans Dans mæltist svo vel fyrir í fyrra að við ákváðum að endurskoða ákvörðun okkar um að taka þáttinn af dagskrá,“ segir Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Ríkissjónvarpsins, sem þessa dagana er að leggja lokahönd á haust- og vetrardagskrána.

Athygli vakti er skemmtiþátturinn Dans Dans Dans, sem sýndur var í fyrravetur við góðar undirtektir, var tekinn af vetrardagskránni fyrir nokkru en svo bætt inn aftur. „Við ætluðum að gera þáttinn stærri í umsvifum í ár og þegar við sáum fram á að geta það ekki kom upp sú tillaga að hætta við. Það var svo endurskoðað og þátturinn verður með sama sniði og í fyrra,“ segir Sigrún en fyrsti þátturinn fer í loftið 6. október og þátttakendaprufurnar hefjast í september.

Þættir með Hemma Gunn sem áttu að koma í staðinn fyrir Dans Dans Dans færast því yfir á föstudaga og hefjast 5. október.

Sigrún segir að helgarnar verði fjölskylduvænar hjá RÚV í vetur og einnig að dagskráin í ár beinist meira að ungu kynslóðinni en oft áður. Nýir þættir dagskrárgerðamannsins Andra Freys Viðarssonar, Andri á flandri í Vesturheimi, byrja einnig í byrjun október.

RÚV ætlar einnig að veðja á matreiðsluþætti með meistarakokka á borð við Hrefnu Sætran og Yesmine Olsson í fararbroddi. **- áp**

www.dominos.is sími 58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu
Nánar á dominos.is/app



FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ben Stiller á hjólabretti

Vegfarendur á Miklubraut ráku upp stór augu síðdegis á laugardag þegar leikstjórinn og leikarinn heimsfrægi **Ben Stiller** renndi sér ásamt fríðu föruneyti á hjólabretti eftir gangstéttinni norðan megin götunnar. Brettin voru af lengri gerðinni – þeirri sem á ensku kallast „longboard“ – og hópurinn hafði lagt bílum sínum uppi á grasflötinni í vegkantinum austan við göngubrúna yfir að Kringlunni. Stiller er sem kunnugt er hér á landi til að taka upp myndina The Secret Life of Walter Mitty en gefur sér þó einnig tíma til dægrastyttingar, eins og til dæmis köfunar í Silfru á Þingvöllum.



### Bítlabrúðkaup í Vogue

Fyrirsætan og sálfræðingurinn **Sólveig Káradóttir** sagði frá brúðkaupi þeirra Dhani Harrison, sonar George Harrison, í nýjasta tölublaði breska Vogue. Þar segist hún meðal annars hafa gengið upp að altarinu undir lagi Led Zeppelin, The Rain Song. Þar kemur einnig fram að athöfnin hafi farið fram utandyra á æskuheimili Harrisons, Friar Park, að viðstöddum bæði Paul McCartney og Ringo Starr. Nýbökuðu hjónin héldu svo í brúðkaupsferð til Maldíveyja og Seychelleseyja en áður en þau lögðu í hann gáfu þau sér tíma til að dansa brúðarvalsinn við lag sveitarinnar Beach Boys, Don't Talk (Put Your Head on My Shoulder). Með greininni birtist svo brúðarmynd af Sólveigu og Dhani Harrison sem er tekin af íslenska ljósmyndaranum Sögu Sig.

- sh, áp



### Mest lesið vísir

1. Grábjörn drap og át göngumann
2. Náði í 32 lög af netinu og þarf að greiða 82 milljónir
3. Fráleitt að birta laun fólks
4. Tveir ungir piltar drukknuðu við Skotland
5. Ben Stiller kafaði í Silfru

**Boltinn á Xinu 977**
**– alla virka daga kl. 11 - 12**



# SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **329.900**

**NÝTT**
**BOSS**
HUGO BOSS
home

**SAGA/FREYJA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



**SAGA/FREYJA**
Queen rúm, nú aðeins **129.900**
**ÞÓR** Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

**VALHÖLL**
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **179.900**
Leður hægindastóll **89.900**
Lyftu hægindastóll **159.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**
2x80x200
**339.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**
Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla. Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

Baldursnesi 6



AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal



REYKJAVÍK

*3,5% lántökugjald

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**